

Náttúruvernd og efling byggða



Guðrún Óskarsdóttir, Kristín Ágústsdóttir,
Hlynur Ármannsson og Skarphéðinn G. Þórisson
Unnið fyrir Austurbrú



NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Skýrsla nr: NA-210222

Dags: Desember 2021

Dreifing: Opin

Heiti skýrslu (aðal- og undirtitill):

Náttúruvernd og efling byggða. Lokaskýrsla

Síðufjöldi: 81 án viðauka

Upplag: Aðgengileg á www.na.is

Ljósmyndir á forsíðu: Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir

Fjöldi viðauka: 5

Höfundar: Guðrún Óskarsdóttir, Kristín Ágústsdóttir, Hlynur Ármannsson og Skarphéðinn G. Þórisson

Unnið fyrir: Austurbrú

Útdráttur:

Að beiðni Austurbrúar f.h. Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) tók Náttúrustofa Austurlands að sér verkefnið *Náttúruvernd og efling byggða* sem var hluti af stefnu ríkisstjórnar Katrínar Jakobsdóttur 2017–2021 um sérstakt átak í friðlýsingum, liður C9 í byggðaáætlun. Meginmarkmiðið var að greina tækifæri og hagrænan ávinning af því að friðlýsa náttúruverndarsvæði sem sveitarfélög höfðu tilgreint inn í verkefnið, en höfðu ekki verið friðlýst.

Svæðin sem valin voru af SSA voru útnefnd af sveitarfélögum á Austurlandi í mars 2019; Úthérað á Fljótsdalshéraði, nú í Múlaþingi, Gerpissvæðið í Fjarðabyggð og þrjú aðskilin svæði í fyrrum Djúpavogshreppi (Búlandsnes, Eyfeyjunesvík og Eyfeyjunestangi og Starmýrarteigar í Álftafirði), nú einnig í Múlaþingi. Ekki var verið að leggja til friðlýsingu viðkomandi svæða, heldur skapa umræðu um hagrænan ávinning ef til friðlýsingar kæmi, tækifæri og ógnanir.

Verkefnið skiptist í þrjú hluta; I) val og lýsingu svæðis, II) greiningu hagrænna sviðsmynda og III) sóknarfæri og þróun svæðis. Í verkhluta I var svæðunum, sem eru mismunandi m.t.t. stærðar, aðgengis, innviða, náttúru, fjölda ferðamanna o.fl., lýst. Í verkhluta II voru settar fram fjórar hagrænar sviðsmyndir til að meta möguleg hagræn áhrif svæðanna. Markmiðið var að leggja mat á möguleg hagræn áhrif af mismikilli fjölgun ferðamanna sem gætu sótt þau heim í nánustu framtíð, með eða án uppbyggingar innviða og þeirrar auknu kynningar sem friðlýsing gæti boðið upp á annars vegar og með eða án tilviljanakenndrar fjölgunar ferðamanna hins vegar. Sviðsmyndunum voru gerð skil í verkhluta II. Í verkhluta III var boðað til vinnustofa fyrir hvert svæði fyrir sig, þar sem gæði, sóknarfæri og þróun svæðanna voru til umræðu. Spurningar voru lagðar fyrir þátttakendur og almennar umræður fóru fram. Þeir sem ekki komust á vinnustofur gátu nálgast efnið síðar og komið sínum skoðunum á framfæri. Fram komu ólíkar skoðanir, fjölbreytileg framtíðarsýn og mismunandi tækifæri og ógnanir. Fram kom nokkuð skýr afstaða gegn friðlýsingum á Djúpavogi og Úthéraði, en ekki á Gerpissvæðinu, enda raunverulegt friðlýsingaferli svæðisins á vegum Umhverfisstofnunar komið langt þegar sú vinnustofa var haldin og fyrir lágu skýr mörk þess svæðis.

Meginniðurstöður voru þær að: A) Ferlið var ruglingslegt fyrir almenning sem taldi gjarnan að það væri upphaf friðlýsingarferlis. Ekki hjálpaði til að hluti Gerpissvæðisins og Úthéraðs voru í friðlýsingarferli á sama tíma og verkefnið var unnið. B) Hagsmunaaðilar á þeim svæðum sem tilnefnd voru af sveitarfélögum voru ekki nægjanlega upplýstir um tilnefningar í upphafi. Það er mikilvægt að sveitarfélög tilnefni svæði í samráði við hagsmunaaðila, enda eignarhald flókið á sumum svæðum og utnumhald þess rúmast ekki innan ramma þessa verkefnis. C) Svo virðist sem hagræn áhrif séu ekki meginhvati fyrir þátttakendur að friðlýsa svæði, heldur miklu frekar umhyggja fyrir svæðunum, ýmist með því að vera á móti friðlýsingu í þeirri von að þannig uppgötvist þau síður eða með friðlýsingu í von um markvissa uppbyggingu innviða til að vernda svæðin.

Orð eru til alls fyrst og er það mat okkar að vinnustofur og samtal við íbúa hafi verið mikilvægasta afurð verkefnis.

Lykilorð: Náttúruvernd, efling byggða, byggðaáætlun, C9, hagræn áhrif, Úthérað, Gerpissvæðið, Búlandsnes, Eyfeyjunesvík, Eyfeyjunestangi, Starmýrarteigar, Álftafjörður, Múlaþing, Fjarðabyggð

ISSN nr: (rafræn útgáfa)
2547-7447

Yfirlit: GÁJ

ISBN nr: (rafræn útgáfa)
978-9935-9633-3-8

Efnisyfirlit

Myndaskrá.....	5
Töfluskrá.....	6
1 Inngangur	7
1.1 Tilurð og markmið verkefnis.....	7
1.2 Val á svæðum.....	7
1.3 Skipting í verkhluta	8
1.4 Friðlýsingar	8
1.5 Efnahagspróun og náttúruvernd	9
1.6 Hagræn áhrif friðlýstra svæða	9
2 Aðferðir	10
2.1 Verkluti I – Lýsing svæðanna	10
2.2 Verkluti II – Greining á efnahagslegum áhrifum.....	10
2.3 Verkluti II – Hagrænar sviðsmyndir	12
2.4 Verkluti III – Undirbúningur vinnustofa.....	13
2.5 Verkluti III – Framkvæmd vinnustofa	14
3 Verkluti I – Val og lýsing svæða	16
3.1 Inngangur.....	16
3.2 Úthérað.....	17
3.2.1 Afmörkun.....	17
3.2.2 Eignarhald og ábúð.....	18
3.2.3 Landnotkun.....	19
3.2.4 Verndargildi	20
3.2.5 Ógnanir.....	22
3.2.6 Náttúrufar.....	23
3.2.7 Saga og menning	29
3.2.7.2 Fornminjar og söguslóðir	29
3.2.7.3 Þjóðsögur og kynjaverur	30
3.3 Gerpissvæðið	31
3.3.1 Afmörkun.....	31
3.3.2 Eignarhald.....	32
3.3.3 Verndargildi	32
3.3.4 Ógnanir.....	33
3.3.5 Landnotkun.....	33
3.3.6 Náttúrufar.....	34
3.3.7 Saga og menning	38
3.4 Svæði í Djúpavogshreppi	40
3.4.1 Afmörkun og eignarhald.....	40
3.4.2 Verndargildi	41
3.4.3 Landnotkun og ógnanir	42
3.4.4 Náttúrufar, saga og minjar á svæðum í Djúpavogshreppi	43
3.5 Lokaorð verkhluta I.....	49
4 Verkluti II – Hagrænar sviðsmyndir	49
4.1 Inngangur.....	49
4.2 Úthérað.....	49
4.2.1 Mörk svæðis og tækifæri.....	49

4.2.2	Fjöldi ferðamanna á svæðinu	51
4.2.3	Sviðsmynd 1 – Ekki friðlýsing, engin fjölgun gesta	52
4.2.4	Sviðsmynd 2 – Ekki friðlýsing, fjölgun gesta	52
4.2.5	Sviðsmynd 3 – Friðlýsing, engin fjölgun gesta	52
4.2.6	Sviðsmynd 4 – Friðlýsing, fjölgun gesta	53
4.3	Gerpissvæðið	53
4.3.1	Mörk svæðis og tækifæri	53
4.3.2	Fjöldi ferðamanna á svæðinu	55
4.3.3	Sviðsmynd 1 – Ekki friðlýsing, engin fjölgun gesta	56
4.3.4	Sviðsmynd 2 – Ekki friðlýsing, fjölgun gesta	56
4.3.5	Sviðsmynd 3 – Friðlýsing, engin fjölgun gesta	57
4.3.6	Sviðsmynd 4 – Friðlýsing, fjölgun gesta	57
4.4	Svæði í nágrenni Djúpavogs	57
4.4.1	Mörk svæðis og tækifæri	57
4.4.2	Fjöldi ferðamanna á svæðunum	58
4.4.3	Sviðsmynd 1 – Ekki friðlýsing, engin fjölgun gesta	59
4.4.4	Sviðsmynd 2 – Ekki friðlýsing, fjölgun gesta	59
4.4.5	Sviðsmynd 3 – Friðlýsing, engin fjölgun gesta	60
4.4.6	Sviðsmynd 4 – Friðlýsing, fjölgun gesta	60
4.5	Umræður verkhluta II	60
4.6	Lokaorð verkhluta II	61
5	Verkhluti III – Sóknarfæri og þróun svæðis	61
5.1	Úthérað	61
5.1.1	Spurning 1	62
5.1.2	Spurning 2	62
5.1.3	Spurning 3	63
5.1.4	Spurning 4	63
5.2	Gerpissvæðið	64
5.2.1	Spurning 1	64
5.2.2	Spurning 2	64
5.2.3	Spurning 3	65
5.2.4	Spurning 4	65
5.3	Svæði í nágrenni Djúpavogs	65
5.3.1	Spurning 1	65
5.3.2	Spurning 2	66
5.3.3	Spurning 3	66
5.3.4	Spurning 4	67
5.4	Umræður verkhluta III	67
5.4.1	Lærdómur af vinnustofum	67
5.4.2	Lærdómur af verkefninu	68
5.5	Lokaorð verkhluta III	69
6	Þakkir	69
7	Heimildir	71

Myndaskrá

1. mynd. Sviðsmyndir sem skoðaðar eru í verkefninu.....	12
2. mynd. Þorvarður Árnason flytur erindi sitt, mynd birt með samþykki.....	15
3. mynd. Ingibjörg Marta Bjarnadóttir flytur erindi sitt, mynd birt með samþykki.....	15
4. mynd. Guðrún Óskarsdóttir flytur erindi sitt.....	16
5. mynd. Mörk svæðisins sem er til skoðunar í þessu verkefni. Svæði með gulri skyggingu er í friðlýsingarferli þegar þetta er ritað. ^[37] Jarðir í eigu ríkis og sveitarfélags eru táknuð með brúnum skyggðum flákum. ^[38] Jarðamerki eru frá Fasteignamati ríkisins. ^[39] Þau hafa enga bindandi eða lagalega þýðingu og ekkert gildi hvað afmörkun eignarhalds snertir. ^[40]	18
6. mynd. Horft yfir ysta hluta Úthéraðs, Héraðssandar og ósinn. Húsey fyrir miðju (mynd: Skarphéðinn G. Þórisson).....	19
7. mynd. Afmörkun Úthéraðs skv. tillögum NÍ í B-hluta náttúruminjaskrár (brúnar línur) ásamt svæðum sem þegar eru á náttúruminjaskrá (gulskyggð) en hafa ekki verið friðlýst. Númer gulskyggðra svæða vísa í númer í umfjöllun í texta. ^[4]	21
8. mynd. Tillaga að mörkum friðlýsts svæðis í landi Heyskála, Hrafnabjarga og Unaóss. ^[37] ...	21
9. mynd. Forgangsvistgerðir og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Einnig afmörkun mikilvægra fuglasvæða, landselaláturs, lúpínu og ræktaðs skóglendis. ^[40,42,65,72,73,76,78–81]	24
10. mynd. Til vinstri má sjá dæmi um starungsflóavist við Silungakíl í Húsey við ósa Lagarfljóts á Úthéraði og til hægri má sjá dæmi um runnamýravist á láglandi, við Krókatjörn á Úthéraði (myndir úr Fjölriti Náttúrufræðistofnunar nr. 54). ^[72]	25
11. mynd. Sjaldgæfar plöntur, í nokkurri hættu, sem finna má á Úthéraði, til vinstri má sjá súrsmæru og til hægri ljósalyng (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).....	25
12. mynd. Úthérað er alþjóðlega mikilvægt varpsvæði fyrir m.a. kjóa (t.v.) og grágæs (t.h.) (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).....	26
13. mynd. Við Héraðsflóa er stærsta landselalátur á Austurlandi. Hreindýr sjást reglulega á Úthéraði (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).....	27
14. mynd. Þerribjarg (t.v.) og Dyrfjöllin (t.h.) eru stórkostleg náttúrusmíð sem ramma Úthéraðið inn (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).....	29
15. mynd. Gerpissvæðið eins og það er til umfjöllunar hér. Jarðir í eigu ríkis og sveitarfélags táknuð með brúnum skyggðum flákum (Jarðamerki frá Fasteignamati ríkisins. ^[38–40] Þau hafa enga bindandi eða lagalega þýðingu og ekkert gildi hvað afmörkun eignarhalds snertir.).....	31
16. mynd. Gerpissvæðið séð úr Norðaustri. Horft yfir Norðfjarðarflóa t.h. Inn úr honum gengur nyrst Norðfjörður, svo Hellisfjörður og Viðfjörður. Barðsnes og Hornið skaga fram á miðri mynd. T.v. sést inn í Sandvík (mynd: Skarphéðinn G. Þórisson).....	31
17. mynd. Skáli Ferðafélags Fjarðamanna á Karlsstöðum í Vöðlavík (mynd: Ferðafélag Fjarðamanna ^[118]).....	33
18. mynd. Forgangsvistgerðir eða vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Einnig mikilvæg fuglasvæði, landselalátur, lúpína og ræktað skóglendi. ^[40,42,65,72,73,76,78,79,81]	34
19. mynd. Þær plöntutegundir sem eru á valista og hafa fundist innan Gerpissvæðisins. Frá vinstri til hægri: stinnasef, skógelfting, lyngbúi og sífjarsóley (myndir: Hörður Kristinsson, ^[123] birtar með leyfi).....	36
20. mynd. Gerpír (mynd: Skarphéðinn G. Þórisson).....	36

21. mynd. Upplifun ferðamanna á víðerni (klippt úr rannsókn á viðhorfi og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálandi Íslands ^[133]).	38
22. mynd. Svæði sem Djúpavogshreppur lagði til að yrðu friðuð. T.v. nr 1, Búlandsnes og nr. 2, Eyfreyjunestangi og Eyfreyjunesvík. T.h. nr. 3, Álftafjörður. Kortin eru klippt úr tillögum Djúpavogshrepps (viðauki 3).	41
23. mynd. Flórgoði (t.v.) og lómur (t.h.) eru meðal fuglategunda sem verpa við vötnin á Búlandsnesi (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).	44
24. mynd. Sjávarfitjungsvist við Starmýri í Álftafirði (t.v.) og skeraleira í Álftafirði (t.h.), báðar flokkaðar sem forgangsvistgerðir hér við land (myndir úr Fjölriti Náttúrufræðistofnunar nr. 54 ^[72]).	46
25. mynd. Álf (t.v.) og jaðrakan (t.h.) eru fuglategundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum í Álftafirði og eru einnig báðar forgangstegundir hér á landi (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).	46
26. mynd. Mörk svæðisins sem hér er til umfjöllunar, auk tillögu NÍ af mörkum svæðis á B-hluta náttúruminjaskrár. ^[58] Einnig eru sýnd svæði á C-hluta náttúruminjaskrár ^[4,169] auk svæðis sem þegar í friðlýsingarferli þegar þetta er ritað. ^[168] Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá Landmælingum Íslands (LMÍ). ^[170]	50
27. mynd. Nærumhverfi svæðisins sem hér er til umfjöllunar skv. skilgreiningu MGM2 líkansins í þessu verkefni (50 km radíus). Einnig eru sýnd dæmi um 50 km fjarlægð frá útjaðri svæðis eftir vegum. Hafa skal í huga að skilgreining á nágrenni svæðis hér er aðeins til viðmiðunar og nágrenni svæðis getur verið stærra eða minna eftir atvikum. Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá LMÍ. ^[170]	51
28. mynd. Mörk svæðisins sem hér er til umfjöllunar (viðauki 2), auk svæðis sem áform eru um að friðlýsa. ^[179] Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá LMÍ. ^[170]	54
29. mynd. Nærumhverfi svæðisins sem hér er til umfjöllunar skv. skilgreiningu MGM2 líkansins í þessu verkefni (50 km radíus). Einnig eru sýnd dæmi um 50 km fjarlægð frá útjaðri svæðis eftir vegum. Hafa skal í huga að skilgreining á nágrenni svæðis hér er aðeins til viðmiðunar og nágrenni svæðis getur verið stærra eða minna eftir atvikum. Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá LMÍ. ^[170]	55
30. mynd. Svæðin sem hér eru til umfjöllunar og nærumhverfi þeirra skv. skilgreiningu MGM2 líkansins í þessu verkefni (50 km radíus). Búlandsnes nr. 1, Eyfreyjunestangi og Eyfreyjunesvík nr. 2 og Álftafjörður nr. 3. Einnig eru sýnd dæmi um 50 km fjarlægð frá útjaðri svæðis eftir vegum. Hafa skal í huga að skilgreining á nágrenni svæðis hér er aðeins til viðmiðunar og nágrenni svæðis getur verið stærra eða minna eftir atvikum. Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá LMÍ. ^[170]	58

Töfluskrá

Tafla 1. Hagræn áhrif og fjöldi starfa sem skapast miðað við mismunandi fjölda ferðamanna út frá almenna MGM2 líkaninu frá Jukka Siltanen sem notað er í þessu verkefni. ^[27] Hagræn áhrif og fjöldi starfa miðað við sama ferðamannafjölda í Laka og við Hvítserk eru gefin upp til hægrí. ^[21]	11
---	----

1 Inngangur

1.1 Tilurð og markmið verkefnis

Þann 11. júní 2018 var þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 samþykkt á Alþingi. Í aðgerðaáætlun byggðaáætlunar er kveðið á um náttúruvernd og eflingu byggða (liður C.9) sem er hluti af stefnu ríkisstjórnarinnar um sérstakt átak í friðlýsingum. Markmiðið með þessu verkefni er að náttúruvernd stuðli að eflingu byggða^[1] og í því felst að greina tækifæri og ávinning í héraði af nýtingu náttúruverndarsvæða, til dæmis með náttúrutengdri ferðaþjónustu. Árangurinn er m.a. mældur í fjölda fyrirtækja í náttúrutengdri ferðaþjónustu innan landshluta og mati á þeim tekjum sem hljóttast af rekstri friðlýstra svæða. Verkefnið er á ábyrgð Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins (UAR), framkvæmdaraðilar eru Landshlutasamtök sveitarfélaga og tímabil verkefnisins er 2018–2022.

Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) undirritaði samningi við UAR um verkefnið í apríl 2019, fyrst landshlutasamtaka.^[2] Haustið 2019 óskaði Austurbrú eftir því, f.h. SSA, að Náttúrustofa Austurlands (NA) ynni verkefnið og hófst sú vinna í nóvember 2019. Náttúrustofu Suðausturlands var á svipuðum tíma falið að vinna eins verkefni fyrir Samtök sunnlenskra sveitarfélaga (SASS) og því var ákveðið að stofna sameiginlegt fagråd fyrir bæði verkefnin. Það var stofnað í lok árs 2019 og í því sátu Guðrún Á. Jónsdóttir, sérfræðingur hjá Austurbrú fh. SSA (formaður), Þórður Freyr Sigurðsson, þróunarstjóri hjá SASS (varaformaður), Unnur Birna Karlsdóttir, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Egilsstöðum, Þorvarður Árnason, Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn, Anna Lea Gestsdóttir, fulltrúi frá Byggðastofnun og Björn Helgi Barkarson, fulltrúi frá Umhverfisráðuneytinu. Samkvæmt fundargerð fyrsta fundar fagráðsins þann 11. desember 2019 var hlutverk þess að tryggja upplýsingaflæði og vera bakland sem hægt væri að leita til hvað varðar upplýsingar og greiningar sem gætu nýst í verkefninu. Jafnframt var þess vænst að fagráðið myndi stuðla að samræmingu og miðla reynslu, m.a. til annarra landshlutasamtaka.

Meginmarkmið verkefnisins var að greina hagræn áhrif af friðlýsingu á byggðir. Í verkefninu fólst að greina tækifæri og hagrænan ávinning af nýtingu náttúruverndarsvæða, til dæmis með náttúrutengdri ferðaþjónustu. Í verkefninu var unnið með svæði sem ekki voru friðlýst og í því var ekki verið að leggja til friðlýsingu viðkomandi svæða heldur miðaði það að því að kanna möguleg hagræn áhrif ef til friðlýsingar kæmi.

1.2 Val á svæðum

Austurbrú, f.h. SSA, óskaði eftir tilnefningum frá sveitarfélögum eystra í mars 2019. Þrjár tillögur bárust: Úthérað frá Fljótsdalshéraði, nú Múlaþingi, Gerpissvæðið frá Fjarðabyggð og þrjú aðskilin svæði í fyrrum Djúpavogshreppi (Búlandsnes, Eyfeyjunesvík og Eyfeyjunes-tangi og Starmýrarteigar í Álftafirði), nú einnig í Múlaþingi (viðaukar 1–3). Tillögurnar voru sendar áfram til UAR og hlutu allar samþykki.

Þeir fjármunir sem veittir voru í verkefnið miðuðu við að eitt svæði væri tekið fyrir. En vilji var innan SSA að skoða allar tilnefningarnar þrjár sem hlutu samþykki hjá UAR. Samkvæmt verksamningi NA við SSA átti þó ekki að vera eins mikil áhersla á svæðin á Djúpavogi.

Þessi svæði hafa flest verið skilgreind sem verndarsvæði, að hluta eða öllu leyti. Úthérað og Álftafjörður eru inni í tillögum Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) á B-hluta náttúruminjaskrár 2018.^[3] B-hluti er framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár þ.e. skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu

fimm árum. C-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir náttúruminjar sem ástæða þykir til að friðlýsa eða friða en eru ekki í forgangi og nokkur minni svæði innan Úthéraðs eru á þeim lista, eins og Hjaltastaðabínghá og Hjaltastaðaásar, Húsey og Eylendið í Jökulsárhlíð.^[4] Þegar Úthérað var valið til verkefnisins voru Stóruð og Hrafnabjörg einnig á C-hluta náttúruminjaskrár, en svæði norðan Dyrfjalla, auk Unaóss og Heyskála, var friðlýst sem landslagsverndarsvæði þann 2. júlí 2021 ásamt því sem Stóruð var friðlýst sem náttúruvætti.^[5] Þegar Gerpissvæðið var valið í verkefnið var það líka inni í C-hluta náttúruminjaskrár. Í dag er hluti þess landslagsverndarsvæði en hluti þess stendur utan friðlýsingar.^[6]

1.3 Skipting í verkhluta

Verkefnið skiptist í þrjá verkhluta; val og lýsing á náttúruverndarsvæði (I), greining hagrænna sviðsmynda (II) og sóknarfæri og þróun svæðis (III).

Verkhlyta I lauk með áfangaskýrslu sem kom út í júlí 2020.^[7] Hlynur Ármannsson og Skarphéðinn G. Þórisson voru meðhöfundar að þeirri skýrslu en komu ekki að öðrum verkhlutum. Þar var fjallað um svæðin sem valin voru til verkefnisins auk þess sem forsögu verkefnisins og vali á svæðum voru gerð skil (sjá kafla 3: *Verkhlyti I – Val og lýsing svæða*). Athugið að eftir að áfangaskýrsla verkhluta I kom út hefur orðið sú breyting að bæði hluti Úthéraðs og Gerpissvæðið hafa verið friðlýst og því eru sumar upplýsingar þar úreltar.

Verkhlyta II lauk með áfangaskýrslu sem kom út í febrúar 2021.^[8] Guðrún Óskarsdóttir og Kristín Ágústsdóttir voru höfundar þeirrar skýrslu og unnu einnig verkhluta III. Í verkhluta II var gerð greining á mögulegum hagrænum áhrifum þessara svæða (sjá kafla 4: *Verkhlyti II – Hagrænar sviðsmyndir*). Núverandi árlegur fjöldi ferðafólks var áætlaður á hverju svæði og út frá því voru reiknaðar fjórar sviðsmyndir fyrir hvert svæði. Sviðsmyndirnar gerðu annars vegar ráð fyrir að svæðið héldist ófriðlýst eða yrði friðlýst og hins vegar ráð fyrir engri fjölgun ferðafólks eða 10–15% fjölgun á ári í 10 ár.

Hér eru teknar saman áfangaskýrslur úr verkhlutum I og II (sjá kafla 3 og 4) auk þess sem gerð er grein fyrir verkhluta III. Í verkhluta III voru niðurstöður hagrænu greininganna úr verkhluta II kynntar á vinnustofum sem haldnar voru í maí 2021. Í öllum tilvikum var vilji til að freista þess að halda vinnustofurnar á snertifundi og tafðist verkhluti III því nokkuð vegna Covid-19 faraldursins. Eftir nokkra mánaða bið var vikið frá áætlunum um snertifundi og vinnustofurnar haldnar rafrænt. Á þeim voru hagrænu sviðsmyndirnar ræddar og þátttakendur hvattir til að deila sinni framtíðarsýn fyrir svæðin; mögulegum tækifærum og ógnunum sem fælust í nýtingu og umsjón svæðanna að þeirra mati, yrðu þau friðlýst eða núverandi fyrirkomulagi haldið óbreyttu. Hér verður niðurstöðum vinnustofanna gerð skil (sjá kafla 5: *Verkhlyti III – Sóknarfæri og þróun svæðis*) og með þessari skýrslu lýkur verkhluta III og þar með verkefninu í heild sinni.

1.4 Friðlýsingar

Friðlýst svæði geta verið margs konar og friðlýsingar komið til af mismunandi ástæðum, en í grunninn eru svæði friðlýst vegna einhvers sem vert er að vernda, t.d. vegna ákveðinna búsvæða, lífvera, náttúruminja, útivistarsvæða o.s.frv. Tillögur að friðlýsingum geta komið til vegna tillagna í framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár (B-hluta), áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, landeigendum, sveitastjórnnum, stofnunum o.s.frv.^[9]

Umhverfisstofnun (UST) hefur umsjón með friðlýsingum og vinnur samkvæmt lögum um náttúruvernd sem tóku gildi 2015.^[10] Stjórn friðlýstra svæða er mismunandi eftir atvikum og friðlýsingarflokkum og auk UST geta sveitarfélög komið þar að, sem og samstarfshópar sem landeigendur eiga setu í. Í dag eru níu friðlýsingaflokkar á Íslandi sem taka allir mið af flokkunarkerfi Alþjóðanáttúruverndarsamtakanna (IUCN). Dæmi um friðlýsingarflokka eru t.d. *fólkvangar*, *friðlýst svæði* og *þjóðgarðar*, sem eru nokkuð algengir og vel þekktir friðlýsingaflokkar á Íslandi, en einnig sjaldgæfari friðlýsingarflokkar eins og t.d. *náttúruvé*, þar sem markmiðið er að standa vörð um náttúrulegt ástand svæðisins (t.d. Surtsey) og *landslagsverndarsvæði*, til verndunar fagurfræðilegs eða menningarlegs gildis svæðis (t.d. hluti Þjórsárdals).^[11]

Þetta verkefni tók ekki til þess hvers konar friðlýsing hentaði á svæðunum sem til umfjöllunar voru, né heldur var tekin ákvörðun um hvort ætti að vernda þau, heldur var fyrst og fremst verið að skoða möguleg hagræn áhrif af friðlýsingu svæðanna.

1.5 Efnahagsþróun og náttúruvernd

Ferðaþjónusta er mjög mikilvæg atvinnugrein á Íslandi, en útflutningstekjur vegna ferðaþjónustu hafa frá árinu 2014 verið meiri en tekjur sjávarafurða annars vegar og iðnaðarvara hins vegar.^[12] Mikill vöxtur hefur verið í ferðaþjónustu undanfarinn áratug. Árin 2000–2007 var hlutfall ferðaþjónustu af heildargjaldeyrstekjum að meðaltali 18% en árin 2017 og 2018 var hlutfallið 42% og 39%.^[13,14] Ferðaþjónusta skapar mikilvæg tækifæri til uppbyggingar atvinnu, bæði í þéttbýli og í dreifbýli. Þó flestir erlendir ferðamenn gisti á höfuðborgarsvæðinu, þá dreifast þeir víða um landið. Þannig heimsóttu 81% ferðamanna Suðurland, 38% Austurland, 42% Norðurland, 16% Vestfirði og 57% Vesturland sumarið 2019.^[15]

Langflestir ferðamanna sem ferðast til Íslands koma til að skoða náttúru landsins eða einstök náttúrufrýrbæri. Í könnun sem gerð var á árunum 2017–2018 nefndu 92% þeirra náttúruna sem ástæðu heimsóknar.^[12] Meðal náttúrufrýrbæra sem fólk kom hingað til lands til að sjá voru norðurljósín (45%) og ósnortin náttúra (44%) vinsælust.

Þessar tölur benda til að hagsmunir náttúruverndar hvers konar, þar sem markmiðið er að vernda og viðhalda ósnortinni náttúru og uppbyggingar í atvinnu geta farið saman. Þó tilgangur friðlýsingar sé ekki endilega alltaf að auka ferðaþjónustu hafa rannsóknir sýnt að aðdráttarafli svæða eykst við verndun þeirra,^[16,17] enda gefur hún í skyn að þar sé eitthvað að finna sem vert er að vernda, sem verður til þess að vekja athygli á svæðinu. Meðal mismunandi flokka friðlýsinga hafa þjóðgarðar mesta aðdráttaraflið fyrir ferðamenn,^[17] enda er eitt hlutverka þeirra að gera sérstaka náttúru aðgengilega fyrir almenning.^[18]

1.6 Hagræn áhrif friðlýstra svæða

Hagræn áhrif friðlýstra svæða hafa verið greind víðsvegar um heim sl. ár. Í Bandaríkjunum var þróað svokallað MGM líkan (*Money Generation Model*)^[19] sem hefur verið mikið notað til að greina hagræn áhrif friðlýstra svæða.^[20–24] Í MGM líkaninu eru útgjöld hvers ferðamanns margfölduð með fjölda ferðamanna og ákveðnum margfaldara sem þróaður er fyrir aðstæður á hverju svæði. Úr líkaninu má svo lesa efnahagsleg áhrif ferðamannanna í næsta nágrenni viðkomandi svæðis (áhrifasvæði), sem getur haft breytilega skilgreiningu. Áhrifasvæði getur t.d. verið lítið ef það er nálægt fjölmennri borg, eða stærra ef t.d. um er að ræða hópferðir um friðlýsta svæðið sem hefjast fjarri því.^[21] Endurbætt, nákvæmari útgáfa af líkaninu (MGM2),^[25] hefur t.d. verið notuð í Finnlandi þar sem í ljós hefur komið að fyrir

hverja evru sem varið er til þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða skila að meðaltali 10 evrur sér til baka til svæðanna.^[23]

MGM2 líkanið hefur nýlega verið notað til greiningar á efnahagslegum áhrifum nokkurra svæða héraendis (Snæfellsjökull, Ásbyrgi, Laki, Skaftafell, Þingvellir, Dynjandi, Hraunfossar, Landmannalaugar, Mývatn, Hengifoss, Hvítserkur, Þórsmörk og Hafnarhólmi).^[20-22] Jukka Siltanen, umhverfis- og auðlindasérfræðingur, vann greiningarnar sem flestar voru gerðar fyrir Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. Samanlögð efnahagsleg áhrif svæðanna (að Hafnarhólma undanskildum sem unninn var sér) var um 10 milljarðar kr. í nærumhverfi svæðanna og 33,5 milljarðar á landsvísu. Meðalhluftfall efnahagslegra áhrifa á móti kostnaði við svæðin var 23:1 og hlutfall beinna skatttekna á móti kostnaði ríkis var 8:1, sem þýðir að svæðin myndu vera efnahagslega sjálfbær jafnvel þó ríkið myndi verja talsvert meira fé í þau.^[21] Í samskonar greiningu sem unnin var fyrir Hafnarhólma í Borgarfirði eystri kom í ljós að á tímabilinu 1. maí til 30. september 2019 heimsóttu 46.810 Hafnarhólma, sem reiknað var að skilaði 11 hlutastörfum, mestmegnis í gistiþjónustu og veitingasölu, 62 milljónum í staðbundinni beinni sölu, 24 milljónum í tekjur og 36 milljónum í virðisauka fyrirtækja á áhrifsvæðinu, sem skilgreint var sem Borgarfjörður Eystri og allra næsta nágrenni.^[22]

2 Aðferðir

2.1 Verkhloti I – Lýsing svæðanna

Verkhloti I gekk út á að velja svæði til að taka fyrir í verkefninu, safna sem mestum upplýsingum um það/þau, með áherslu á náttúrufar og gera grein fyrir þeim upplýsingum (sjá kafla 3: *Verkhloti I – Val og lýsing svæða*). Þegar Náttúrustofan var ráðin til að sinna verkefninu var þeim verkþætti að hluta til þegar lokið og búið að velja þau þrjú svæði sem hér er fjallað um. Því var aðeins um heimildavinnu að ræða í þessum verkhlotum þar sem svæðunum var lýst m.t.t. vistgerða og gróðurs á svæðunum, dýralífs og jarðfræði, en einnig að einhverju marki sögu og menningu, landnotkunar, eignarhalds og verndargildis.

Verkhloti I lauk með birtingu áfangaskýrslu í júlí 2020.^[7] Nánast óbreytt afrit af þeirri skýrslu má sjá hér í kafla 3.

2.2 Verkhloti II – Greining á efnahagslegum áhrifum

Verkhloti II gekk út á að greina möguleg efnahagsleg áhrif svæðanna og setja fram sviðsmyndir um möguleg áhrif til næstu tíu ára, miðað við mismunandi þróun í fjölda ferðamanna (sjá kafla 4: *Verkhloti II – Hagrænar sviðsmyndir*). Í rannsóknum Siltanen á efnahagslegum áhrifum svæðanna sem nefnd voru í kafla 1.6: *Hagræn áhrif friðlýstra svæða* hér ofar var nákvæmra upplýsinga aflað um fjölda ferðamanna, dvöl þeirra og magn og eðli útgjalda innan hvers svæðis og í nágrenni þess.^[20-22] Svo nákvæm greining einstakra svæða var utan ramma þessa verkefnis og því höfðum við ekki þau gögn, sem nauðsynleg voru til notkunar MGM2 líkansins við útreikning á efnahagslegum áhrifum svæðanna. Auk þess höfðu svæðin ekki enn verið friðlýst og fjöldi og útgjöld ferðamanna voru óþekkt. Því var farin sú leið að nota einfaldað MGM2 líkan sem Siltanen þróaði sérstaklega fyrir þetta verkefni, þar sem notuð voru meðaltöl fyrir hinn almenna ferðamann miðað við rannsókn hans frá 2018.^[21] Efnahagsleg áhrif svæðis fyrir mismunandi fjölda ferðamanna samkvæmt þessu líkani má sjá í töflu 1, sem styðst við töflu í skýrslu Náttúrustofu Suðausturlands sem vann sams konar verkefni og unnið var hér.^[26]

Í töflu 1 eru gefin upp bein áhrif svæðis á nærumhverfi sitt, en undir nærumhverfi í þessu verkefni fellur allt land í 50 km radíus í loftlínu frá útmörkum viðkomandi svæðis, til samræmis við rannsókn Jukka Siltanen um áhrif friðlýstra svæða á framleiðslu og atvinnu í næsta umhverfi.^[21] Hafa skal í huga að ýmis afleidd hagræn áhrif geta einnig verið af eyðslu ferðamanna, en þau var þó ekki hægt að meta í þessu tilviki og var því sleppt hér. Líkanið reiknar hagræn áhrif í bandarískum dollurum og tölurnar í töflunni miða við miðgengi Seðlabanka Íslands fyrir árið 2019 (meðatal, 123 kr.). Ákveðið var að styðjast við það gengi til að útiloka gengisáhrif af Covid-19 faraldrinum. Störfin sem skapast skv. líkaninu geta verið heilsársstörf og/eða hlutastörf.

Til að draga fram möguleg ólík hagræn áhrif fyrir svæðin þrjú sem eru til umfjöllunar í þessu verkefni, sem eru nokkuð mismunandi t.d. hvað varðar aðgengi, eru einnig settar fram tölur úr tveimur öðrum líkönum sem Siltanen þróaði í sínu rannsóknarverkefni fyrir einstök svæði á Íslandi (Tafla 1).^[21] Annað líkanið er fyrir Laka, þar sem efnahagsleg áhrif miðað við gesta-fjölda voru mikil vegna þess hve svæðið er afskekkt og illfært fyrir venjulega fólksbíla, sem er nokkuð í takt við aðstæður á Gerpissvæðinu. Því fór stór hluti ferðamanna sem rætt var við í rannsókn Siltanen þangað í hóp- og dagsferðum frá t.d. Kirkjubæjarklaustri, sem olli því að meðaleyðsla á hvern ferðamann var há.^[21] Hitt líkanið er fyrir Hvítserk, þar sem efnahagsleg áhrif miðað við gestafjölda voru mun lægri en fyrir Laka, enda svæðið mun aðgengilegra en Laki og fólk eyddi þar styttri tíma að meðaltali en í Laka. Þar munaði einnig um að mun hærra hlutfall þeirra sem fóru að Hvítserk voru þar í óskipulagðri heimsókn en þeirra sem fóru í Laka.^[21] Hugsanlega er það líkan meira í takt við aðstæður í kringum Djúpavog, en óskipulagðar ferðir hafa áhrif á líkanið þar sem öll hagræn áhrif af óskipulögðum ferðum eru ekki tekin með í útreikningum, enda erfitt að gera ráð fyrir þeim. Bæði Laki og Hvítserkur voru í flestum tilvikum eitt af tveimur eða fleiri svæðum á dagskrá ferðamanna, Laki var þó mun gjarnar eini- eða aðaláfangastaður ferðarinnar en Hvítserkur. Það hefur einnig áhrif á líkanið þar sem öll efnahagsleg áhrif af heimsóknum á önnur svæði eru útilokuð.^[21] Úthérað gæti svo mögulega raðast einhvers staðar á milli Laka og Hvítserks, þar sem svæðið er nokkuð úr alfaraleið en þó vel aðgengilegt og vinsælt meðal gönguhópa, auk þess sem talsverður fjöldi ferðafólks fer þar í gegn á hverju sumri á leið í Hafnarhólma.^[22]

Tafla 1. Haggræn áhrif og fjöldi starfa sem skapast miðað við mismunandi fjölda ferðamanna út frá almenna MGM2 líkaninu frá Jukka Siltanen sem notað er í þessu verkefni.^[27] Haggræn áhrif og fjöldi starfa miðað við sama ferðamannafjölda í Laka og við Hvítserk eru gefin upp til hægri.^[21]

Fjöldi gesta	Hagræn áhrif (kr.)	Störf	Áhrif/störf Laki	Áhrif/störf Hvítserkur
500	435.000	0	2.967.000 / 1	325.000 / 0
1.000	871.000	0	5.933.000 / 2	650.000 / 0
2.500	2.176.000	1	14.833.000 / 5	1.626.000 / 1
5.000	4.353.000	1	29.666.000 / 10	3.252.000 / 1
10.000	8.705.000	3	59.332.000 / 20	6.504.000 / 2
25.000	21.764.000	7	148.331.000 / 49	16.260.000 / 5
50.000	43.527.000	13	296.661.000 / 98	32.521.000 / 11
100.000	87.055.000	26	593.322.000 / 196	65.041.000 / 21
250.000	217.637.000	66	1.483.306.000 / 491	162.604.000 / 53
500.000	435.274.000	132	2.966.611.000 / 982	325.207.000 / 107

Í raun var meðaldagseyðsla á hvern ferðamann í nágrenni svæðis talsvert hærri í Laka en á öllum hinum svæðunum sem skoðuð voru í rannsókn Siltanen.^[21] Því er ekki að undra að hagræn áhrif skv. líkaninu sem notað er hér eru mun svipaðri Hvítserk en Laka (Tafla 1). Á

vissan hátt er Laki því hálfgerður útlagi og ekki gott að nota það svæði til samanburðar við svæðin sem tekin eru fyrir hér, en að hafa Laka með í töflu 1 sýnir okkur þó hvað hagræn áhrif geta orðið mikil ef svæðin eru eftirsóknarverð þrátt fyrir lélegt aðgengi. Hugsanlega gætu aðstæður við Laka svipað að einhverju leyti til Gerpissvæðisins þar sem aðgengi er fyrst og fremst á fjórhjóladrifsbílum og með bátum, en til þess að ferðamenn séu viljugir að borga stórar upphæðir til að komast á ákveðin svæði þurfa þau að vera vel þekkt og eftirsóknarverð. Þegar þetta er skrifað er Gerpissvæðið því ekki alveg samanburðarhæft við Laka, vegna minni eftirspurnar eftir ferðum þangað en í Laka.

2.3 Verkluti II – Hagrænar sviðsmyndir

Til að meta möguleg hagræn áhrif svæðanna þriggja sem hér eru til umfjöllunar voru settar fram fjórar hagrænar sviðsmyndir fyrir hvert svæði. Markmiðið var að leggja mat á möguleg hagræn áhrif af mismikilli fjölgun ferðamanna sem gætu sótt þau heim í nánustu framtíð, með eða án uppbyggingar innviða og þeirrar auknu kynningar sem friðlýsing gæti boðið upp á annars vegar og með eða án tilviljanakenndrar fjölgunar ferðamanna hins vegar.

Við framsetningu hagrænna sviðsmynda var horft 10 ár fram í tímann. Sviðsmyndirnar sem unnið var með eru að fyrirmynd Náttúrustofu Suðausturlands sem tóku þátt í sama verkefni fyrir Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi (1. mynd).^[26]



1. mynd. Sviðsmyndir sem skoðaðar eru í verkefninu.

Sviðsmynd 1 gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi, þ.e. viðkomandi svæði verður ekki friðlýst og fjölgun gesta verður engin eða óveruleg næstu 10 árin. Efnahagsleg áhrif svæðisins standa því í stað.

Sviðsmynd 2 fjallar um hin svokölluðu „Bieber-áhrif“, en þau vísa til mikillar og skyndilegrar aukningar vinsælda Fjaðrárgljúfra í Skaftafellssýslu sem viðkomustaðar ferðamanna. Sviðsmyndin felur í sér að svæðið fái óvænta kynningu sem laðar að sér stóraukinn fjölda ferðafólks. Í þessari sviðsmynd helst svæðið samt sem áður ófriðlýst og engin skipulögð innviðauppbygging mun eiga sér stað til að bregðast við fjölguninni. Líklegt er að ýmsir sjái sér leik á

borði þannig að framboð á gistingu, skipulögðum ferðum o.fl. í þeim dúr muni aukast með aukinni eftirspurn. Efnahagsleg áhrif geta því aukist umtalsvert.

Í þessari sviðsmynd er hins vegar hætt á því að fjölgun ferðamanna leiði hratt til hnignunar náttúru á álagssvæðum og að aðgerðir sem grípa þarf til, til þess að vernda land fyrir auknum ágangi, gætu falið í sér kostnað fyrir landeigendur og sveitarfélag. Þar sem vel tekst að stýra gestum og sjá til þess að tekjur frá heimsókn þeirra verði eftir á svæðinu, geta þær tekið þátt í að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu, en þar sem það er ekki mögulegt getur náttúra fljótt látið á sjá.

Á Austurlandi höfum við raunverulegt dæmi um þessa sviðsmynd þegar vinsældir Stuðlagils jukust mikið og skyndilega. Svæðið hefur verulega látið á sjá og öryggi fólks er ekki tryggt, en það undirstrikar mikilvægi nauðsynlegrar uppbyggingar innviða í takt við aukinn fjölda ferðamanna.^[28] Eins og er, er slíkt á höndum landeigenda/sveitarfélags að fjármagna. Kæmi til friðlýsingar myndi ríkið líklega koma að þeirri uppbyggingu/vernd, sbr. Fjaðrárgljúfur, en aðkoma ríkis er þó mismunandi milli friðlýsingarflokka.

Sviðsmynd 3 gerir ráð fyrir friðlýsingu þar sem áherslan er á verndun náttúru fyrst og fremst, frekar en á hagræna möguleika svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir auknum fjölda gesta í kjölfarið og efnahagsleg áhrif standa í stað, líkt og í sviðsmynd 1. Friðlýsing svæðis getur leitt til þess að gestum þess fjölgi með tilheyrandi hagrænum áhrifum, þó ekki hafi verið stefnt að því til að byrja með, enda bendir friðlýsing svæðis til þess að þar sé eitthvað sérstakt að finna, sem óumflýjanlega vekur forvitni fólks. Hér verður þó ekki horft til slíkra mögulegra áhrifa.

Sviðsmynd 4 fjallar um möguleg hagræn áhrif friðlýsingar þar sem áherslan er á vernd, kynningu og stýringu svæðis m.t.t. aukins fjölda gesta og markvissa uppbyggingu innviða til að vernda álagssvæði. Hér, líkt og í öðrum sviðsmyndum, eru efnahagsleg áhrif samkvæmt líkaninu sem unnið er með, háð fjölda gesta og þess vegna háð því hversu þekkt og aðlaðandi svæðið verður fyrir ferðamenn. Ýmsir þættir geta síðan haft áhrif á það, t.d. hvernig til tekst með stjórnunar- og verndaráætlun, uppbyggingu innviða og stýringu gesta. Óvissuþættirnir eru því margir, en ýmsar rannsóknir benda til þess að friðlýsing geti aukið efnahagsleg áhrif svæðis, hvort sem horft er eingöngu til áhrifa friðlýsingar á ferðapjónustu á svæðinu,^[29,30] eða til annarra efnahagslegra-, félagslegra- og vistfræðilegra þátta.^[31–33]

Þessar sviðsmyndir eiga það allar sameiginlegt að þær taka mið af ástandinu eins og það er á hefðbundnu ári við upphaf þessa verkefnis og hér verður að mestu miðað við árin 2018 og 2019. Fjöldi ferðamanna á svæðunum sem eru til umfjöllunar hér var hins vegar ekki skráður á þessum tíma, né heldur meðaleyðsla ferðamanna á svæðunum. Þessi gögn, sem eru í raun undirstaða þess að hægt sé að reikna efnahagsleg áhrif svæða og lykiltölur sem stýra öllum spám um framtíðina, eru því aðeins gróflega áætluð hér. Því verður að taka öllum niðurstöðum greininga og spám hér með fyrirvara.

Verkhlyta II lauk í nóvember 2021, en endanleg áfangaskýrsla var birt í febrúar 2021.^[8] Nánast óbreytt afrit af þeirri skýrslu má sjá hér í kafla 4.

2.4 Verkhlyuti III – Undirbúningur vinnustofa

Verkhlyuti III gekk út á að halda vinnustofur þar sem sóknarfæri og þróun svæða voru til umræðu. Niðurstöður voru síðan teknar saman (sjá kafla 5: *Verkhlyuti III – Sóknarfæri og þróun svæðis*). Frá nóvember 2020 til maí 2021 var beðið færís að halda snertifundi, en það

var eindreginn vilji þeirra sveitarfélaga sem að verkefninu komu. Í maí 2021 var gefist upp á þeirri bið og því fóru vinnustofurnar fram í gegnum netið, vegna Covid-19 faraldursins. Allir fundirnir voru öllum opnir og auglýstir í Dagskránni, á samfélagsmiðlum (Facebook-síðu Náttúrustofunnar og sveitarfélaganna), á heimasíðu Náttúrustofunnar og viðkomandi sveitarfélaga, auk þess sem ýmsir hagsmunaaðilar voru látnir vita af fundunum. Í auglýsingunum var tekið fram að verkefnið tengdist ekki neinum friðlýsingaráformum heldur væri einungis um hugmyndavinnu að ræða og að rætt yrði um sýn þátttakenda á framtíð svæðanna og möguleg tækifæri og ógnanir sem fælust í nýtingu og umsjón þeirra, yrðu þau friðlýst eða núverandi fyrirkomulagi haldið óbreyttu.

Fyrirkomulag vinnustofanna var að fyrirmynd vinnustofa Náttúrustofu Suðausturlands í þessu sama verkefni.^[34] Fyrst voru flutt þrjú erindi, eitt um samþættingu náttúruverndar og byggðaþróunar, annað um friðlýsingar almennt og það þriðja um niðurstöður verkhluta I og II í C9 verkefninu fyrir viðkomandi svæði. Síðan voru fyrirfram ákveðnar spurningar lagðar fyrir þátttakendur, auk þess sem almennar umræður fóru fram. Þorvarður Árnason frá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Hornafirði hélt erindi um samþættingu náttúruverndar og byggðaþróunar. Ingibjörg Marta Bjarnadóttir hjá Umhverfisstofnun hélt erindi um friðlýsingar á Úthéraðs- og Djúpavogsfundunum og Lilja Bjarnadóttir, líka hjá Umhverfisstofnun, hélt erindið á Gerpissvæðisfundinum. Guðrún Óskarsdóttir flutti erindi um verkhluta I og II fyrir hvert svæði og kynnti fyrirkomulag vinnustofanna. Kristín Ágústsdóttir stýrði Djúpavogs- og Gerpissvæðisfundunum og Stefán Bogi Sveinsson hjá Múlaþingi stýrði Úthéraðsfundinum.

Fundurinn á Úthéraði var með öðru sniði en hinir fundirnir þar sem Fljótsdalshérað, nú Múlaþing, hafði unnið að verkefni sem fólst í því að kanna möguleika náttúru- og menningartengdrar ferðaþjónustu á Úthéraði. Auk erindanna þriggja sem nefnd voru hér að ofan fór Stefán Bogi yfir tilurð, tilgang og stöðu þess verkefnis á fundinum og Jóna Árný Þórðardóttir fór yfir næstu skref í því. Þá var ekki haldin vinnustofa beint í kjölfarið á erindum á Úthéraðsfundinum, þar sem Múlaþing stefndi að því að halda snertifund í Hjaltalundi varðandi verkefni sveitarfélagsins innan skamms tíma. Í staðinn var rafrænt eyðublað með þeim spurningunum sem lagðar voru fram á vinnustofum hinna svæðanna kynnt og óskað eftir skriflegum svörum. Það fyrirkomulag þótti hentugt þar sem fundartími getur aldrei hentað öllum. Sams konar rafræn eyðublöð voru svo útbúin fyrir hin svæðin líka og þau kynnt á sömu netmiðlum og viðburðirnir voru auglýstir á og nefndir voru hér að ofan, til þess að gefa þeim sem misst höfðu af vinnustofunum kost á að taka þátt.

2.5 Verkluti III – Framkvæmd vinnustofa

Vinnustofurnar fóru fram 6. maí (Djúpivogur), 11. maí (Gerpissvæðið) og 12. maí (Úthérað). Þær hófust allar kl. 20:00 og lauk kl. 22:00 á Djúpavogs- og Gerpissvæðisfundunum, en þar sem engar umræður voru á Úthéraðsfundinum lauk honum um 21:00.

Eins og áður sagði flutti Þorvarður Árnason erindið „Náttúruvernd og byggðaþróun – ný hugsun, nýir tímar?“. Þar fjallaði hann m.a. um nýlegar viðhorfsbreytingar víða erlendis á því hvað fælist í friðlýsingu annars vegar og byggðaþróun hins vegar, þar sem friðlýsingar gætu í dag ýtt undir byggðaþróun á friðlýstu svæðunum og í nágrenni þeirra. Hann tók einnig saman niðurstöður rannsókna sem sýndu fram á hvernig samspil friðlýsinga og byggðaþróunar gæti verið gagnvirkt og haft jákvæð áhrif í báðar áttir (2. mynd). Jafnframt benti hann á að friðlýsing og hefðbundin landnýting svæða gæti vel farið saman og vísaði þar t.d. í viðauka við stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulspjóðgarðs, sem fjallar m.a. um hefðbundna landnýtingu á Breiðamerkursandi.^[35]

Samspil eða andstæður?

The diagram shows two rows of boxes. The top row has a green box labeled 'Verndarsvæði' on the left and a red box labeled 'Byggðaþróun' on the right, connected by three blue arrows pointing right. The bottom row has a green box labeled 'Verndarsvæði' on the left and a red box labeled 'Byggðaþróun' on the right, connected by a single blue vertical bar.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
RANNSÓKNASETUR Á HORNAFIRDI

2. mynd. Þorvarður Árnason flytur erindi sitt, mynd birt með samþykki.

Lilja Bjarnadóttir og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir fluttu erindi sín, sem báru eftirfarandi heiti.

- Djúpvogsfundur: „Friðlýsingar“
- Gerpissvæðisfundur: „Hvað er friðlýsing?“
- Úthéraðsfundur: „Úthérað. Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár og friðlýsingar“

Í erindunum fjölluðu þær m.a. um mismunandi gerðir friðlýsinga (3. mynd) og fóru yfir friðlýsingaferlið, hvað fælist í stjórnunar- og verndaráætlun, sem unnin er með aðkomu sveitarfélags, landeigenda og hagsmunaaðila og hvað friðlýsing svæðis þýði fyrir landeigendur.

Friðlýsingarflokkar

- Náttúruvé
- Óbyggð viðerni
- Þjóðgarðar
- Náttúruvætti
- Friðlönd
- Landslagsverndarsvæði
- Verndarsvæði með sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
- Fólkvangar
- Svæði í verndarflokki rammaáætlunar
- Friðlýsing heilla vatnakerfa

3. mynd. Ingibjörg Marta Bjarnadóttir flytur erindi sitt, mynd birt með samþykki.

Guðrún Óskarsdóttir flutti erindi sem bar heitið „Náttúruvernd og efling byggða“. Þar fjallaði hún um niðurstöður verkhluta I og II fyrir hvert viðkomandi svæði og kynnti hagrænu sviðsmyndirnar og vinnustofurnar (4. mynd).

Verkluti III – Sóknarfæri og þróun svæðis

Niðurstöður verkhuta I og II:
Bakgrunnur fyrir verkhuta III

Hugmyndavinna:
Framtíðarsýn þátttakenda, tækifæri og ógnir
Vettvangur til að skiptast á skoðunum og hugmyndum

Lokaskýrsla verkefnisins mun byggja á niðurstöðum úr vinnustofu

4. mynd. Guðrún Óskarsdóttir flytur erindi sitt.

Á vinnustofum fyrir Djúpavog og Gerpissvæðið hófust umræður strax í kjölfar síðasta erindisins. Þátttakendum gafst fyrst tækifæri á að spyrja fyrirlesara út í erindi þeirra eða hvað það sem á þeim brann. Spurningarnar voru síðan bornar upp og fundarstjóri „fór hringinn“ og gaf hverjum og einum þátttakanda orðið fyrir hverja spurningu. Spurningarnar sem ræddar voru á Djúpavogsfundinum voru að fyrirmynd spurninganna á vinnustofum Náttúrustofu Suðausturlands árið 2020. Þær voru eftirfarandi:

1. Eftir að hafa hlustað á þessi erindi, hvernig sjáið þið framtíð svæðanna fyrir ykkur? (Öll saman eða í sitthvoru lagi, hvort sem fólk vill.)
2. Eins og staðan er núna falla svæðin ekki undir neinn sérstakan verndarflokk, sjáið þið eitthvað jákvætt eða neikvætt við að halda núverandi fyrirkomulagi?
3. Ef við ímyndum okkur að friðlýsing sé gengin í garð, sjáið þið einhver tækifæri við það, eða einhverjar ógnanir?
4. Hvernig væri nýtingu og umsjón svæðanna best borgið, að ykkar mati?

Eftir þá vinnustofu var ákveðið að gera örlitlar breytingar á spurningunum og spurningarnar sem lagðar voru fyrir á hinum vinnustofunum tveimur voru eftirfarandi:

1. Hvernig væri hægt að samþætta náttúruvernd á svæðinu og eflingu byggða í nágrenninu og hvaða tækifæri/ógnir fælust í slíkri nálgun?
2. Hvaða hagrænu sviðsmyndir teljið þið líklegar/æskilegar fyrir svæðið? En ólíklegar/óæskilegar?
3. Eftir að hafa hlustað á þessi erindi, hvernig sjáið þið framtíð svæðisins fyrir ykkur?
4. Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?

3 Verkluti I – Val og lýsing svæða


3.1 Inngangur

Þessi kafli er að nær öllu leiti óbreyttur frá því áfangaskýrslan kom út í júlí 2020 og tekur því ekki tillit til þess að síðan þá hafa friðlýsingar gengið í gegn á hluta Úthéraðs þann 2. júlí 2021 og hluta Gerpissvæðisins þann 11. september 2021.^[5,6] Helsta breytingin felst í viðbót um Eyfreyjunesvík og Eyfreyjunestanga í umfjöllun um landnotkun og ógnanir svæða á Djúpavogi (sjá bls. 43) í takt við ábendingar sem fram komu á vinnustofu fyrir svæðið.

3.2 Úthérað

3.2.1 Afmörkun

Skýr afmörkun á svæði til að taka fyrir í verkefninu lá ekki fyrir þegar Náttúrustofa Austurlands tók við því, en í samtölum við fulltrúa Náttúruverndarnefndar Fljótsdalshéraðs voru dregin upp mörk (5. mynd) sem samþykkt voru sem viðmiðunarmörk á fundi nefndarinnar 20. janúar 2020.^[36] Mörkin eru ekki endilega fastmótuð að mati nefndarinnar, en eru þau sem unnið er með í þessu verkefni. Mörkin ná yfir Héraðsflóa milli Kolmúlagils (Kollumúlagils) að norðan um Héraðssanda að Gripdeild að austan. Svæðið er um 417 km² og nær inn um Jökulsárhlíð, Hróarstungu og Hjaltastaðþinghá. Mörk svæðisins að norðan fylgja landamerkjum Ketilsstaða að Þjóðvegi 1, þaðan neðan Þjóðvegur 1 að Fögruhlíðará, meðfram Fögruhlíðará neðan bæja í Jökulsárhlíð að landamerkjum Hlíðargarðs og Fögruhlíðar og þaðan með landamerkjum Hlíðarhúss að Jökulsá á Dal. Sunnan Jökulsár á Dal liggja mörk svæðisins á landamerkjum Galtastaða út og Geirastaða, í gegnum land Geirastaða 2 að Lagarfljóti. Mörkin liggja síðan með fljótinu að landamerkjum Ekru/Steinsvaðs og Tjarnarlands þar sem þau beygja í austur í beina línu að landamerkjum Hrótar og Ánastaða. Þar skera þau land Ánastaða að landi Kóreksstaða en fylgja því næst landamerkjum Kóreksstaða að Sandbrekkuafrétt. Þau fylgja mörkum Sandbrekkuafréttar að landi Hrafnabjarga og landamerkjum Hrafnabjarga að landi Unóss og loks landamerkjum Unaóss að Gripdeild austan Héraðsflóa (6. mynd). Það skal áréttað að hér er aðeins um hugmyndavinnu að ræða og ekki hefur verið leitað álits landeigenda á afmörkun svæðisins.



5. mynd. Mörk svæðisins sem er til skoðunar í þessu verkefni. Svæði með gulri skyggingu er í friðlýsingarferli þegar þetta er ritað.^[37] Jarðir í eigu ríkis og sveitarfélags eru táknuð með brúnum skyggðum flákum.^[38] Jarðamerki eru frá Fasteignamati ríkisins.^[39] Þau hafa enga bindandi eða lagalega þýðingu og ekkert gildi hvað afmörkun eignarhalds snertir.^[40]

3.2.2 Eignarhald og ábúð

Margar jarðir eru á þessu svæði og flestar í einkaeigu. Alls lenda 34 jarðir að öllu leiti innan svæðisins og af þeim eru 10 í ríkiseigu. Aðrar 11 jarðir lenda að hluta til innan svæðisins og af þeim eru tvær í ríkiseigu.^[38] Samkvæmt viðtölum við Þorstein Bergsson og Kristján Ketil Stefánsson um búskap á svæðinu (munnl. uppl. 24. janúar 2020) þá eru 18 af þessum jörðum í ábúð og búskapur á 17 jörðum. Það þarf samt að hafa í huga að sum býli nýta fleiri en eina jörð undir búskap sinn.



6. mynd. Horft yfir ysta hluta Úthéraðs, Héraðssandar og ósinn. Húsey fyrir miðju (mynd: Skarphéðinn G. Þórisson).

3.2.3 Landnotkun

Úthérað er dæmigert landbúnaðarhérað að mörgu leiti. Sauðfjárrækt hefur ávallt verið mikilvæg á svæðinu, en kúabúskapur jókst þar einnig um miðja síðustu öld. Fé hefur þó fækkað mikið undanfarna ártugi innan þess svæðis sem er hér er til skoðunar, bæði í Hjaltastaðapínghá og Jökulsárhlíð. Fjöldi fjár í Hjaltastaðapínghá er í dag í kringum 2.100 (Þorsteinn Bergsson, munnl. uppl. 24. janúar 2020) en var rúmlega 6.900 þegar mest var í kringum 1960.^[41] Fjöldi nautgripa hefur hins vegar vaxið og eru nú í kringum 380 (Þorsteinn Bergsson, munnl. uppl. 24. janúar 2020). Fjöldi fjár í Jökulsárhlíð er um 370 á þeim bæjum sem lenda innan svæðis (Kristján Ketill Stefánsson, munnl. uppl. 24. janúar 2020), samanborið við um 2.000 í kringum 1960.^[41] Heildarfjöldi nautgripa hefur hins vegar staðið nokkuð í stað sl. ár. Erfiðleikar í landbúnaði gerðu það að verkum að helmingur jarða á svæðinu fóru í eyði á síðustu öld. Mörg þessara býla eru nú nýtt til sumardvalar og/eða skógræktar. Nytjaskógrækt er stunduð á nokkrum jörðum.^[42,43] Ysti hluti Hróarstungu lendir innan afmarkaðs svæðis. Í Hróarstungunni er sauðfjárrækt stunduð og er upprekstrarland bænda í Tungunni.

Fiskveiðar hafa verið stundaðar bæði í ám og vötnum á Úthéraði og eru það enn. Seld eru veiðileyfi í Selfljótið, Jöklu og hliðarár hennar ásamt Fögruhlíðará.^[44] Netaveiði á laxi hefur lengi verið stunduð neðan við Lagarfoss og hefur veiðin aukist síðustu ár samfara sleppingum laxaseiða í vatnasvæði Lagarfjóltsins og í Jökulsá á Dal (Ingi Rúnar Jónsson og Friðþjófur Árnason, 2019).^[45] Efnisnámur eru nokkrar á svæðinu, bæði í notkun og fullfrágengnar.^[46]

Ferðaþjónusta hefur lengi verið stunduð í Húsey og hefur að miklu leyti snúist um náttúru-upplifun. Í Húsey er rekið farfuglaheimili og boðið upp á hestaferðir og skoðunarferðir á hestbaki þar sem selir og hreindýr eru skoðuð. Einnig er boðið upp á ýmiskonar veitingar í Húsey sem tengjast nýtingu landsins þar í kring og má þar nefna andaregg, silung og selkjöt.^[47] Á Ekru í Hjaltastaðapínghá er boðið upp á gistingu í sumarhúsum og þar eru einnig seld veiðileyfi í vötn á Úthéraði.^[48] Að Geirastöðum 2 í Hróarstungu er rekin hestaleiga og boðið upp á skipulagðar hestaferðir og gistingu í litlu sumarhúsi í lóðinni.^[49] Hótel

Svartiskógur er staðsettur í landi Hallgeirsstaða í Jökulsárhlíð. Hótelið er í jaðri svæðisins en tengist því mikið þar sem gestir þess verja umtalsverðum tíma innan þess.^[50]

Síðastliðna áratugi hefur hverskonar útivist og gönguferðamennska aukist mikið á svæðinu. Fjölmargir möguleikar eru á gönguleiðum um svæðið og vinsælir áfangastaðir göngufólks eru innan þess. Perlur Fljótsdalshéraðs eru 30 fjölbreyttir áfangastaðir á Héraði sem Ferðafélag Fljótsdalshéraðs hefur sérvalið á síðustu árum.^[51] Innan svæðisins eru sex af þessum áfangastöðum, Húsey, Kóreksstaðavígi, Landsendi, Stapavík, Stóruð og Þerribjarg. Við hverja Perlu er hólkur sem inniheldur upplýsingar um staðinn ásamt gestabók og stimpli. Hægt er að safna stimplum frá mismunandi Perlum í stimpilkort og skila inn og taka með því þátt í gönguleik þar sem dregið er úr innsendum kortum í október ár hvert.^[51]

Frá árinu 2017 hefur Ungmennafélag Borgarfjarðar staðið fyrir Dyrfjallahlaupinu, sem hlaupið er í júlí um 23 km frá Hólalandi í Borgarfirði í Stóruð og aftur í þorpið í Borgarfirði. Hlaupið varð strax mjög vinsælt.^[52]

Lagarfossvirkjun er innan svæðisins sem fjallað er um hér. Lagarfossvirkjun var tekin í gagnið árið 1975 og var afl hennar þá 8 MW. Í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar jókst rennsli í Lagarfljóti umtalsvert og var virkjunin í kjölfarið stækkuð og er afl hennar í dag 28 MW.^[53] Orkusalan kynnti árið 2018 áætlanir sínar um rannsóknir á Héraðssöndum m.t.t. hugsanlegrar byggingar vindmylla á jörðinni Hól á Úthéraði.^[54] Þessum fyrirætlunum var harðlega mótmælt af ýmsum hagsmunahópum s.s. fuglavernd sem benti á að þarna væri um mikilvæg fuglasvæði að ræða sem nytu alþjóðlegrar verndar.^[55] Árið 2019 voru kynntar nýjar áætlanir Orkusölnunar um að reisa tvær vindmyllur við Lagarfossvirkjun á lóð Orkuvinnslunar.^[56]

Árið 2016 veitti Orkustofnun félaginu Iceland Resources leyfi til leitar og rannsókna á málmum í Vopnafirði og við Héraðsflóa. Leyfið sem gildir til ársins 2021 var veitt á svæði sem nær frá Vopnafirði til Jökulsárhlíðar og nær yfir allan skagann á milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa.^[57] Svæðið fellur að mjög litlu leyti innan marka svæðisins sem hér er tekið fyrir, einkum nyrst í landi Ketilstaða og Bakkagerðis.

3.2.4 Verndargildi

Svæðið á Úthéraði sem hér um ræðir er stórt og fjölbreytt. Það á sér einnig langa byggðar- og menningarsögu og þar finnast ýmsar menningarminjar. Þá er þar bæði að finna ýmsar vistgerðir sem njóta verndar og mikilvæg búsvæði ýmissa fuglategunda og sjaldgæfra plöntu- tegunda sem vert er að vernda. Að mati Náttúrufræðistofnunar Ísland eru helstu forsendur verndar á Úthéraði landvistgerðirnar gulstararflóavist, runnamýravist á láglandi og starungsmýrarvist og fuglategundirnar kjói, skúmur, grágæs, lómur og himbrimi.^[3] Innan svæðisins er líka að finna áhugaverðar jarðminjar s.s. Stóruð sem er náttúrufrýrbær sem á fá sína líka á Íslandi. Allt það sem Úthéraðið hefur upp á að bjóða, náttúrufrýrlega og sögulega, gerir svæðið líka ákjósanlegan vettvang rannsókna og fræðastarfs og eru ýmis sóknarfæri í kjölfar mögulegrar friðlýsingar tíunduð í tilnefningu Fljótsdalshéraðs til verkefnisins (viðauka 1).

Mikill hluti svæðisins er nú þegar á náttúruminjaskrá, það er þeim hluta skrárinnar sem ekki nýtur friðlýsingar en ástæða þykir til að kanna nánar hvort tilefni er til að friðlýsa (7. mynd). Þau svæði sem um ræðir eru nr. 604 Fagradalsfjöll og Kolmúli (Kollumúli, nr. 1 á 7. mynd), nr. 639 Eylendið í Jökulsárhlíð (nr. 2 á 7. mynd), nr. 648 Húsey (nr. 3 á 7. mynd), nr. 605 Votlendi


og sandar í Hjaltastaðapinghá og Hjaltastaða-ásar (nr. 4 á 7. mynd), nr. 649 Gláma og nágrenni (nr. 5 á 7. mynd) og nr. 606 Stóruð og Hrafnabjörg (nr. 6 á 7. mynd). Svæði nr. 640 Sleðbrjótsmelar (nr. 7 á 7. mynd) lendir hins vegar utan svæðisins.^[4,58]

Náttúrufræðistofnun hefur og sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár^[3] og er Úthérað eitt þeirra svæða sem stofnunin leggur til að fari í ferli friðlýsingar (7. mynd). Sú afmörkun er samhljóma afmörkun á mikilvægu fuglasvæði á Úthéraði.^[59]

Nú þegar er hafin vinna við friðlýsingu hluta svæðisins, þ.e. jarðanna Heyskála, Hrafnabjarga og Unaóss¹ (8. mynd). Þau áform miða að því að „...varðveita sérkenni og einkenni landslags svæðisins, fagurfræðilegt og menningarlegt gildi þess. Jafnframt er markmiðið að vernda vistgerðir, fugla og búsvæði þeirra og einstakar náttúrumyndanir vegna fræðilegs gildis, fegurðar og sérkenna“.^[37] Samkvæmt lýsingu Umhverfisstofnunar er þar afar fjölbreytt landslag og jarðfræðileg fyrirbæri, m.a. Stóruð undir Dyrfjöllum. Þar eru líka merkar sögulegar minjar, m.a. gamall verslunarstaður og höfn við Krosshöfða og Stapavík.^[37]

Árið 2010 voru uppi hugmyndir um stofnun svokallaðs náttúrugarðs í nágrenni Dyrfjalla (jarðminjagarðs) og umsókn um að aðild að Evrópusamtökum jarðminjagarða (European Geoparks Network).^[60,61] Ekkert varð úr stofnun þessa náttúrugarðs, en margt í þeirri hugmyndafræði sem m.a. snýr að mögulegum jákvæðum hagrænum áhrifum friðlýsingar rímar við áherslurnar með þeim friðlýsingaráformum sem hér er lagt af stað með.

Jörðin Hjaltastaður er innan marka þess svæðis sem hér er til skoðunar að friðlýsa. Þar er Hjaltastaðakirkja sem er friðlýst bygging og læknishúsið á Hjaltastað, sem teiknað var af



7. mynd. Afmörkun Úthéraðs skv. tillögum Ní í B-hluta náttúruminjaskrár (brúna línur) ásamt svæðum sem þegar eru á náttúruminjaskrá (gulskyggð) en hafa ekki verið friðlýst. Númer gulskyggðra svæða vísa í númer í umfjöllun í texta.^[4]



8. mynd. Tillaga að mörkum friðlýsts svæðis í landi Heyskála, Hrafnabjarga og Unaóss.^[37]

¹ Hluti Sandbrekku er einnig innan þess svæðis sem friðlýst var 2. júlí 2021.

Guðjóni Samúelssyni og er flokkað sem menningarminjar. Samkvæmt Minjastofnun er friðlýsing ytra byrðis þess í ferli.^[62]

Aðrar tillögur að friðlýsingu menningarminja í Hjaltastaðabínghá eru Bæjarhóll á Hreimstöðum, landmerkjagarður í landi Hreimstaða, áveita í Víðidal, Goðrúnarstaðir í landi Rauðholts, stíflugarður í Selfljóti, beitarhús frá Jórvík við Merkivíkurklett, tóftir Litlu-Jórvíkur, stekkur hjá Djúpabotni í landi Jórvíkur, sáðgarður í landi Hrollaugstaða, fjárhús og hesthús við gamla túngarðinn á Hrollaugstöðum, Gamli stekkur í landi Víðastaða, Valhnúksstaðir í landi Bóndastaða, tröð frá Bóndastöðum yfir blána, Gamlistekkur í landi Dratthalastaða, nátthagi við Staðará í landi Svínafells, tóft og garður á Svínafelli, tóftir Litla-Hrjótar, tóftir Stakahjalla í landi Kóreksstaðar, Dalasel í landi Dala, seltóftir í landi Hraf nabjarga, Eiðaver í landi Unaóss, leifar af verslunarstað á Krosshöfða í landi Unaóss, tóftir í Arnarbæli í landi Klúku, tóftir Hrafnkelsstaða í landi Klúku, tóftir og garðlög Ingveldarstaða í landi Hóls, „Bænhóll“ kirkjustæði í landi Stóra-Steinsvaðs og tóftir Hrúgustaða í landi Hjaltastaðar.^[63]

Samkvæmt aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs^[64] nýtur Stapavík í landi Unaóss hverfisverndar sem leifar gamalla lendingarmannvirkja og Kjarvalshvammur, sumarhús og bátanaust ásamt nánasta umhverfi nýtur einnig hverfisverndar.

3.2.5 Ógnanir

Á nokkrum stöðum á svæðinu hefur lúpína náð að breiðast út og þyrfti að ráðast sem fyrst í aðgerðir til að hefta útbreiðslu hennar ef af friðun yrði. Enn sem komið er þekur lúpína einungis um 0,1% svæðisins í landi Hlíðargarðs, Ekru og Steinsvaðs.^[65] Við Sleðbrjótsmela, sem eru rétt utan svæðisins, hefur lúpína breiðst hratt út og þarf að huga að aðgerðum til að stöðva þá útbreiðslu sem fyrst.

Nokkur færsla hefur verið á sameiginlegum ós Jökulsár á Dal og Lagarfljóts sl. ár og sumarið 2013 var hann kominn svo langt norður að landeigendur norðan Jökulsár á Dal komu á framfæri áhyggjum af því að áin myndi brjóta sér leið yfir í Fögruhlíðará ef ekkert væri að gert.^[66] Að höfðu samráði við hagsmunaaðila (veiðifélög á svæðinu, landeigendur, stofnanir og sveitarfélagið Fljótsdalshérað) gróf Landsvirkjun út nýjan ós, rúmum 3 km sunnar, á þeim stað sem ósinn var að jafnaði á árunum 1945 til 2000. Ósinn var grafinn þann 8. júní 2014, fljótlega gróf vatnið frekar út ósinn og viku síðar fór allt Lagarfljót og syðstu kvíslar Jöklu um nýja ósinn. Í janúar árið 2015 hafði brimið lokað gamla ósnum.^[66]

Árið 2015 vann Landgræðslan skýrsluna Héraðsáætlanir, þar sem helstu rofsvæði landsins eru listuð upp. Samkvæmt þeirri skýrslu þá eru þrjú svæði innan svæðisins sem hér er til umfjöllunar metin í forgangsflokki m.t.t. landgræðslu þar sem talið er mjög brýnt að stöðva jarðvegseyðingu. Þessi svæði eru Húsey (norðaustur hluti jarðarinnar), Héraðssandar og áreyrar Jöklu (frá Fossvöllum til sjávar).^[67,68]

Í kjölfar byggingar Kárahnjúkavirkjunar hafa átt sér stað breytingar á vatnafari í Jökulsá á Dal og Lagarfljóti sem hafa leitt til aukinnar flóða- og landbrotshættu.^[69] Í skýrslu frá Landgræðslunni frá árinu 2012 kemur fram að töluvert eða mikið landrof sé á fjórðungi strandlínu Lagarfljótsins.^[70] Verst er ástandið á þeim jörðum sem næst liggja ósum Lagarfljóts, Húsey og Hóli og Hólshjáleigu. Á undanförunum árum hefur verið unnið að því hefta landrof með bakkavörnum á þessum jörðum með góðum árangri (Guðrún Schmidt, munnl. uppl. 28. maí 2020).

Með tilkomu virkjunar við Kárahnjúka hefur framburður Jökulsár á Dal minnkað til muna. Í skýrslu frá árinu 2001 var gert ráð fyrir að strandlína við Héraðsflóa myndi færast inn sem nemur 280 m á 100 árum en um 500 m á 200 árum.^[71] Land myndi því skerðast um 6,2 km² á 100 árum en á 200 árum yrði landeyðing um 11 km². Hér er bæði um að ræða afleiðingar minnkandi framburðar en einnig hækkandi sjávarstöðu vegna gróðurhúsaáhrifa.^[71]

3.2.6 Náttúrufar

3.2.6.1 Vistgerðir og gróður


Svæðið sem hér er til umfjöllunar er fjölbreytt, þar eru fjalllendi og fjörur og allt þar á milli með margvíslegum vistgerðum sem njóta verndar (9. mynd). Samkvæmt vistgerðaflokkun NÍ^[72,73] er þar að finna 97% allra landvistgerða sem skilgreindar eru á Íslandi utan hrauna og hverasvæða.

Einkennandi vistgerðir á láglandi eru einkum víðáttumikið óraskað votlendi og sandar. Votlendið er mikið til óframræstir, gróðurrikir og forblautir flóar (blár) með kílum og tjörnum, en slíkir flóar eru sjaldgæf búsvæði á landsvísu.^[74,75] Fjöldi tjarna og stöðuvatna eru á svæðinu inn á milli kjarri vaxinna ása. Í hlíðum eru fjalldrapamóavist, birkikjarr og hraungambravist áberandi. Úti við ströndina eru m.a. sandstrandarvist, sandmelahólavist, hrossanálavist og grashólavist.^[73]

Mólandi er algengasta vistlendið með 35% þekju og votlendi þekja um 20%. Moslendi þekur 7%, skóglendi 5% og strandlendi 5%. Fjalldrapamóavist er algengasta vistgerðin og þekur um 19% og starungsmýravist er næstalgengust og þekur um 6%. Aðrar votlendisvistgerðir eru einkum tjarnarstararflóavist (2,5%) og gulstararflóavist (1%) (sjá nánar í viðauka 4).^[73]

Forgangsvistgerðir eru skilgreindar af NÍ fyrir tillögur að B-hluta náttúruminjaskrár, m.a. með tilliti til verndargildis og ályktunar Bernarsamningsins.^[76] Á svæðinu eru gulstararflóavist, starungsmýravist, runnamýravist á láglandi og rimamýravist (10. mynd) og þekja alls um 11% (9. mynd).


Vistgerðir með *mjög hátt* verndargildi þekja 18% svæðisins og þar hafa starungsmýravist, tjarnarstararflóavist og runnamýravist á láglandi hlutfallslega mesta þekju.^[72,73] Vistgerðir með *hátt* verndargildi þekja 10% og eru það einkum lyngmóavist á láglandi og á hálendi (9. mynd). Aðrar vistgerðir eru t.d. brokflóavist, tjarnarstararflóavist, starungsflóavist og víðikjarrvist, allar skilgreindar með *mjög hátt* verndargildi. Aðrar vistgerðir með *hátt* verndargildi eru t.d. língresis- og vingulvist, grasengjavist, finnungsvist, hengistaraflóavist, grasmóavist og grashólavist. Þá finnast þar tegundarík kransþörungavötn, s.s. Miklavatn, Brunnengjavötn og Ásgrímsstaðavatn, sem flokkast með *hátt* verndargildi.^[72,77] Úti við ströndina eru brimasamar sandfjörur sem flokkast með *lág* verndargildi.^[72,77]



9. mynd. Forgangsvistgerðir og vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Einnig afmörkun mikilvægra fuglasvæða, landselaláturs, lúpínu og ræktaðs skóglendis.^[40,42,65,72,73,76,78-81]

Innan svæðisins er að finna áður framræst votlendi sem sum hver hafa verði endurheimt. Votlendisnefnd endurheimti t.d. árið 2002, í samstarfi við landeigendur, flæðiengjar við svokallaða Hrollaugstaðablá með því að fylla aftur í skurði sem grafnir höfðu verið.^[82]

Innan svæðisins eru vistgerðir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd^[10] vegna eðlis eða stærðar sinnar (9. mynd). Náttúrulegir birkiskógar þekja um 5%, votlendissvæði stærri en 20.000 m² þekja um 14%, vötn stærri en 1.000 m² þekja 2% og leirur syðst á Héraðssöndum, við ósa Selfljóts, eru um 0,3% svæðisins.^[73,76,81]



10. mynd. Til vinstri má sjá dæmi um starungsflóavist við Silungakíl í Húsey við ósa Lagarfljóts á Úthéraði og til hægri má sjá dæmi um runnamýravist á láglandi, við Krókatjörn á Úthéraði (myndir úr Fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 54).^[72]

Ýmsar sjaldgæfar æðplöntutegundir finnast á Úthéraði. Þrjár tegundir sem þar finnast eru skráðar á valista,^[83] súrsmæra og ljósalyng (11. mynd) eru metnar í nokkurri hættu og ferlaufungur í yfirvofandi hættu. Aðrar þrjár tegundir sem finnast á Úthéraði voru metnar við gerð valista en eru ekki í hættu, það eru fölvastör, þrenningarmaðra og skógfjóla. Auk þessara tegunda finnast ýmsar fremur sjaldgæfar tegundir á Úthéraði, m.a. skollaber, sóldögg og lensutungljurt, auk nokkurra tegunda sem finnast óvída á Austurlandi, s.s. aronsvöndur, baunagras og þúsundblaðarós.^[84]

Í vötnum finnast forvitnileg þörungasambýli, t.d. slorpungar (sambýli þörungna af tegundinni *Nostoc pruniforme*).^[74,75]



11. mynd. Sjaldgæfar plöntur, í nokkurri hættu, sem finna má á Úthéraði, til vinstri má sjá súrsmæru og til hægri ljósalyng (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).

Elsta landgræðslusvæði á Austurlandi er á Héraðssöndum.^[82,85] Svæðið var friðað með 14 km langri girðingu árið 1972. Árið 1991 var landgræðslusvæðið stækkað, og svo aftur árið 2002 þegar það varð hluti af svæði Héraðsskóga.^[82] Jafnhliða friðun hefur verið unnið að heftingu sandfoks með sáningu melgresis og dreifingu áburðar. Í mörg ár var melfræ skorið á Héraðssöndum til að nota við uppgræðslustörf víða um land.^[82] Sáning melgresis og dreifing áburðar hafa alla tíð verið meginaðgerðir á Héraðssöndum. Frá 2003 hefur gömlu heyi einnig verið dreift í rofabörð með góðum árangri að tilstuðlan Landgræðslufélags Héraðsbúa með aðstoð vinnuskóla á svæðinu.^[82] Þá hefur Landbótasjóður Norður-Héraðs staðið fyrir

uppgræðslu á landi á áreyrum Jökulsár á Dal. Árið 2018 voru t.d. borin 18 tonn af áburði á áreyrar við Hólmatungu, Surtstaðayri, Hrærekslæk, Litla Bakka og Galtastaði út.^[86]

Í Húsey var sett upp landgræðslugirðing árið 1997. Síðan þá hefur verið unnið ötullega að uppgræðslu Húseyjarsands með melgresi og áburði ásamt því að rofabörðum hefur verið lokað (Guðrún Schmidt, munnl. uppl. 15. maí 2020). Í kjölfar Kárahnjúkavirkjunar urðu töluverðar breytingar á vatnafari í landi Húseyjar sem leiddu til aukinnar flóða- og landbrotshættu með bökkum Jökulár á Dal og Lagarflióts. Árið 2010 hóf Landsvirkjun mótvægisáðgerðir í landi Húseyjar og felast áðgerðirnar í styrkingu gróðurs með áburðargjöf og sáningu á melfræi.^[69]

3.2.6.2 Fuglalíf

Mikið og fjölbreytt fuglalíf þrífst í þeim fjölbreyttum vistgerðum sem finna má á Úthéraði. Næstum allt svæðið sem um ræðir er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði á Íslandi (9. mynd) þar sem Úthérað er eitt af skráðum IBA-svæðum á Íslandi (Important Bird Area), eða alþjóðlega mikilvægum fuglasvæðum.^[59] Helstu fuglategundir þar eru lómur (15% íslenska stofnsins), himbrimi (2%), flórgoði (6%), grágæs (8%), gargönd (1%), skúfönd (2%), kjói (54%) og skúmur (2%). Úthérað er líka skilgreint sem alþjóðlega mikilvægt varpsvæði fyrir kjóa, lóm, flórgoða og grágæs (12. mynd). Einnig er það álitid alþjóðlega mikilvægt fyrir grágæs á fjaðrafelli- og fartíma.^[59]



12. mynd. Úthérað er alþjóðlega mikilvægt varpsvæði fyrir m.a. kjóa (t.v.) og grágæs (t.h.) (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).

Á Úthéraði er stærsta varp skúms á Austurlandi, en skúmur er nú metinn í bráðri hættu hér á landi. Svæðið er einnig talið mikilvægt varpsvæði fyrir íslenska himbrimastofninn, en hann er flokkaður sem tegund í hættu hér á landi.^[59] Eins má geta þess að á svæðinu er eina staðfesta varp grátrönu hér á landi en árið 2012 gekk Sveinn Ingimarsson fram á þar með unga. Árið eftir sást þar með einn unga og síðan tvo árið 2018.^[87,88] Gömul örnefni eins og t.d. Arnarþúfa og heimildir geta um varp hafarnar á svæðinu sem lagðist af í byrjun síðustu aldar. Einar Ó. Þorleifsson fjallar nokkuð ítarlega um fuglalíf á Úthéraði og segir þar að fuglalíf á Úthéraði sé á heimsmaelkvarða og standist í raun fullkomlega skilgreiningar Ramsarsáttmálans um mikilvæg votlendissvæði hvort heldur er vegna einstakra fuglategunda eða heildarfjölda votlendisfugla.^[89]

3.2.6.3 Spendýr

Við ósa Jökulsár á Dal og Lagarflióts er stærsta selalátur landsels á Austurlandi (9. mynd), en einnig eru smærri látur út með flóanum norðan- og austanverðum. Selalátur eru svæði við ströndina þar sem selir kæpa, sinna kópauppeldi, hafa feldskipti og leita hvíldar og eru mikil-

væg fyrir verndun og viðgang tegundarinnar, enda halda selir tryggð við sömu látrin ár eftir ár. Við ósana hafa verið taldir frá 243 til 556 landselir (13. mynd) á árunum 2000–2016 en í Héraðsflóa hafa verið taldir 20–72 landselir á sama tíma.^[79,90] Stundum ferðast selirnir frá ósum alveg inn að Hnitbjörgum í Jöklu og upp að Lagarfossi í Lagarfljóti.^[74,75,91] Landsel hefur fækkað mikið síðustu áratugi og er svo komið að stofn landsela hér við land er metinn í bráðri hættu.^[92]

Útselir sjást endrum og sinnum á svæðinu og einnig eru heimildir um farseli á og við Héraðs-sanda.^[74,75,91] Bjarni Sæmundsson ritar t.d. að nokkuð hafi verið af vöðuseli á Héraðssöndum á 18. öld.^[93]

Hreindýr sjást oft á svæðinu (13. mynd), sérstaklega að vetrum. Á áttunda áratug síðustu aldar var algengt að sjá stórar hjarðir hreindýra á svæðinu, en að undanförunu hafa nær eingöngu tarfar sést. Í landi Húseyjar hafa ábúendur friðað hreindýr fyrir veiðum.



13. mynd. Við Héraðsflóa er stærsta landselalátur á Austurlandi. Hreindýr sjást reglulega á Úthéraði (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).

Lifandi hvalir eru ekki líklegir til að finnast innan svæðisins sem hér er til umfjöllunar, enda ekki gert ráð fyrir að það nái nema rétt út fyrir fjörumörk. Hins vegar eru hvalrekar algengir á Héraðssöndum og hafa á síðustu árum fundist þar reknir búrðhvalir, hnúfubakar, andarnefjur, höfrungar og fleiri tegundir,^[94] svo sem rákahöfrungur.^[95]

Ísbirnir hafa einstöku sinnum gengið á land í Héraðsflóa á árum áður.^[91,96] Vegna mikils fæðuframboðs þá má ætla að bæði refir og minkar séu algengir á svæðinu, þó ekki séu til tölur því til staðfestingar.

3.2.6.4 Fiskar

Ysti hluti Jökulsár á Dal og Lagarfljótsins lenda innan afmarkaðs svæðis. Í dag renna báðar árnar til sjávar um sameiginlegan ós á Héraðssöndum. Í vatnakerfi þessara vatnsfalla má finna alla ferskvatnsfiska sem finnast hér á landi.

Í Lagarfljóti hefur urriði, bleikja og hornsíli haldið sig frá ósum og upp úr og einnig í hliðarám þess. Lax hefur í gegnum tíðina gengið inn að Lagarfossi og tilraunir hafa verið gerðar til að leiða hann áfram upp fyrir foss með smíði fiskvegjar, með takmörkuðum árangri. Hornsíli finnst bæði í fljótinu sjálfu og hliðarám og kílum sem í það renna.^[91] Miklar breytingar urðu á lífríki Lagarfljótsins með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar og minnkandi frumframleiðni í kjölfar hennar. Hefur fiskalífi heldur hnignað í fljótinu eftir tilkomu virkjunarinnar.^[45]

Því er hins vegar öfugt farið í Jökulsá á Dal, en með tilkomu Kárahnjúkavirkjunar breyttist áin úr hreinni jökulá í bergvatnsá mikinn hluta ársins. Í kjölfar þess hafa átt sér stað miklar framkvæmdir og seiðasleppingar sem miða að því að gera ána og hliðarár hennar að vinsælum laxveiðiám. Við þetta hefur fiskmagn í Jöklu og hliðarám hennar aukist mikið.^[97]

Fögruhlíðará rennur út Jökulsárhlíð og er ós hennar nyrst í Héraðsflóa. Í Fögruhlíðará veiðist mikið af sjóbleikju, sérstaklega á ósasvæði árinna. Síðustu ár hefur laxveiði aukist mikið samfara sleppingum seiða og hafa verið að veiðast um og yfir 100 laxar á ári í ánni.^[44]

Austast á Héraðssöndum rennur Selfljót til sjávar um Unaós með upptök sín á Vestdalsheiði, Helluvatni og fleiri smávötnum á hálendinu. Sjógengin og allvænn silungur er í fljótinu og bæði bleikja og urriði og einstaka lax veiðast þar ár hvert. Neðst má í raun segja að Selfljót breytist í stöðuvatn eða sjávarlón.^[91]

Töluverð silungsveiði er í vötnum innan tilnefnds friðunarsvæðis, s.s. Krókavatni, Selvatni og Ásgrímsstaðavatni.^[74,75] Áll finnst í ám og kílum á Úthéraði og einnig hefur orðið vart við flundru við ósana.^[91]

3.2.6.5 Smádýr

Votlendi eru uppeldistöðvar fyrir mikinn hluta af skordýrum landsins á lirfu- og púpustigi, en þá nærast skordýrin aðallega og sækja þau þangað megnið af næringu sinni. Skordýrin og önnur smádýr mýranna eru undirstaða fjölbreytilegs fuglalífs. Ekki eru til miklar heimildir um rannsóknir á smádýralífi á Úthéraði en leiða má getum að því að það sé fjölbreytt út frá þeim fjölbreyttu vistgerðum sem þar má finna.

3.2.6.6 Jarðfræði

Úthérað er rammað inn af tveimur megineldstöðvum sitt hvorum megin Héraðsflóans. Norðan megin má finna leifar Fagradalseldstöðvarinnar en austan megin eru leifar Dyrfjallaeldstöðvarinnar.^[74,98,99]

Áhugaverðar náttúrumyndanir á Úthéraði eru t.d. Hrafnabjörg vegna klettamyndana og samspils við Selfljótið, Þerribjarg (14. mynd t.v.) vegna mikilfenglegra líparít myndana, Dyrfjöllin (14. mynd t.h.) og Stóruð vegna stórra steinblokka og samspils þeirra við vatn og gróður og tilkomu urðarinnar.^[75] Kóreksstaðavígið er einn af nokkuð mörgum stuðlabergsklettum sem finna má innarlega á sléttlendinu (aðrir eru m.a. Hrollaugstaðabjarg og Stuðlaklettur við Litlu-Jórvík). Aðrar áhugaverðar náttúrumyndanir eru Ketilsstaðaklettur, Múlahöfn, Stapavík, Skessukatlar í Bjarglandsá við Sandbrekku og Bjarglandsárgil, víðáttu-miklar sandfjörur, Lagarfljót og Selfljót. Hluti þessara svæða er í landi Heyskála, Hrafnabjarga og Unaóss sem nú þegar eru í friðlýsingarferli.^[75]

Engar jarðmyndanir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd^[10] eru kortlagðar innan svæðisins.^[81] Ekki hefur enn verið lokið við að skrá og meta verndargildi jarðminja, líkt og gert hefur verið með vistgerðir.



14. mynd. Þerribjarg (t.v.) og Dyrfjöllin (t.h.) eru stórkostleg náttúrusmíð sem ramma Úthéraðið inn (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).

3.2.7 Saga og menning

3.2.7.1 Listir

Kjarval var einn þeirra sem heillaðist af náttúrufræðingum svæðisins og kom sér upp sumarhúsi í Hvammi, eða Kjarvalshvammi. Þar dvaldist hann löngum á sumrin og málaði margar af frægari myndum sínum. Sumarhús Kjarvals er nú í eigu Fljótsdalshéraðs en Minjasafn Austurlands hefur umsjón með því.^[74,100]

Gunnlaugur Scheving, einn af fremstu myndlistamönnum á Íslandi á 20. öldinni, var í fóstri á Unaósi í nokkur ár sem barn og hafði sá tími mikil áhrif á myndsköpun hans.^[101] Steinþór Eiríksson málari og vélsmiður er sá sem líklega hefur málað flestar myndir af Úthéraði en hann ólst upp á Þórsnesi í Hjaltastaðapínghá.^[75] Þá málaði Ásgrímur Jónsson, fyrstur málara á Íslandi til að gera myndlist að aðalstarfi, eitt af frægari verkum sínum á Úthéraði sem kallast Hjaltastaðabláin.^[102,103]

Í Hjaltastaðapínghá bjó á 17. öld Jón lærði síðari hluta ævi sinnar og þar afkastaði hann mest af fræðilegum skrifum sínum, m.a. fyrstu samantekt á íslensku um náttúru landsins. Þetta rit var aðalheimild um íslenska dýrafræði í nærfellt heila öld.^[74] Árið 2015 kom fram sú hugmynd að stofna menningar- og fræðasetur í Læknishúsinu á Hjaltastað frá Hjörleifi Guttormssyni, náttúrufræðingi. Við frekari skoðun var ekki talið heppilegt að stofna slíkt setur í læknishúsinu á Hjaltastað, en lagt til að koma upp fræða- og rannsóknasetri með aðsetur á Egilsstöðum.^[62]

3.2.7.2 Fornminjar og söguþing

Á Úthéraði er mikið safn lítt kannaðra fornminja. Má þar nefna forna þingstaði, s.s. Þinghöfða í Hróarstungu þar sem talið er að Krakalækjarþing hafi verið og Lambatættur við Hrótarvatn þar sem talið er að Lambanesþing hafi verið. Tættur margra fornra býla má finna á svæðinu, s.s. Ingveldarstaði, Geirsstaði og Hrafnkelsstaði, en þetta eru allt býli sem á eftir að rannsaka betur. Við Selfljót þar sem heitir Arnarbæli bendir margt til að hafi verið skipalægi og kaupstaður til forna, þegar strandlína Héraðssanda var mun innar en nú er. Fjölmargir fornir landamerkjagjarðar eru á Úthéraði sem þyrfti að kortleggja betur.^[74,75] Einnig hafa fundist mörg kuml á Úthéraði, þeirra frægast væntanlega af bláklæddu konunni sem fannst heygð við litlu Ketilsstaði í Hjaltastaðapínghá,^[104] þar sem nú er Hlégarður. Við ströndina má finna merkar sjóminjar s.s. Eiðaver og Múlahöfn. Úthérað kemur á nokkrum stöðum fram í Fljótsdælasögu. Kóreksstaðir er sá bær á Úthéraði sem oftast kemur fyrir í

Fljótsdælu. Í landi Kóreksstaða er svokallað Kóreksstaðarvígi sem er fagurskapaður stuðla-bergsklettur þar sem munnmælasögur segja að Kórrekur bóndi hafi verið veginn.^[74,75]

3.2.7.3 Þjóðsögur og kynjaverur

Nokkrir nafntogaðir draugar eru taldir hafa átt bólfestu á Úthéraði. Þeirra þekktastur er væntanlega Eyjasels-Móri (Hóls-Móri eða Hóls-Mosi) sem gekk harðast fram á milli 1800 og 1900 og fylgdi Eyjaselsættinni lengi.^[74] Er hann einn af fáum draugum hér á landi sem ævisaga hefur verið skrifuð um, en Halldór Pétursson, sem kenndi sig við Geirastaði, gaf út ævisögu hans árið 1962.^[105] Hjaltastaðafjandinn magnaðist upp á prestsetrinu Hjaltastað árið 1750. Hann þótti kjaftfor og klúr með eindæmum og spjallaði oft við fólk um miðjan dag. Nykur er talinn hafa verið á sveimi í Eiríksvatni og baneitraður loðsilungur (öfuguggi) á að finnast í sumum vötnum á svæðinu.^[74] Að Hurðarbaki sem var afbýli í landi Hreimsstaða átti Galdra Imba að hafa búið, en fjölmargar sögur eru til um galdrakyngi hennar.^[41] Á fjölmörgum stöðum á Úthéraði má finna sagnir af huldufólki og bústöðum þeirra.^[75]

3.2.7.4 Landnotkun á fyrri tíð

Votlendi (eða blárnar) á Úthéraði öllu hefur verið mikið nýtt allt frá landnámi. Blárnar voru beittar, í mómýrum fékkst mór til eldsneytis, torf til húsagerðar og í reiðing og í kvistmýrum var hrísrifi safnað og mýrarrauði var nýttur til járnvinnslu. Heyskapur var stundaður í blánum, stærstur hluti heyfengs fékkst með engjaslætti og voru áveituskurðir grafnir til að auka heyfeng.^[74,75] Vegna þess hve flatlent Úthéraðið er þá var votlendi þar ekki framræst af jafn miklum krafti og votlendi margra annarra sveita á síðustu öld.

Reki hefur lengst af þótt gulls ígildi og voru sandarnir fyrir Héraðsflóa þar engin undan-tekning. Bæði var um að ræða timbur og tré af öllum stærðum og gerðum en einnig þóttu hvalrekar miklir happafengir að ekki sé talað um skipsströnd. Segja má að Héraðssandar hafi verið eitt helsta timburforðabúr Héraðs í þúsund ár.^[106] Söndunum fyrir Héraðsflóa var skipt upp á milli bæja, en oft voru þeir í eigu stórbýla eða kirkjujarða lengra inn til landsins. Til marks um það áttu Eiðastaður, Hallormsstaður og Skriðuklaustur öll sinn „sand“ og nýttu reka hans.^[74] Reki er mun minna nýttur nú í seinni tíð.

Töluverð kópaveiði var stunduð í selalátrunum við ósa Jöklu og Lagarfljóts áður fyrr, en er nú að mestu aflögð. Lengi vel var stunduð kópaveiði frá Húsey og var veiðin mest á milli 1970 og 1980, 200–300 kópar á ári, en þessi veiði hefur minnkað mikið.^[74] Einnig var einhver kópaveiði stunduð af ystu bæjum í Hlíðinni en í fremur litlum stíl, aldrei meira en 30 kópar á ári.^[41]


Sitt hvorum megin við Héraðsflóa voru áður fyrr verbúðir þaðan sem sóttur var sjór og má þar nefna Eiðaver austan megin og Múlahöfn norðan megin.^[74]

3.3 Gerpissvæðið

3.3.1 Afmörkun

Gerpissvæðið, eins og það er til umfjöllunar hér skv. tillögum Fjarðabyggðar (viðauki 2), nær úr norðri frá Búlandsborgum, eða Borgum í sunnanverðum Norðfirði, suður að Karlsskála í norðanverðum Reyðarfirði (15. mynd). Til vesturs afmarkast það af fjallatoppum milli Norðfjarðarflóa og Reyðarfjarðar og til austurs af sjó. Svæðið tekur nafn sitt af Gerpinum, austasta odda landsins (15. mynd). Það er um 160 km² og náttúra þess er fjölbreytt. Á svæðinu eru eyðibygðir í Hellisfirði, Viðfirði, á Barðsnesi, í Sandvík, Vöðlavík og á Karlsskála. Landslagið er stórbrotið með fjöllum, grösugum dölum með bröttum hlíðum, víkum, fjörðum og fjörum (16. mynd).

15. mynd. Gerpissvæðið eins og það er til umfjöllunar hér. Jarðir í eigu ríkis og sveitarfélags táknuð með brúnum skyggðum flákum (Jarðamerki frá Fasteignamati ríkisins.^[38–40] Þau hafa enga bindandi eða lagalega þýðingu og ekkert gildi hvað afmörkun eignarhalds snertir.)



16. mynd. Gerpissvæðið séð úr Norðaustri. Horft yfir Norðfjarðarflóa t.h. Inn úr honum gengur nyrst Norðfjörður, svo Hellisfjörður og Viðfjörður. Barðsnes og Hornið skaga fram á miðri mynd. T.v. sést inn í Sandvík (mynd: Skarphéðinn G. Þórisson).

3.3.2 Eignarhald

Fimmtán jarðir eru innan svæðisins. Þar af eru þrjár í ríkiseigu, Hellisfjörður, Karlsstaðir og Krossanes. Tvær eru í eigu sveitarfélagsins, Borgir og Sandvík.^[38,39,107]

3.3.3 Verndargildi

Á Gerpissvæðinu, austasta hluta landsins, er ýmislegt að finna sem vert er að vernda. Fögur strandlengja og brattir fjallstindar bæði afmarka svæðið og setja svip sinn á það. Svæðið er ekki vel aðgengilegt og þar er að finna minjar um harðneskjulega lífshætti en um leið ríka menningarsögu. Þar byggðust upp samfélög í kringum landbúnað og útróður sem ýmsir muna enn eftir og flestir hafa heyrt sögur af. Bæði jarðfræði og gróðurfar svæðisins er sérstakt og þar er ríkt fuglalíf. Þá er svæðið talið viðkvæmt fyrir röskun og þykir einkennandi fyrir náttúruferlandshlutans.^[108] Í tilnefningu Fjarðabyggðar til verkefnisins (viðauka 2) er tekið fram að rúmir tveir áratugir séu liðnir frá því friðlýsingaráform komu fyrst fram og þar er einnig bent á ýmis tækifæri með friðlýsingu Gerpissvæðisins, m.a. til verndunar náttúru, villts dýralífs og sögulegrar arfleifðar.

Gerpissvæðið var hluti af tillögum Ní vegna náttúruverndaráætlunar sem plöntusvæði,^[109] bæði árið 2002 og 2008 þar sem afmörkun svæðisins var mjög svipuð og sú sem nú er lagt upp með nema Borgir sunnanvert í Norðfirði voru ekki með (15. mynd).^[108,110] Það er auk þess á náttúruminjaskrá, svæði nr. 650, þar sem því er svo lýst: „Afar fagurt og fjölbreytilegt fjalllendi með líparítinnskotum. Austasti hluti Íslands. Fögur strandlengja“.^[4] Svæðið er álitnið búa yfir sérstæðu gróðurfari sem einkennist af snjóaldagróðri og finnast þar nokkrar sjaldgæfar æðplöntutegundir og tegundir á valista.^[83] Þess vegna hefur verið lagt til að það verði friðað með því markmiði að vernda búsvæði nokkurra sjaldgæfra tegunda og þar með líffræðilega fjölbreytni.^[111,112]

Í 3. gr. náttúruverndarlaga^[10] er tekið fram að stuðla skuli að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags. Gerpissvæðið hefur ekki einungis sérstaka flóru heldur er svæðið einstakt m.t.t. landslagsheildar. Í 50. gr. laganna er sérstaklega kveðið á um landslagsverndarsvæði, þ.e. svæði sem eru sérlega verðmæt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis og friðlýsa má til verndar landslags, sem getur vel átt við Gerpissvæðið.

Gerpissvæðið nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007–2027^[113] vegna „sérstæðs gróðurfars, fjölbreytilegs landslags, fjölbreyttra fjara, merkra jarðminja og vinsæls útivistarsvæðis. Mikilvægi svæðisins felst ekki síst í þeirri heild sem landslag, jarðmyndanir, lífríki og menningarminjar mynda“. Um það gilda því ákveðnar reglur, m.a. er óheimilt að hrófla við þjóðminjum, urða sorp eða losa jarðefni, spilla gróðri, hrófla við jarðmyndunum og trufla dýralíf. Uppgræðsla skal ekki raska náttúrulegu gróðurfari, umferð vélknúinna farartækja er leyfð á skilgreindum svæðum og mannvirkjagerð skal fara að ákveðnum ákvæðum. Svæðið er einnig skilgreint í aðalskipulaginu sem opið svæði til sérstakra nota vegna útivistargildi þess, ætlað til almennrar útivistar og náttúruskoðunar.^[113]

Aðgengi að Gerpissvæðinu er nokkuð takmarkað fyrir fólk nema á bát eða fjórhjóladrifnum jeppa og lítið er um ferðir fólks þar á veturna. Það hvað svæðið er afskekkt gæti verið styrkur og hvatt ferðafólk til að eyða þar meiri tíma í senn og umgangast náttúruna af varkárni. Mikilvægt er að hagræn áhrif svæðisins fari saman með vernd þeirrar einstöku náttúru og sjaldgæfu plöntutegunda sem þar er að finna.

3.3.4 Ógnanir

Hin helsta náttúrulega ógn við svæðið er útbreiðsla framandi og ágengra plöntutegunda, en alaskalúpínu hefur verið sáð í Vöðlavík og er nú nokkuð útbreidd þar.^[110,114] Einnig er örflítið af henni víðar, t.d. við bæinn í Viðfirði. Stjórna þarf útbreiðslu slíkra tegunda og koma í veg fyrir frekari innflutning, auk þess að forðast allt rask á þeim stöðum sem eru mikilvægir fyrir þær sjaldgæfu plöntutegundir sem þar finnast.^[110]

3.3.5 Landnotkun

Gerpissvæðið er skilgreint sem beitarsvæði í aðalskipulagi^[113] og er að einhverju leyti nýtt af sauðfé en líka af hreindýrum til beitar. Í dag er svæðið aðallega notað til útivistar svo sem til göngu, hreindýra- og fuglaveiða, hestaferða og mótorkrossferða. Á hverju sumri fara um 300 manns á vegum Ferðapjónustunnar á Mjóeyri á Gerpissvæðið í gönguferðir og náttúru-skoðun, auk 200 manns sem fara þangað á hreindýraveiðar með Sævari Guðjónssyni, leiðsögumanni með hreindýraveiðum (Sævar Guðjónsson, munnl. uppl. 23. janúar 2020). Einhverjir til viðbótar veiða þar hreindýr með öðrum leiðsögumönnum. Á sumrin er talsvert um ferðafólk í Vöðlavík en þangað liggur tiltölulega greiðfær vegur. Víkin er t.d. vinsæll áningarstaður um verslunarmannahelgina (Ína Dagbjört Gísladóttir, munnl. uppl. 3. desember 2019). Torfærari og fáfarnari vegur liggur út í Viðfjörð. Nokkuð er siglt um svæðið og inn í firðina^[115] en sums staðar er erfitt að koma að landi, t.d. í Sandvík sem gerir hana með afskekktari svæðum Gerpissvæðisins.^[116]

Margar spennandi gönguleiðir eru á Gerpissvæðinu.^[113] Á hverju sumri skipuleggur Ferðafélag Fjarðamanna í samstarfi við Ferðapjónustuna Mjóeyri gönguvíkuna „Á fætur í Fjarðabyggð“. Þá er í boði fjöldi viðburða, gönguferðir og skemmtanir þeim tengdum í heila viku. Þar á meðal er boðið upp á göngur með leiðsögn á Gerpissvæðinu.

Barðsneshlaupið er haldið ár hvert um verslunarmannahelgina, í tengslum við fjölskyldu-hátíðina Neistaflug í Neskaupstað.^[117] Siglt er út á nesið frá Norðfirði og hlaupið til baka og hægt er að hlaupa annað hvort 27 km eða 13 km (frá Hellisfirði).

Skáli Ferðafélags Fjarðamanna er á Karlsstöðum í Vöðlavík og þar er eina gistingin sem býðst almenningi á Gerpissvæðinu (17. mynd^[118]). Þar er góð gisti- og tjaldaðstaða, rúmgóður matsalur, góður borðbúnaður, gaseldavél og kolagrill og vatnssalerni og sturta eru í sér húsi við hlið skálans.^[119] Sjálfboðaliðar sjá um skálavörslu og seldar gistinætur sl. ár hafa verið á milli 100 og 150.^[120]




17. mynd. Skáli Ferðafélags Fjarðamanna á Karlsstöðum í Vöðlavík (mynd: Ferðafélag Fjarðamanna^[118]).

Mörk svæðisins sem er til umfjöllunar hér ná ekki í sjó, en í Norðfjarðarflóa er fyrirhugað fiskeldi og efnistaka í sjó í Hellisfirði og Viðfirði.^[121,122]

3.3.6 Náttúrufar

3.3.6.1 Vistgerðir og gróður

Gerpissvæðið nær frá fjöru upp á fjallatoppa með djúpum fjörðum og grunnum víkum og því fjölbreyttar vistgerðir þar að finna (18. mynd). Samkvæmt vistgerðaflokkun NÍ^[73] er þar að finna 67% allra landvistgerða sem skilgreindar eru á Íslandi utan hrauna og hverasvæða.



18. mynd. Forgangsvistgerðir eða vistgerðir sem njóta sérstakrar verndar. Einnig mikilvæg fuglasvæði, landselalátur, lúpína og ræktað skóglendi.^[40,42,65,72,73,76,78,79,81]

Helstu vistgerðir endurspegla að landið er fjalllent með skriðular hlíðar og grösuga dali. Einkum er þar að finna fjölbreytt mólendi, sem þekja um 41% svæðisins og skriður og kletta sem þekja 23%. Grasmóavist, sem er slétt eða þýft mólendi og finnst gjarnan í nokkrum halla, er algengasta vistgerðin og þekur yfir 12%. Næst algengastar eru ljóslappaskriðuvist og urðarskriðuvist sem hvor um sig þekja rétt undir 12%. Hraungambravist þekur 10% en hún finnst gjarnan á holtum og hæðum, bæði á láglandi og til fjalla og gjarnan þar sem er snjólétt. Lyngmóavist á láglandi og mosamóavist, sem endurspegla vel gróin þurrlend svæði, gjarnan í brekkurótum, þekja tæp 10% hvor (sjá nánar í viðauka 5).^[72,73]

Vistgerðir með *mjög hátt* verndargildi þekja 7%, að mestu leyti starungsmýravist (6%) og runnamýravist á láglandi (0,6%). Vistgerðir með *hátt* verndargildi þekja 30% og eru það einkum grasmóavist og lyngmóavist á láglandi, en einnig bugðupuntsvist (3%) og língresis- og vingulsvist (2%) (18. mynd).^[72,73]

Nokkur vistkerfi njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.^[10] Nokkur slík er að finna á Gerpissvæðinu (18. mynd). Víða er t.d. að finna lítt röskuð votlendi sem ná meira en 20.000 m² að stærð. Einnig njóta stöðuvötn og tjarnir stærri en 1.000 m² verndar, en þar undir falla Lónið og Víkurvatn í Vöðlavík, Vatnshraunstjörn á Barðnesi, Gerpisvatn í Sandvík og Grænavatn í Oddsdal og nafnlausar tjarnir þar í kring. Þá njóta fossar sérstakrar verndar, en þeir eru einhverjir innan Gerpissvæðisins, m.a. Klifafoss í Hellisfirði og Bergárfossar efri og neðri á Barðnesi.^[81]

Forgangsvistgerðir eru skilgreindar af NÍ fyrir tillögur að B-hluta náttúruminjaskrár, m.a. m.t.t. verndargildis og ályktunar Bernarsamningsins.^[76] Fjórar forgangsvistgerðir eru innan Gerpissvæðisins, áður nefnd starungsmýravist sem er nokkuð útbreidd um svæðið, en þó einungis með 6% þekju innan svæðisins og áður nefnd runnamýravist á láglandi sem er eingöngu kortlögð í Hellisfirði.^[73] Við Kirkjuból í Vöðlavík er allnokkur breiða af sjávarfitjungi og Víkurvatn á heiðinni yfir til Vöðlavíkur er skráð sem laukavatn sem er líka forgangsvistgerð (18. mynd).^[76]

Engar forgangsvistir í fjörum eru innan svæðisins svo vitað sé en töluvert er af óflokkuðum grýttum fjörum og óflokkuðum þangfjörum. Mikið er um brimasamar fjörur, hrúðukarla- og hnulungafjörur sem hafa almennt lágt verndargildi hér á landi en hrúðukarlafjörur eru þó á lista Bernarsamningsins.^[72] Á svæðinu, innst í víkum og fjörðum, finnast líka líflitlar sandfjörur sem eru einnig á lista Bernarsamningsins.^[112] Við mörk svæðisins til norðurs, í botni Norðfjarðar, falla leirur að hluta innan svæðisins (18. mynd).^[73]

Margar sjaldgæfar plöntur finnast á Gerpissvæðinu, en það er m.a. þess vegna sem það hefur verið tilnefnt á Náttúruminjaskrá. Í gagnagrunni NÍ eru fjórar tegundir skráðar á Gerpissvæðinu sem eru á válista (19. mynd).^[83,112] Þær eru allar skilgreindar í *nokkurri hættu* (VU), stinnasef finnst á tveimur stöðum í Vöðlavík, skógelfting finnst á fjórum stöðum í Sandvík, lyngbúi finnst á einum stað í Hellisfirði og sífjarsóley finnst einnig á svæðinu en hún er nýlega komin á válista. Auk þessara tegunda finnast ýmsar fremur sjaldgæfar tegundir á Gerpissvæðinu, t.d. fjöllaufungur, lensutungljurt, dúnhulstrastör, hagastör, sóldögg og bjöllulilja.^[112]



19. mynd. Þær plöntutegundir sem eru á valista og hafa fundist innan Gerpissvæðisins. Frá vinstri til hægri: stinnasef, skógelfting, lyngbúi og sifjarsóley (myndir: Hörður Kristinsson,^[123] birtar með leyfi).

3.3.6.2 Fuglalíf

Gerpur er austasti tangi landsins með snarbrattar skriður sem rísa úr sjónum þar til hamrabelti taka við allt upp í 661 m h.y.s. (20. mynd). Gerpur er skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði á Íslandi og alþjóðlega (IBA-svæði, 18. mynd), einkum vegna stórrar fýlabyggðar sem þar er, en fýll er skilgreindur sem tegund í hættu. Um 23.000 pör voru talin þar árið 2015 en auk þess voru 200 talin á Hellisfjarðarnesi, 150 á Barðsnesi að vestan og 1.400 að austan árið 2014.^[59,124] Metinn fjöldi svartfuglspara árið 2008 (mest langvía) var tæplega 1.100 í Hesturð á Barðsnesi og tæp 600 í Gerpi.^[125] Ritubyggðir voru skráðar 1984,^[126] við Barðsnesbæinn voru 305 hreiður, 220 nærri Rauðubjörgum, 650 í Hesti austan í Barðsnesi og 408 í Gerpinum. Allstór æðavörp eru í Viðfirði og Hellisfirði (nytjuð) og á Mónesi austan á Barðsnesi. Bjargdúfur verpa í sjávarklettum við Hellisfjörð og eflaust víðar. Fálki hefur orpið á svæðinu og heimildir geta um eitt óðal arnar á svæðinu.^[112]



20. mynd. Gerpur (mynd: Skarphéðinn G. Þórisson).

Náttúrustofa Austurlands gerði úttekt á varpfuglum á Gerpissvæðinu (og víðar) árið 1999.^[127] Í þeim fjórum reitum sem Gerpissvæðið fellur undir (skv. reitakerfi NÍ) voru skráðar á bilinu 13 til 36 fuglategundir árið 1999 og varp var staðfest hjá 62–76% þeirra.

3.3.6.3 Spendýr

Þrjú landselalátur eru skilgreind á Gerpissvæðinu, þau eru á Landsenda í Vöðlavík, við Löngufjörur á sunnanverðu Barðsnesi og við Sveinsstaðaeysi í Hellisfirði. Svæðin tilheyra stærra talningarsvæði sem nær frá Dalatanga í Reyðarfjörð. Fáir selir hafa sést í talningum á þessu svæði og voru þar engir selir í talningum 2003 og 2006 en 27 selir árið 2011 og einungis 1 árið 2016.^[79,90] Þekkt selalátur var líka á Vogatanga undir Efri-Hádegistindi út með Vöðlavík norðanverðri, en því var eytt í aðgerðum hringormaneftndar á síðustu öld.^[128] Þá er í þjóðsögum getið um Barða goða á Barðsnesi og tröllskessu í Skollaskarði sem deildu um selaveiðina á Selasandi undir Skollaskarði sunnanvert á Barðsnesi.^[129]

Hreindýrin námu líklega Gerpissvæðið á 7. áratug síðustu aldar. Þeim fjölgaði mjög upp úr 1970 og voru talin vera um 300 veturinn 1974–1975 en um 600 sumarið 1986. Í hörðum vetrum gengu þau nærri landi^[130] og því var þeim fækkað verulega upp úr 1990. Frá 2008 til 2020 hefur vetrarstofn dýra á Gerpissvæðinu verið að meðaltali áætlaður 245 dýr (spönn: 150–320). Gerpishjörðin er oft líka kennd við Sandvík enda bera margar kýr þar og dvelja sumarlangt.^[131]

Refur er algengur á Gerpissvæðinu en hefur verið ofsóttur þar eins og annars staðar. Víða sækir hann sér æti í fjöruna og í björg þar sem fyll er. Minkurinn dreifðist réttisælís um landið og nam Austfirðina á 7. áratug síðustu aldar^[132] og fór Gerpissvæðið ekki varhluta af því.

3.3.6.4 Jarðfræði

Á Gerpissvæðinu er Barðsneseldstöðin sem er að stærstum hluta neðansjávar. Þar finnast elstu jarðlög á Austurlandi, um 14 milljón ára gömul. Landslag er fagurt og fjölbreytilegt með líparítinnskotum (Gerpisrýólít), sem er ein af ástæðum þess að svæðið er á náttúruminjaskrá.^[110,112] Rauðubjörg á Barðsnesi eru úr líparíti, áberandi og litrík og virðast gjarnan böðuð sólskini vegna litarins. Þykkt gjóskulag með plöntusteingervingum, svokallað Barðatangatúff finnst á Barðsnesi og austan við Horn á Barðsnesi má sjá kolaða trjástofna sem eru elstu þekktu gróðurleifar á Austurlandi.^[112,116] Víða má finna litríka og fallega steina á ferðum um svæðið.

Engar jarðmyndanir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd^[10] eru kortlagðar innan svæðisins.^[81] Ekki hefur enn verið lokið við að skrá og meta verndargildi jarðminja, líkt og gert hefur verið með vistgerðir, en að mati NÍ^[112] er líklegt að líparíthraunin (Gerpisrýólít) og gjóskulagið með plöntusteingervingum (Barðatangatúff) verði skilgreind með miðlungs til hátt verndargildi.

3.3.6.5 Víðerni

Skilgreining á hugtakinu víðerni getur verið umdeild og upplifun fólks á víðernum getur verið mjög mismunandi. Samkvæmt lagalegri skilgreiningu eru óbyggð víðerni a.m.k. 25 km² stórt svæði í óbyggðum þar sem hægt er að njóta náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum.^[10] Gildi víðerna í hugum landsmanna felast hins vegar fyrst og fremst í tækifæri til að geta upplifað kyrrð og ró og notið náttúrunnar og af þeim svæðum á Austurlandi sem almenningur hefur metið er Gerpissvæðið það svæði sem fólk upplifir hvað mesta víðernið (21. mynd).^[133]

3.3.7 Saga og menning

3.3.7.1 Menningarminjar

Engar menningarminjar eru tilgreindar á Gerpissvæðinu skv. Minjastofnun^[134] og engar minjar eru tilgreindar með vernd á svæðinu í Aðalskipulagi Fjarðabyggðar.^[113] Fjöldi fornleifa hefur verið skráður á svæðinu frá Borgum í Norðfirði til Sandvíkur í úttekt Minjastofnunar Austurlands^[135] og eru þær áhugaverður vitnisburður um búskaparhætti og útræði sem stundað var allt fram á fyrri hluta síðustu aldar. Minjar gamla tímans eru víða auðsýnilegar og skapa svæðinu sérstöðu.

3.3.7.2 Hellisfjörður

Hellisfjörður er miðfjörður Norðfjarðarflóa, opinn mót norðaustri. Fjögur eyðibýli eru í honum norðanverðum. Aðaljörðin í firðinum ber nafn hans og var nokkuð inn af fjarðarbotni en önnur jörð, Sveinsstaðir, var sjálfstæð jörð út með firðinum. Báðar fóru þær í eyði árið 1952.^[116] Á árunum 1901 til 1913 var starfrækt í landi Sveinsstaða norsk hvalstöð sem dró alls 1.244 hvali á land.^[136] Á Sveinsstaðaeyri má enn sjá ýmsar minjar um þennan rekstur, en innan við eyrina stendur nú sumarbústaður í einkaeigu.

Búið var á nokkrum öðrum bæjum í Hellisfirði í lengri eða skemmri tíma en akvegur var aldrei lagður til fjarðarins. Jarðýta var þó lögð af stað frá Norðfirði um 1970 til að ryðja vegslóða en hún var stöðvuð utan við Búlandsborgir og vélar komu ekki við búskaparsögu Hellisfjarðar.^[116]

3.3.7.3 Viðfjörður

Viðfjörður er um 3 km á lengd, opinn mót norðnorðaustri og dregur nafn sitt af því að hafstraumar flytja óvenjumikinn rekavið inn í botn fjarðarins.^[116] Fjögur eyðibýli eru í Viðfirði, þar af eitt fornþýli, Másstaðir, sem er staðsett út með firðinum að norðanverðu. Á aðaljörðinni, Viðfirði, hefur líklega verið búseta lengst af allt frá landnámsöld til ársins 1955 og áður en bærinn fór í eyði hafði sama ættin búið þar frá miðri 18. öld.^[41,116]

Akfær vegur var lagður til Viðfjarðar upp úr 1940 sem var einnig notaður af Norðfirðingum þangað til vegur var lagður um Oddskarð rúmum áratug síðar. Viðfirðingar byggðu hús í Viðfirði árið 1932, hannað af Guðjóni Samúelssyni, þar sem þeir þjónuðu ferðamönnum á leið til og frá Neskaupstað á fimmta áratugnum, en rútur óku í Viðfjörð þaðan sem síðan var siglt til Neskaupstaðar.^[116] Húsið er í dag í einkaeigu (Ína Dagbjört Gísladóttir, munnl. uppl. 3. desember 2019).

Talið er að öldum saman hafi verið reimt í Viðfirði og var reimleikinn í hámarki á fyrri hluta 20. aldar þegar draugagangur og ókennilegir menn og dýr birtust þar mönnum við ólíklegustu aðstæður. Þórbergur Þórðarson rithöfundur gerði þessum atburðum góð skil og nefndi einu nafni Viðfjarðarundrin.^[137] Draugar eru t.d. taldir hafa átt sök á drukknun þriggja bræðra auk fjórða manns sem lést úr hjartabilun í róðri haustið 1936. Minningarsteinn um sjóslýsið er ofan við bryggjuna í Viðfirði (Ína Dagbjört Gísladóttir, munnl. uppl. 3. desember



21. mynd. Upplifun ferðamanna á víðerni (klippt úr rannsókn á viðhorfi og upplifun Íslendinga á víðernum, óbyggðum og miðhálandi Íslands^[133]).

2019). Þá er fræg ljósmynd sem tekin var í Viðfirði á árunum 1930–1935 þar sem svo virðist sem draugagangurinn hafi verið festur á filmu, þar sem vofa sést á glugga.^[41,138] Reimleika hefur orðið vart annað slagið á seinni árum, þó gamlir Viðfirðingar og fleiri dragi slíkt í efa. Unglingadeild Björgunarsveitarinnar Gerpis í Norðfirði fór oft í ferðir til Viðfjarðar og eru til skrásettar frásagnir af reimleikum í þeim ferðum, m.a. þar sem talstöð varð óstarfhæf án skýringa, hvít vera dansaði á sandinum í marga klukkutíma að nóttu til og grunsamleg steikingarlykt gaus upp svo eitthvað sé nefnt.^[138]

Einn þeirra sem fórst í sjólysingu 1936 var Sófus Sveinsson en hann smíðaði Viðfjarðartaflíð, listasmíð úr Hallormsstaðabirki sem var m.a. sýnt á heimssýningu en er nú varðveitt í Safna-húsinu í Neskaupstað. Dr. Björn Bjarnason var einnig frá Viðfirði en hann fæddist árið 1873 og starfaði sem kennari auk þess sem hann vann við orðabókasmíð og orðasmíð (Ína Dagbjört Gísladóttir, munnl. uppl. 3. desember 2019). Hann kenndi m.a. Þórbergi Þórðarsyni íslensku og hafði hann fengið á honum „ó dauðlegar mætur“ að eigin sögn.^[137]

Viðfjarðarskotta eða Skotta er landspekkt úr skrifum Þórbergs,^[137] en þannig nefndi hann unga stúlku frá Viðfirði sem hann kynntist í Reykjavík og hreifst strax af henni og uppruna hennar, m.a. vegna tengsla hennar við Dr. Björn.

3.3.7.4 Barðsnes

Barðsnes er nefnt eftir aðaljörðinni á nesinu langa og mjókkandi sem endar í svo örpunnu Horni (Barðsneshorni) að þar geta þeir setið klovvega sem þora.^[116] Barðsnesbæir eru líka kallaðir Suðurnesbæir, þeir voru alls fjórir og allir norðanmegin á nesinu. Byggð fór í eyði á árunum 1952–1957 ásamt byggðum í Hellisfirði og Viðfirði en Barðsnesbærinn og Stuðlar standa enn. Engin bryggja er á Suðurbæjum en landing er rétt innan við Barðsnesbæinn sem reyndar er afar ótrygg því brimasamt er ef opið er fyrir norðlægum áttum.^[116]

Freysteinn fagri nam land á Gerpissvæðinu og bjó á Barðsnesi sem eftir því að dæma er landnámsjörð.^[116] Hugsanlegt er að nafn sitt hafi jörðin fengið af staðháttum, þar sem hún stóð á vallengisbarði.^[139]

Síðar urðu til þjóðsögur um landnám Barða sem jörðin ku heita eftir og yst á tanganum er grasi vaxinn hóll sem nefnist Barðahaugur og er sagður legstaður þjóðsögufrumbyggjans á Barðsnesi.^[116] Barði mun m.a. löngum hafa deilt við illan vætt sem bjó í Skollaskarði, t.d. um áður nefnda selveiði á Selasandi. Var vættinni illa við Barða og reyndi að koma honum fyrir kattarnef með því að senda skriðu niður fjall í átt að bænum. Barði sá við henni og stöðvaði skriðuna með rekuspaða sínum, en sá að ekki varð við unað og flutti bæinn lengra frá Skollaskarði.^[129]

3.3.7.5 Sandvík

Sandvík er eitt afskekktasta svæðið á Gerpissvæðinu, fjöllum girt en opin móti sjó í norð-austri með breiðum sandi og erfiðum landingum beggja vegna. Í Sandvík var austasta byggð landsins og árið 1901 var búið þar á fimm bæjum, samtals 54 manns með 400 fjár, 20 nautgripi og 10 hross.^[116]

Lítill verstöð var á Skálum, útróðrarstað Víkurbúa og aðkomumanna frá 1909 til 1933.^[135] Þar störfuðu allt að 100 manns við sjóróðra og fiskverkun, aðallega frá Norðfirði og enn sjást talsverð ummerki eftir þessi umsvif.^[116,135]

Allt var flutt til og frá Sandvík á hestum og sími var aldrei lagður þangað, en síðasti bærinn fór í eyði árið 1946.^[116] Fjöldi forminja hafa verið skráðar í Sandvík, margar ævafornar.^[135]

Nokkur skip hafa endað siglingu sína í Víkursandinum í gegnum tíðina, þ.á.m. norska síldarflutningaskipið Gesina sem strandaði þar árið 1966 en engan sakaði.^[116] Í Sandvík er slysavarnarskýli sem björgunarsveitin Gerpír í Neskaupstað heldur úti.

Við Sandvík er þekktur draugur sem fylgir gjarnan Sandvíkingum, Sandvíkur-Glæsir, en honum eru eignaðir margir hrekkir líkt og að taka höfuðið ofan þegar hann heilsar fólki.^[140]

3.3.7.6 Vöðlavík

Vöðlavík liggur sunnan Gerpis og hét Krossavík allt fram á 17. öld. Föst búseta var í Vöðlavík allan fyrri hluta 20. aldarinnar á fjórum jörðum sem sumar hverjar voru tvíbýlar, en Víkin fór svo nokkuð skyndilega í eyði á árunum 1965 til 1968.^[116] Vegur var lagður til Vöðlavíkur árið 1940 og sá vegur er í dag fær flestum fjórhjóladrifnum bílum. Á leiðinni upp Víkurheiði er gott útsýni inn og út Reyðarfjörð.^[116]

Í Vöðlavík er gistiskáli Ferðafélags Fjarðamanna sem var reistur árið 2003 og þar er m.a. vatnssalerni og sturta.^[119] Á Ímastöðum eru einnig bústaðir ættingja síðustu ábúenda en bærinn heitir eftir tröllskessu sem átti sér samastað í Ímadal.^[116] Hús standa einnig uppi á Vöðlum og Þverá og auk þess eru nokkur sumarhús í víkinni.^[141]

Nokkur hörmuleg sjóslys hafa orðið við Vöðlavík. Í desember 1993 strandaði þar báturinn Bergvík og farsællega tókst að bjarga fimm manna áhöfninni en mánuði síðar þegar koma átti Bergvík á flot strandaði björgunarskipið Goðinn með sjö manna áhöfn.^[116] Einn úr áhöfninni fórst í slysinu en öðrum tókst að bjarga í langri björgunaraðgerð í illviðri með aðstoð þylrusveitar varnarliðs Bandaríkjahers. Goðinn grófst í sandinn, en Bergvík náðist síðar af strandstað.^[116,142]


Á árum seinna stríðs fórst þýsk herflugvél á Valahjallaklettum ofan við bæinn Krossanes. Fjórir flugmenn hennar fórust og má enn sjá brak úr vélinni í fjallshlíðinni.^[116] Er það trú manna að þar hafi völvan í Völvuleiðinu á Hólmahálsi verið að verki og haldið verndarhendi yfir byggðinni.

Til eru sögur af illvætti í líki nykurs í Víkurvatni sem truflaði silungsveiði í vatninu. Var presturinn á Hólmum fenginn til að hjálpa til við að losna við óvættinn með því að vígja vatnið. Við þetta ókyrrðist nykurinn og hljóp á ógnarhraða í Grænavatn þar nokkru norðar.^[143]

3.4 Svæði í Djúpavogshreppi

3.4.1 Afmörkun og eignarhald

Svæðin þrjú sem tilgreind voru af Djúpavogshreppi voru skýrt afmörkuð (22. mynd) (viðauki 3). Búlandsnes er nes milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar (22. mynd, svæði 1). Á norðanverðu nesinu liggur þorpið Djúpivogur. Eyfreyjunestangi og Eyfreyjunesvík innan við þéttbýlið, sunnanvert í Berufirði (22. mynd, svæði 2). Bæði svæðin eru alfarið í eigu sveitarfélagsins. Álftafjörður er grunnur fjörður sunnan við Hamarsfjörð (22. mynd, svæði 3). Svæðið afmarkast af Fitjatanga á Melrakkanesi í norðri, neðan Þjóðvegur til Styrnishafnar í suðri og aftur norður yfir fjörðinn utan við Starmýrarfjörur, út fyrir Hrómundarey og aftur að Fitjatanga (viðauki 3). Innan þess eru eignarlönd 11 jarða, en af þeim eru tvær jarðir í ríkiseigu.^[38]



22. mynd. Svæði sem Djúpavogshreppur lagði til að yrðu friðuð. T.v. nr 1, Búlandsnes og nr. 2, Eyfreyjunestangi og Eyfreyjunestangi. T.h. nr. 3, Álftafjörður. Kortin eru klippt úr tillögum Djúpavogshrepps (viðauki 3).

Búsvæði fugla í Álftafirði (Starmýrarteigar) er að mestu sjávarlón (22. mynd). Þvottáskriður – Hvalnesskriður eru skammt undan til suðurs frá Álftafirði, en þær eru skilgreindar á B-hluta náttúruuminjaskrár vegna fuglalífs. Þar er mikilvægt fuglasvæði á Íslandi og alþjóðlega (IBA-svæði), einkum vegna mikilvægi þess sem fjaðrafellisvæði fyrir æður og varpsvæði fyrir teistu.^[59]

3.4.2 Verndargildi

Svæðin þrjú sem um ræðir eru ólík, bæði að stærð og gerð. Náttúruverndargildi þeirra er einnig mismunandi, Búlandsnes er mikið notað og fjölbreytt útivistarsvæði sem nýtt hefur verið með ýmsum hætti í gegnum tíðina, Eyfreyjunestangi og Eyfreyjunestangi eru lítil svæði sem þó hafa fjölbreytt landslag og Álftafjörður er stórt svæði sem að mestu er sjávarlón eða leirulón. Svæðin eiga það þó öll sameiginlegt að vera varpsvæði fugla og fuglalíf á stóran þátt í að móta verndargildi þeirra allra.

3.4.2.1 Búlandsnes

Á Búlandsnesi er um að ræða einstaka, lítið raskaða landslagsheild nærri þéttbýli. Á svæðinu er m.a. að finna fjölbreytileg vötn, bæði ferskvötn og ísölt vötn, sjávarkletta, klettabelti, sendnar fjörur, mólendi, eyjar, flæðilönd og eyrar. Á svæðinu er mjög tegundaríkt fugla- og dýralíf, auk menningarminja með mikið fræðslu- og rannsóknargildi.^[144]

Búlandsnes nýtur ekki friðunar. Svæðið sem hér er til umfjöllunar nær yfir land sem kallað er Útland en hluti svæðis sem kallað er Suðurland fylgir með. Á nesinu er sérstæð náttúruvegur og margt um minjar og örnefni. Búlandsnes er að hluta hverfisverndarsvæði í aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008–2020. Það verndarsvæði markast að vestanverðu af fjöru við Kolpúfuta í suðri og fylgir fjöruborði 50 m inn í land að Straumsnöfum, mitt á milli Hundavogs og Jakobsvogs. Þaðan liggja mörkin í beinni línu í norðaustur vestan Borgargarðsvatns að þéttbýlismörkum við vesturmörk lóðar Djúpavogskirkju og áfram með þéttbýlismörkum að Mönnutanga við austanverðan Djúpavog. Undanskilið hverfisvernd er þó flugbraut, verslunar- og þjónustusvæði við norðurenda flugbrautar, nytjagarðar og vegir á

svæðinu.^[144] Á hluta svæðisins vex lúpína og æskilegt væri að hefta útbreiðslu hennar þar ef til friðunar kæmi, til að verja þær vistgerðir sem fyrir eru fyrir henni.

3.4.2.2 *Álftafjörður*

Álftafjörður er á náttúruminjaskrá vegna forgangsvistgerða og forgangstegunda far- og fellifugla. Það er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði á Íslandi og alþjóðlega (IBA-svæði).^[59]

Aðalmunurinn á afmörkun svæðisins í tillögum Ní í B-hluta náttúruminjaskrár^[58] og sveitarfélagsins (22. mynd, svæði 3) er að tillögur sveitarfélagsins gerðu ráð fyrir að svæði með sjó að norðanverðu væru innan þess og að svæðið næði einnig yfir Hrómundarey. Í Álftafirði eru fjórar eyjar, Nesbjörg, Brimilsnes, Skeljateigur og Lynghólmi sem ásamt smáeyjum og skerjum lenda innan friðlýsts svæðis.

3.4.2.3 *Eyfrejunesvík og Eyfrejunestangi*

Þessi svæði eru staðsett við ríkisjörðina Teigarhorn sem er friðlýst sem náttúruvætti og fólkvangur en svæðin sjálf eru ekki friðlýst. Í aðalskipulagi Djúpavogshrepps fyrir tímabilið 2008–2020 er gert ráð fyrir hverfisvernd í Eyfrejunesvík og -tanga.^[144]

3.4.3 *Landnotkun og ógnanir*

3.4.3.1 *Búlandsnes*

Mikið æðarvarp, sem var nytjað, var í eyjunum úti fyrir Búlandsnesi á meðan þær voru umflotnar sjó. Þegar sandur fyllti sundin milli lands og eyja eitt af öðru þá minnkaði æðarvarpið sem er mjög lítið í dag. Nokkur heyskapur var þar einnig, hagaganga og fuglalaveiði, en reki var lítill. Á árum áður var útræði töluvert á nesinu og eyjum þar í kring, sérstaklega frá Úlfsey.^[41,145] Í bók sinni, sem gjarnan er nefnd Búkolla, tilgreinir Ármann Halldórsson^[41] fuglaveiði, dúntekju og kópaveiði upp á 15 kópa árlega sem hlunnindi af Búlandsnesi.

Flugvöllur Djúpavogshrepps, Selabryggjuflugvöllur, er á Búlandsnesi, sunnan við þéttbýlið. Flugbraut hans er 745 m löng með malarslitlagi, skilgreind sem landingarstaður.^[144] Frumhugmyndir um stækkun á flugvellinum liggja fyrir þar sem einnig er gert ráð fyrir öryggis-svæði umhverfis völlinn, svo hann uppfylli kröfur sem viðurkenndur sjúkraflygavöllur. Stækkun vallarins mun hafa einhver neikvæð áhrif á ríkulegt fuglalíf sem þar er að finna, auk þess að hafa áhrif á lífríki á flæðileirum og á landslag á svæðinu. Á söndunum á Búlandsnesi hefur um árabíl verið efnistaka við suðurenda flugvallarins.^[144]

Á Bóndavörðu við Djúpavog er sendir Ríkisútvarpsins fyrir útvarp og sjónvarp.^[144] Síðustu áratugi hefur áhugi fólks aukist á því að nýta svæðið á Búlandsnesi til ýmiskonar afþreyingar og útivistar. Vegna þess er gert ráð fyrir í aðalskipulagstillögum að svæðið verði fjölskylduvænt útivistarsvæði. Þannig er t.d. ráðgert að takmarka umferð vélknúinna ökutækja og lausra hunda að sumri til að vernda gróður, fugla- og dýralíf, sem einnig myndi auka náttúruupplifun gangandi fólks sem er algengt á svæðinu á sumrin.^[144]

3.4.3.2 *Álftafjörður*

Á jörðum í Álftafirði hefur sauðfjárbúskapur verið uppistaðan í búskap, með stuðningi frá sjósókn og hlunnindum af dún og veiði. Áður fyrr voru margháttaðar veiðar stundaðar í Álftafirði, bæði innfjarðar og við eyjar og sker úti fyrir. Innfjarðar var selur veiddur í nætur og net og aðalsveiðijarðirnar í gamla Geithellnahreppi voru Hof með 50-150 landselskópa (vorkópa), Geithellar með 60 vorkópa og Melrakkanes með 100 vorkópa.^[144] Lúruveiðar (smár skarkoli) voru stundaðar í dráttarnet, lagnet eða þær stungnar á botni. Stærsta eyjan í

Álftafirði er Brimilsnes og hafa ýmis hlunnindi fylgt henni s.s. æðavarp, selveiði, beit og nokkur heyskapur. Nesbjörg er næststærsta eyjan og er hún nú landtengd á fjöru, en þar er einnig dálítið æðavarp.^[145]

Reki var áður fyrr mikilvæg búbót fyrir ábúendur jarða, en mikilvægi hans hefur minnkað mikið síðustu öldina. Mesti rekinn var á Starmýrarfjörurnar, en einnig eitthvað í landi Melrakkaness.^[41]

Víðáttumikið votlendið við Álftafjörð bjargaði bændum fyrri tíðar oft um hefyng þegar annað brást. Vegna þess hversu flatt landið er þá slapp það að miklu leiti við framræslu á síðustu öld en mikið af votlendinu lendir undir vatni á stórstraumsflóði.^[145]

Silungsveiðar hafa verið stundaðar í Álftafirði og þeim ám sem í hann renna í langan tíma og eru þær taldar með sem hlunnindi á jörðum sem að honum liggja.^[41,93] Þrjár ár renna í Álftafjörð ásamt fjölda minni lækja. Þessar ár eru Selá sem rennur út Starmýrardal, Hofsá sem á upptök sín í Hofs- og Flugustaðadal og Geithellnaá sem rennur út Geithellnadal.^[145] Jökulbráð finnst bæði í Hofsá og Geithellnaá en ekki í Selá. Fyrirnefndu tvær árnar hitna því ekki eins mikið með auknum lofthita og annars.^[97] Ósasvæði allra þessara áa lendir innan svæðisins. Einhver veiði er í þeim öllum. Í Geithellnaá og Hofsá er fyrst og fremst sjóbleikja en í Selá eru meiri líkur á því að fá lax.^[146] Síðustu ár hefur verið unnið að ræktunarstarfi í Selá til að auka þar laxveiði og árið 2019 var fyrsta árið frá árinu 2014 sem veiði var leyfð í henni.^[147] Lög um lax- og silungsveiði takmarka töluvert mögulega nýtingu þar sem bannað er að leggja net eða veiða í nálægð við ósa straumvatna þar sem fiskur gengur.

Lítilsháttar ferðaþjónusta er að Starmýri og eru þar leigð út þrjú 3–4 manna sumarhús.^[148] Norðan megin í Álftafirði er boðið upp á gistingu í fjórum stúdíóbúðum í landi Blábjarga sem kölluð er „Krákhamar Apartments“.^[149]

Efnisnámur eru nokkrar á svæðinu, en flestar eru þær fullfrágengnar.^[46] Í grein frá árinu 1929 fjallar Björn Kristjánsson um leit sína að góðmálmum hér á landi. Þar kemur fram að í landi Þvottár, Starmýrar, Hnauka og Markúsarsels fann hann bæði gull og platínu í bergi.^[150] Engar frekari rannsóknir hafa farið fram á því hvort góðmálmur þessir séu í vinnanlegu magni á svæðinu. Samkvæmt kortasjá Orkustofnunar þá eru engar virkjanir í rekstri í Álftafirði en tvær heimarafstöðvar voru í rekstri í firðinum fram á áttunda áratug síðustu aldar.^[151]

3.4.3.3 Eyfreyjunesvík og Eyfreyjunestangi

Á svæðinu stendur bærinn Framnes. Ábúendur þar eru með æðarvarp, sem að mestum hluta er staðsett á tanganum og í klettinum og urðinni upp af honum við víkina. Saga er fyrir æðarvarpi á svæðinu þar sem því hefur verið sinnt af ábúendum á Framnesi frá árinu 1946.^[152] Í dag er dúnninn seldur og áform eru um eflingu varpsins, fullvinnslu dúns og er vöruþróun hafin.

3.4.4 Náttúrufar, saga og minjar á svæðum í Djúpavogshreppi

3.4.4.1 Búlandsnes

3.4.4.1.1 Vistgerðir og gróður

Vistgerðir svæðisins eru mjög fjölbreyttar. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu NÍ^[77] eru skráðar á svæðinu 24 landvistgerðir, tvær ferskvatnsvistgerðir og fjórar fjöruvistgerðir. Af landvistgerðunum er starungsmýravist flokkuð með *mjög hátt verndargildi*. Vistgerðir með *hátt verndargildi* á svæðinu eru sjávarfitjungsvist, sjávarkletta- og eyjavist, bugðupuntsvist,

snarrótarvist, grasengjavist, língresis- og vingulvist og grasmóavist.^[72] Starungsmýravist og sjávarfitjungsvist eru flokkaðar sem *forgangsvistgerðir* hér á landi og njóta þar með sérstakrar verndar.^[76] Hluti svæðisins er framræst túnlendi og einnig er töluverður hluti svæðisins þakinn lúpínu. Fjöruvistgerðir eru ekki fullgreindar og því ekki hægt að leggja mat á verndargildi þeirra að svo stöddu.^[77]

3.4.4.1.2 Fuglalíf

Mikið og sérstakt fuglalíf einkennir Búlandsnesið. Votlendi, tjarnir og fjörur þar eru mikilvægt varpland votlendisfugla og er m.a. mjög fjölbreytt andavarp á svæðinu. Þar verpa um tíu tegundir, s.s. brandendur, gargendur, skúfendur og skeiðendur. Einnig verpa flórgoði, lómur, kría og hettumáfur við vötnin (23. mynd). Vötnin og votlendið eru auk þess viðkomustaður margra fuglategunda í lengri eða skemmri tíma.^[59] Breiðivogur er vatn sem er að hluta til salt þar sem á stórstraumsflóði rennur sjór þvert yfir Grunnasund og í Breiðavog. Ákveðnar tegundir fugla hafa þar fasta árlega viðkomu og/eða verpa á svæðinu. Við Breiðavog má oft sjá fugla eins og brandendur, toppendur svo og aðrar tegundir andfugla. Grunnasund er flæðiland þar sem gætir mikilla sjávarfalla og er kjörsvæði margra vaðfuglategunda.^[144] Vötnin þykja kjörinn staður fyrir áhugamenn um fuglaskoðun og hafa sem slík mikið fræðslugildi. Aðgengi að svæðinu er mjög gott og því auðvelt að nýta það til fræðslu og ferðamennsku. Hið fjölbreytta fuglalíf í Djúpavogshreppi varð kveikjan að því að árið 2002 fór af stað verkefni sem miðaði að því að markaðsetja Djúpavogshrepp og næsta nágrenni hans sem fuglaskoðunarsvæði. Í framhaldi af því var sett upp vefsíðan www.birds.is þar sem dregnar voru saman helstu upplýsingar um fuglaskoðun í Djúpavogshreppi.



23. mynd. Flórgoði (t.v.) og lómur (t.h.) eru meðal fuglategunda sem verpa við vötnin á Búlandsnesi (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).

3.4.4.1.3 Spendýr

Hreindýr sjást að vetrum í byggð á Djúpavogi og ganga þá stöku sinnum út á Búlandsnesið. Líklegt er að fjölbreytt fuglalífið dragi að sér bæði tófu og mink, en gera má ráð fyrir því að byggðin hafi þar fælingarmátt á móti.

Landselir eru algengir við nesið og samkvæmt skráningu selaláttra er selalátur í Þrætuskeri út af enda flugbrautarinnar á Búlandsnesi.^[79] Einnig sjást útselir á svæðinu og farselir hafa sést við og við.^[144] Búast má við að algengustu hvalategundir sjáist annað slagið af nesinu. Annað slagið reka hvalir á nesið, t.d. skugganefja árið 1998^[153] og tvær andanefjur árið 2007.^[154]

3.4.4.1.4 Fiskar og önnur sjávardýr

Ekki eru til miklar upplýsingar um fiska á svæðinu. Gera má ráð fyrir að flatfiskur finnist á leirum svæðisins og hornsíli í tjörnum. Þorskfiskar og aðrar tegundir sjávarfiska finnast væntanlega einnig við ströndina.

3.4.4.1.5 Jarðfræði

Miklar breytingar hafa átt sér stað á nesinu síðustu árhundruðin vegna mikils sandburðar. Á Búlandsnesi er að finna landfaster eyjar sem margar hverjar voru umflotnar sjó um miðja síðustu öld. Má þar nefna: Hrísey, Hvaley, Sandey, Kiðhólma og Úlfsey. Margir fallegir berggangar eru á nesinu og má þar sérstaklega minnst á Loftskjól sem er einstaklega fallegur berggangur er liggur suðvestur-norðaustur yfir Búlandsnes skammt utan við Bóndavörðu.^[145]

3.4.4.1.6 Fornminjar, söguslóðir og þjóðsögur

Í fyrstu drögum að minjaskráningu í landi Búlandsness er mikill fjöldi minja skráður á svæðinu.^[155] Mikið af þessum minjum tengjast sjósókn og eru í mikilli hættu á því að hverfa vegna sjávarrofs og sandburðar. Nú þegar hafa merkar minjar um sjósókn í eyjum út af Búlandsnesi horfið í greipar ægis.

Fýluvogur er vatn á Búlandsnesi, í næsta nágrenni við Djúpavog, sem á sér merka sögu þar sem þess er getið að Hamborgarar hafi fyrst fengið leyfisbréf til verslunar við Berufjörð árið 1589. Á svæðinu eru menningarminjar, sem kalla á uppmælingu og rannsóknir. Úlfsey sem nú er landföst var stærsta eyjan við Búlandsnes og var þar áður verstöð. Norðaustan á eyjunni er svokallaður Úlfshaugur þar sem að þjóðsagnapersónan Úlfur á að vera heygður, en hann átti að vera einn af þremur bræðrum sem heygðir voru á eyjum þarna í grenndinni.^[145] Sveitastjórn Djúpavogshrepps hefur lagt til að þessir þrír grafhólar (Eskilshaugur, Úlfshaugur og Hrómundarhaugur) verði friðlýstir.^[144] Austan við kaupúnið á Djúpavogi er Bóndavarða efst á Bóndavörðuhrauni. Munnmæli eru um að eftir Tyrkjaránið 1627 hafi menn staðið vörð þarna í hrauninu og tínt saman í þessa vörðu.^[145]

3.4.4.2 Álftafjörður

Álftafjörður er syðsti fjörður Suður Múlasýslu, fjörðurinn er 34,5 km² að flatarmáli og flokkaður sem sjávarlón í undirflokk leirulóna, en í þeim eru veruleg sjávarföll og oft þarna þau að mestu upp þegar lágsjávað er.^[156,157] Selta er mikið háð rennsli ferskvatns í lónið og fer seltan lækkandi frá ós lónsins að ósum vatnsfalla sem í það renna. Seltan sveiflast einnig mikið með sjávarföllum.^[97] Starmýrafjörur skilja á milli lóns og hafs, en þær eru ekki breiðari en svo að stórbrim ganga yfir þær.^[144] Mest allur Álftafjörðurinn er afar grunnur þannig að á fjöru eru víðlendar leirur á þurru og vatn einkum í dýpri kílum og fjörðurinn ekki bátgengur nema á flóði.

3.4.4.2.1 Vistgerðir og gróður

Á grunnsævi og leirum í Álftafirði vaxa vatnaplöntur á stórum svæðum, eins og fergin og marhálmur, en fitjungur við strendur.^[145] Þar er einnig sjávarfitjungsvist (24. mynd t.v.) og gulstararfitjavist, sem báðar flokkast sem forgangsvistgerðir hér á landi. Sérstaklega hefur gulstararfitjavist hátt verndargildi og er hún á lista Bernarsamningsins frá árinu 2014 um vistgerðir sem þarfnast verndar í heiminum.^[72,76]

Samkvæmt vistgerðarkorti NÍ^[77] má í Álftafirði finna bæði runnamýravist á láglandi og starungsmýravist, sem báðar hafa mjög hátt verndargildi. Einnig eru þar kortlagðar

bugðupuntsvist, snarrótarvist, grasengjavist, língresis- og vingulvist og grasmóavist sem allar eru með *hátt* verndargildi. Af fjöruvistgerðum má finna klóþangsfjörur norðan megin í firðinum sem flokkuð er sem forgangsvistgerð og af ferskvatnsvistgerðum finnast bæði strandvötn og tegundarík kransþörungavötn sem eru með *hátt* verndargildi.^[72,76] Leirur eru miklar í Álftafirði. Innarlegar eru sandmaðksleirur algengastar og í þeim vex hnotsörvi, en utar eru skeraleirur (24. mynd t.h.) með marflóm (fjörufló og ósafló), kræklingi og stöku sandmaðki.^[97]



24. mynd. Sjávarfitjungsvist við Starmýri í Álftafirði (t.v.) og skeraleira í Álftafirði (t.h.), báðar flokkaðar sem forgangsvistgerðir hér við land (myndir úr Fjölríti Náttúrufræðistofnunar nr. 54^[72]).

Vegna þess hversu flatt landið er þá slapp það að miklu leiti við framræslu á síðustu öld en mikið af votlendinu lendir undir vatni á stórstraumsflóði.^[145] Fram eftir síðustu öld var sauðfé haldið fast til beitar frá bæjum í Álftafirði, bæði sumar og vetur. Þess má sjá merki í mikilli jarðvegseyðingu á svæðinu í gegnum tíðina, en sú þróun virðist nú vera í rétta átt.^[145] Engir náttúrulegir birkiskógar eru innan svæðisins, en töluvert er hins vegar af náttúrulegu birki í dölunum sem ganga upp af Álftafirði.^[80]

3.4.4.2.2 Fuglalíf

Álftafjörður er allur skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði á Íslandi og alþjóðlega, einkum vegna mikilvægi svæðisins fyrir álft og jaðrakana (25. mynd), en talið er að 4% íslenska stofnsins sé þar á fjaðrafellitíma og um 10% stofns jaðarakans að vori.^[59] Báðar þessar tegundir eru skilgreindar sem forgangstegundir á Íslandi.^[158] Fjöldi anda og gæsa fella einnig fjaðrir í Álftafirði.^[159]



25. mynd. Álft (t.v.) og jaðrakan (t.h.) eru fuglategundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum í Álftafirði og eru einnig báðar forgangstegundir hér á landi (myndir: Skarphéðinn G. Þórisson).

3.4.4.2.3 Spendýr

Í Álftafirði er töluvert af hreindýrum sem halda mest til í dölunum upp af Álftafirði. Eitthvað af dýrunum gengur alveg niður að sjó að vetri til og má oft sjá dýr innan þess svæðis sem hér er til umfjöllunar, sérstaklega hin síðari ár í kjölfar fjölgunar í hreindýrastofninum.

Ein af stærri landselabyggðum við Austurland er í Álftafirði. Nokkur selalátur eru norðan megin í firðinum, en einnig við Styrnishöfn í suðri.^[79] Landsel hefur heldur fjölgað í Álftafirði síðustu áratugi, öfugt við þróun heildarstofnsins sem hefur verið á niðurlieð.^[160,161] Nú er svo komið að stofn landsela hér við land er metinn í bráðri hættu.^[92] Eins og annars staðar við landið eru líkur á að farselir hafi komið við í Álftafirði, t.d. á ísárum og árið 2018 sást til þar rostungs.^[162]

Til eru heimildir um að ísbirnir hafi gengið á land í Álftafirði,^[96] en samkvæmt korti N^[163] þá hefur þrisvar sést til hvítaljarna í eða við Álftafjörð. Gera má ráð fyrir að bæði refur og minkur sæki í þetta svæði vegna þess fjölda fugla sem hafast þar við, en engin töluleg gögn eru til um algengni þeirra.

Vegna þess hve fjörðurinn er grunnur eru ekki miklar líkur á að rekast á hval inni í Álftafirði. Hval rekur hins vegar annað slagið á fjörur úti fyrir Álftafirði, t.d. rak andanefju þar á land árið 2018.^[164]

3.4.4.2.4 Fiskar og önnur sjávardýr

Litlar upplýsingar eru til um fiskitegundir eða magn þeirra í Álftafirði. Gera má ráð fyrir að vegna þess hversu grunnur fjörðurinn er og selta lág að þar sé ekki mikil fiskgengd. Samkvæmt Inga Rúnari Jónssyni og Guðna Guðbergssyni^[97] er mesta dýpi fjarðarins innan við 5 m og seltan 3–32 prómill. Eins fram hefur komið voru stundaðar veiðar á lúru (litlum skarkola) í Álftafirði en flatfiskar þola lága seltu betur en flestir aðrir fiskar. Eins gengur silungur inn í fjörðinn og sjóbleikja, sjóbirtingur og lax fást í veiðiám (Selá, Hofsá og Geithellnaá) sem í hann ganga.^[144] Í rannsóknnum hafa bleikjuseiði fundist í öllum þremur ánum, urriðaseiði fundust í Selá og Hofsá en laxaseiði bara í Selá. Við netaveiðar í Álftafirði veiddist nokkuð magn af sjávarfiskum sem meðafli, s.s. marhnútur, flatfiskar og þorskfiskar.^[97] Líklega má einnig finna hornsíli og jafnvel ál og flundru innan fjarðar og á ósasvæðunum.

3.4.4.2.5 Jarðfræði

Fyrir um 10 milljónum ára var megineldstöðin sem kölluð er Álftafjarðaeldstöð virk. Hún hefur skilið eftir sig ríkuleg líparítlög, sérstaklega við sunnanverðan fjörðinn í landi Þvottár. Kúlulaga berghnausar, sem eru basísk innskot ofan á súrum bergmyndunum, einkenna landslagið í Álftafirði. Jarðmyndanir eru fjölbreyttar og mun láta nærri að á ferð frá Melrakknesi inn í botn Geithellnadals sé hægt að virða fyrir sér fjögurra milljóna ára langan kafla í jarðsögu Íslands.^[145]

Engar jarðmyndanir sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd^[10] eru kortlagðar innan svæðisins.^[81] Ekki hefur enn verið lokið við að skrá og meta verndargildi jarðminja, líkt og gert hefur verið með vistgerðir á landi.

3.4.4.2.6 Fornminjar og söguslóðir

Sögustaðir eru nokkrir í Álftafirði og er Þvottá, sem er syðsti bær í Álftafirði, væntanlega þeirra þekktastur. Segir sagan að Hallur Þorsteinsson, Síðu-Hallur, sem var meðal kunnustu landnámsmanna á söguöld, hafi búið þar í kringum aldamótin 1000. Hann tók við Þangbrandi

presti og kristniboða einn vetur og tók skírn ásamt heimafólki sínu í ánni við bæinn og síðan hefur hún verið kölluð Þvottá. Síðu-Hallur varð síðar ein af aðalpersónunum þegar kristni var tekin upp á Íslandi.^[145] Í landi Þvottár eru nokkrar friðlýstar minjar sem tengjast þessum sögnum. Í fyrsta lagi er það „tjaldstæði Þangbrands“, en svo kallast ferhyrnd girðing fyrir neðan túnið. Í öðru lagi er það fornt túngarðsbrot fyrir neðan „tjaldstæðið“ og í þriðja lagi forn tóftar-upphækkun, sem er í túninu fyrir ofan „tjaldstæðið“.^[165]

Við Flugustaði er nausttóft sem kölluð er Þangbrandshróf á skrá um friðlýstar fornminjar, en hún er rétt innan við svokallaða Þangbrandsbryggju.^[165] Að auki hefur Djúpavogshreppur lagt til að Preststeinn og Þangbrandsbrunnur verði friðlýstir sem fornminjar. Preststeinn er steinn nærri Þangbrandsbryggju sem Þangbrandur á að hafa notað sem altari við messugjörð. Þangbrandsbrunnur er brunnur í landi Þvottár, sem gömul munnmæli herma að Þangbrandur hafi vígt. Í brunnum er talið mjög gott vatn og enn er trú manna að vatnið sé heilagt og lækni meinsemdir bæði í mönnum og skepnum.^[144]

Aðrar friðlýstar fornminjar á eða við svæðið sem um ræðir í Álftafirði eru „Völvuleiði“ nálægt bænum Flugustöðum og Skálatóft í túni suðaustur af bænum Múla.^[165] Í Landnámu segir einnig frá að þeir fóstbræður Ingólfur Arnarsson og Hjörleifur Hróðmarsson hafi haft vetursetu að Geithellum í fyrstu könnunarferð sinni til Íslands.^[145]

3.4.4.2.7 Þjóðsögur og kynjaverur

Í þjóðsögum kemur Álftafjörður við sögu í nokkrum tilfellum. Í Voghömrum, undir Klofasteini, á samkvæmt þjóðtrú að vera bústaður Voga-Móra. Hann sveimar nú heimilislaus um sveitina eftir að ýtumaður slæmdi tönn í Klofastein þannig að hann valt um koll og partar hans dattu í sundur.^[145] Í Svarthamrvatni á að hafa steipt sér hálflegið naut sem slapp af blóðvelli. Á naut þetta að belja hátt á undan illviðrum. Í Nykurvötum á Melrakknesi í norðanverðum Álftafirði hafðist við nykur sem í hrosslíki reyndi að lokka menn á bak og hlaupa með þá í vatnið.^[145] Fluga, tröllskessa eða völva sem bærinn Flugustaðir heitir eftir, átti að hafa búið í svokölluðum Flugustaðahellum. Hellarnir eru þrír og heita Búrhellir, sem á að hafa geymt matarforða Flugu, Bríkarhellir, sem hún á að hafa sofið í og Háhellir.^[166] Í riti Sæðisar er einnig að finna fjöldann allan af örnefnum og menningarminjum sem þýðingu hafa fyrir svæðið. Einnig má finna fleiri dæmi um þjóðsögur í Álftafirði í ritgerð Írisar Birgisdóttur sem fjallar um hvernig nýta má þjóðsögurnar til menningartengdrar ferðabjónustu.^[167]

3.4.4.3 Eyfeyjunestangi og Eyfeyjunesvík

Landslag á Eyfeyjunestanga og í Eyfeyjunesvík er mjög fjölbreytt. Básar, skútar, sker og skelþunnir kambar setja svip sinn á landslagið. Samkvæmt viðtali við Kristján Jónasson (munnl. uppl. 27. janúar 2020) þá eru útfellingasteindir þær sem finnast í Eyfeyjunestanganum svipaðar þeim og finnast við Teigarhorn og væri víkin því mjög æskileg viðbót við náttúruvættið. Í Króki í Eyfeyjunesvík er gömul lending þar sem bátar voru áður teknir á land.^[145]

Eyfeyjunesvík og Eyfeyjunestangi eru sérlega vinsæll viðkomustaður ferðamanna. Eyfeyjunestangi er langur berggangur sem er mjög lífríkur, þar verpa m.a. sjaldgæfar fuglategundir, s.s. teista og bjargdúfur. Þá er friðlýst æðarvarp á svæðinu sem er nýtt sem hlunnindi frá bænum Framnesi.^[144] Eyfeyjunestangi var á fyrstu árum þessarar aldar einn af fáum stöðum á landi, í nágrenni Djúpavogs, þar sem lundi verpti enn.^[159]

Ofan vegar, í litlu og þröngu túni á milli tveggja klapparhryggja, eru tættur býlisins Eyfeyjunessem sem fór í eyði fyrir aldamótin 1900. Fornar sagnir segja að á Eyfeyjunesi hafi átt heima

einsetukonan eða völvan Eyfreyja, en systir hennar Brandsleif átti heima í Brandleifshelli í Hellisvík sem er varla nema 300 metra frá.^[145,166]

3.5 Lokaorð verkhluta I

Úthérað, Gerpissvæðið og svæðin þrjú á Djúpavogi eru mjög mismunandi m.t.t. stærðar, aðgengis, innviða, náttúru, fjölda ferðamanna og fleiri þátta. Það mun að öllum líkindum endurspeglast í greiningu á hagrænum áhrifum þeirra. Þær upplýsingar sem skapast í þessu verkefni og þegar fram líða stundir ef eftir því er fylgt, ættu því að geta gagnast sem grunnur eða viðmið fyrir breiðan hóp af öðrum mögulegum friðlýsingum.

4 Verkluti II – Hagrænar sviðsmyndir

4.1 Inngangur


Þessi kafli er að nær öllu leiti óbreyttur frá því áfangaskýrslan kom út í febrúar 2021 og tekur því ekki tillit til þess að síðan þá hafa friðlýsingar gengið í gegn á hluta Úthéraðs þann 2. júlí 2021 og hluta Gerpissvæðisins þann 11. september 2021.^[5,6] Á þeim tíma sem áfanga- skýrslan var skrifuð voru svæðin þó bæði komin í friðlýsingarferli.

4.2 Úthérað

4.2.1 Mörk svæðis og tækifæri

Mörk svæðisins sem unnið er með í þessu verkefni voru mótuð í samráði við fulltrúa náttúru- verndarnefndar Fljótsdalshéraðs (26. mynd).^[36] Mörkin eru ekki endilega fastmótuð, en svæðið er um 417 km² og nær inn um Jökulsárhlið, Hróarstungu og Hjaltastaðapínghá (26. mynd, grænar útlínur). Afmörkuninni var lýst ítarlega í fyrri áfangaskýrslu þessa verkefnis.^[7] Þar kom einnig fram að í þessu verkefni er einungis um hugmyndavinnu að ræða og ekki er verið að leggja til friðlýsingu svæðisins, heldur að kanna möguleg hagræn áhrif ef til friðlýsingar kæmi.


Svæðið er vel þekkt náttúruperla og nú þegar er aðeins stærra svæði (421 km²) en það sem hér er fjallað um tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða á landi og fugla^[58] (26. mynd). Stór hluti Úthéraðs eins og mörkin eru skilgreind í þessari skýrslu er auk þess þegar á C-hluta náttúruminjaskrár (skrá yfir aðrar náttúruminjar, sem ástæða þykir til að friðlýsa) og eins er verndarsvæði norðan Dyrfjalla og náttúruvættið Stóruð nú þegar í friðlýsingarferli (26. mynd).^[168] Helstu ógnir við vistgerðir og fugla á svæðinu að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) eru framræsla, skógrækt, útbreiðsla framandi tegunda, sumarhúsabyggðir og ferðapjónusta.^[58]



26. mynd. Mörk svæðisins sem hér er til umfjöllunar, auk tillögu NÍ af mörkum svæðis á B-hluta náttúruminjaskrár.^[58] Einnig eru sýnd svæði á C-hluta náttúruminjaskrár^[4,169] auk svæðis sem þegar í friðlýsingarferli þegar þetta er ritað.^[168] Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá Landmælingum Íslands (LMÍ).^[170]

Á svæðinu er ýmis konar ferðapjónusta. Boðið er upp á gistingu og hestaferðir og þar eru stundaðar veiðar, fuglaskoðun og göngur (skipulagðar og óskipulagðar) svo fátt eitt sé nefnt. Þá hefur Ferðafélag Fljótsdalshéraðs og Ferðamálahópur Borgarfjarðar eystri haldið úti landvörslu á Víknaslóðum og í Stóruð frá 2018.^[171–173] Það mun vera fyrsta dæmi þess hér á landi að félagasamtök hafi frumkvæði að ráðningu landvarðar og í verkefninu hefur m.a. verið unnin ástandsúttekt og sett fram framtíðarsýn fyrir Stóruð.^[171,174]

Næsta nágrenni Úthéraðs—eins og næsta nágrenni er skilgreint í þessu verkefni (50 km radíus í loftlínu frá útmörkum svæðisins)^[21]—inniheldur m.a. Vopnafjörð, Egilsstaði og Hallormsstað, auk Reyðarfjarðar og fjarðanna þar fyrir norðan (27. mynd). Ef mörkin væru látin ráðast af 50 km fjarlægð eftir vegum frá útmörkum svæðisins myndu þau ná m.a. inn í botn Reyðarfjarðar, að Hallormsstað, að gatnamótum Þjóðveggar 1 og Jökuldalsveggar og upp á u.þ.b. miðja Bakkaheiði (27. mynd). Möguleg hagræn og samfélagsleg áhrif Úthéraðs ná, miðað við forsendur gefnar í þessu verkefni (50 km radíus í loftlínu) yfir svæði með um 8.000 íbúa (27. mynd).



27. mynd. Nærumhverfi svæðisins sem hér er til umfjöllunar skv. skilgreiningu MGM2 líkansins í þessu verkefni (50 km radius). Einnig eru sýnd dæmi um 50 km fjarlægð frá útjaðri svæðis eftir vegum. Hafa skal í huga að skilgreining á nágrenni svæðis hér er aðeins til viðmiðunar og nágrenni svæðis getur verið stærra eða minna eftir atvikum. Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá LMI.^[170]

4.2.2 Fjöldi ferðamanna á svæðinu

Síðastliðna áratugi hefur hverskonar útivist og gönguferðamennska aukist mikið á svæðinu. Perlur Fljótsdalshéraðs eru 30 sérvaldar gönguleiðir í fyrrum sveitarfélaginu sem lýst er í samnefndum bæklingi.^[175] Af þeim eru sex innan svæðisins sem hér er fjallað um; Landsendi, Þerribjarg, Húsey, Kóreksstaðavígi, Stapavík og Stóruurð. Árið 2018 voru 540 nöfn skráð í gestabókina í Stapavík og 110 við Landsenda.^[176] Ekki fundust samsvarandi tölur fyrir hinar perlurnar en vinsældir göngunnar í Stóruurð hafa til að mynda aukist mjög á síðustu árum.^[173]

Fjöldi gistinátta í Húsey jókst mikið samhliða fjölgun ferðamanna á Íslandi en hefur fækkað aðeins sl. ár og var 198 árið 2018 og 174 árið 2019.^[177] Þar er boðið upp á hestaferðir og var fjöldi fólks sem fór í slíkar ferðir 424 árið 2018 og 480 árið 2019. Hluti ferðafólksins í hestaferðunum gisti einnig í Húsey.^[177]

Samkvæmt tölum Vegagerðarinnar var árdagsumferð 2018 innan svæðisins um Hlíðarveg í átt að Hellisheiði 35 ökutæki og á vegunum austan megin Lagarfljóts (27. mynd) var hún 209 ökutæki þar sem mest var.^[178] Það þýðir að talsverð umferð er á vegunum á ársgrundvelli, en stór hluti hennar er líklegast almenn umferð. Til að fá betri hugmynd um umferð ferðafólks í nágrenninu væri hægt að skoða fjölda gesta í Hafnarhólma. Við greiningu á efnahagslegum

áhrifum Hafnarhólma, sem gerð var 2019, var teljara komið fyrir á svæðinu og á tímabilinu 1. maí til 30. september heimsóttu 46.810 gestir Hólmann.^[22] Allir þeir gestir, utan heimamanna, keyra í gegnum Úthérað á leið sinni þangað, en líklega telst ekki stór hluti þeirra með gestum Úthéraðs skv. MGM2 líkaninu, þar sem óskipulagðar heimsóknir teljast ekki með í greiningum á hagrænum áhrifum.

Ef tölur frá gestabókum perlanna tveggja sem nefndar voru hér að ofan og frá Húsey eru lagðar saman fást u.þ.b. 1.300 gestir. Hafa verður þó í huga að ekki skrifa allir í gestabók á gönguferðum sínum. Úthérað býður auk þess upp á margt fleira en þessar sex perlor. Engin skipulögð talning á fjölda ferðamanna hefur verið gerð á Úthéraði, en með upplýsingum frá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu, Ferðafélagi Fljótsdalshéraðs, auk upplýsinga um umferð ferðafólks í gegnum svæðið má áætla að fjöldi fólks sem telst með skv. MGM2 líkaninu gæti verið um 10.000 á ári.

4.2.3 Sviðsmynd 1 – Ekki friðlýsing, engin fjölgun gesta

Þessi sviðsmynd gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi næsta áratuginn. Eins og áður sagði er svæðið nú þegar aðlaðandi fyrir ferðafólk og þau störf og samfélagslegu áhrif sem af því hljóttast haldast með svipuðu móti. Samkvæmt grófu mati á fjölda ferðamanna og með hjálp MGM2 líkansins eru bein hagræn áhrif 8,7 milljónir króna á ári og 3 störf. Þau störf geta verið heilsárstörf eða nokkur hlutastörf og/eða sumarstörf, en nú þegar tengjast nokkur sumarstörf svæðinu, t.a.m. landvörður á Víknaslóðum og í Stóruð.

Úthérað er vel aðgengilegt en það er svolítið úr alfaraleið. Ætli ferðamenn sér að skoða svæðið fer fljótt talsverður tími í akstur og ef fólk fer í einhverjar af þeim göngum sem svæðið hefur upp á að bjóða er líklegt að það gisti á svæðinu eða í nágrenni þess. Tölurnar sem settar eru fram hér í þessum sviðsmyndum eru því líklega mjög varlega áætlaðar, sérstaklega þar sem líkanið sjálf fer mjög varlega í alla útreikninga á hagrænum áhrifum.^[21]

4.2.4 Sviðsmynd 2 – Ekki friðlýsing, fjölgun gesta

Í þessari sviðsmynd kemur fjölgun gesta ekki til vegna friðlýsingar heldur vegna óvæntrar kynningar svæðisins. Engin skipulögð innviðauppbýgging mun eiga sér stað fyrir fjölgunina, en líklegt er að framboð á gistingu, skipulögðum ferðum o.fl. muni aukast með aukinni eftirspurn. Efnahagsleg áhrif geta því aukist umtalsvert og ef við gefum okkur að ferðamönnum fjölgi um 10% á ári yrðu gestir orðnir um 25.000 eftir 10 ár og hagræn áhrif þá orðin tæplega 22 milljónir króna á ári með 7 störfum. Ef ferðamönnum myndi hins vegar fjölga um 15% á ári yrðu þeir orðnir 40.000 eftir 10 ár og þá yrðu hagrænu áhrifin um 35 milljónir króna á ári og 11 störf.

4.2.5 Sviðsmynd 3 – Friðlýsing, engin fjölgun gesta

Í þessari sviðsmynd væri friðlýsingin fyrst og fremst til þess fallin að vernda vistgerðir og fugla eins og kveðið er á um í tillögum N1 að friðlýsingu, auk fleiri þátta sem vera kynni að friðlýsingin næði yfir, eins og t.d. landslagsheildir og menningarlegt gildi svæðis. Hagræn áhrif myndu því standa í stað næstu 10 árin og vera þau sömu og í sviðsmynd 1. Helstu breytingar yrðu líklega þær að innviðir yrðu byggðir upp til að vernda náttúru, frekar en að greiða aðgang að svæðinu. Líklega kæmi ríkið eitthvað að þeirri uppbyggingu svo það gæti skilað einhverju fjármagni til svæðisins.

4.2.6 Sviðsmynd 4 – Friðlýsing, fjölgun gesta


Í þessari sviðsmynd kemur fjölgun ferðamanna næsta áratuginn til af kynningu á svæðinu, með tilvísun í friðlýsingu þess, verndun og sérstöðu. Verndun og innviðauppbýgging er skipulögð og að einhverju leyti á höndum ríkis. Áætlun er gerð um stýringu gesta áður en fjölgun verður og gestum er stýrt um svæðið m.t.t. þolmarka þess. Það fjármagn sem lagt er til svæðisins gæti skilað sér til baka og jafnvel rúmlega það, miðað við niðurstöður Siltanen á hagrænum áhrifum friðlýstra svæða.^[21] Möguleg hagræn áhrif eru, líkt og í sviðsmynd 2, leikur að tölum og fara áhrifin eftir því hversu mikil aukning verður á fjölda ferðamanna og hversu vel tekst að stýra þeim þannig að reynsla þeirra af svæðinu verði sem jákvæðust og spyrjist út. Því má vísa aftur í útreikninga á hagrænum áhrifum í sviðsmynd 2 og töflu 1 (bls. 11 og 12).

4.3 Gerpissvæðið

4.3.1 Mörk svæðis og tækifæri


Gerpissvæðið, eins og það er til umfjöllunar hér, er um 160 km² og dregur nafn sitt af austasta odda landsins (29. mynd). Svæðinu var lýst ítarlega í fyrri áfangaskýrslu þessa verkefnis^[7] en bæði jarðfræði og gróðurfar þess er sérstakt, auk þess sem sjófuglabýggðin í Gerpi er talin alþjóðlega mikilvæg.^[59,112] Svæðið nýtur hverfisverndar í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007–2027^[113] og er auk þess á náttúruminjaskrá, svæði nr. 650.^[4] Sérstæður þess eru í raun margar og sú sérstæða sem gæti hvað helst skipt máli fyrir ferðafólk væri mögulega að Gerpissvæðið er það svæði á Austurlandi þar sem fólk upplifir hvað mest víðerni (og jafnvel á landsvísu, utan miðhálandis).^[133] Í dag er svæðið aðallega notað til útivistar svo sem til göngu, hreindýra- og fuglaveiða, en margar spennandi gönguleiðir eru á Gerpissvæðinu.^[113]

Þann 1. október 2020 kynnti UST, í samstarfi við Fjarðabyggð og landeigendur, áform um friðlýsingu Gerpissvæðisins, auk Seleyjar í mynni Reyðarfjarðar.^[179] Meginmarkmið friðlýsingarinnar er að vernda á svæðinu sérstætt gróðurfar, fjölbreytilegt landslag og merkar minjar, auk þess að tryggja búsvæði tegunda sem viðhalda líffræðilegri fjölbreytni. Þá nær friðlýsingin m.a. einnig til alþjóðlega mikilvægrar sjófuglabýggðar í Seley og svæða í sjó innfjarðar í Hellisfirði og Viðfirði. Mörkin eru ekki alveg þau sömu og unnið er með í þessu verkefni (28. mynd), en eru þó það svipuð að hugsanlegur munur á efnahagslegum áhrifum milli þeirra væri líklega lítill.



28. mynd. Mörk svæðisins sem hér er til umfjöllunar (viðauki 2), auk svæðis sem áform eru um að friðlýsa.^[179] Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á á IS50V gögnum frá LMÍ.^[170]

Næsta nágrenni Gerpissvæðisins—eins og næsta nágrenni er skilgreint í þessu verkefni (50 km radíus í loftlínu frá útmörkum svæðisins)^[21]—inniheldur m.a. alla þéttbýlisstaði á Austfjörðum, Egilsstaði og Hallormsstað (29. mynd). Ef mörkin væru látin ráðast af 50 km fjarlægð eftir vegum frá Gerpissvæðinu næðu þau langleiðina að gatnamótum Þjóðveggar 1 og Mjófjarðarveggar á Fagradal og að þéttbýlinu í Fáskrúðsfirði (29. mynd). Möguleg hagræn og samfélagsleg áhrif Gerpissvæðisins ná, miðað við forsendur gefnar í þessu verkefni (50 km radíus í loftlínu), yfir svæði með yfir 8.000 íbúa (29. mynd).



29. mynd. Nærumhverfi svæðisins sem hér er til umfjöllunar skv. skilgreiningu MGM2 líkansins í þessu verkefni (50 km radíus). Einnig eru sýnd dæmi um 50 km fjarlægð frá útjaðri svæðis eftir vegum. Hafa skal í huga að skilgreining á nágreppi svæðis hér er aðeins til viðmiðunar og nágreppi svæðis getur verið stærra eða minna eftir atvikum. Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá LMÍ.^[170]

4.3.2 Fjöldi ferðamanna á svæðinu

Gerpið er að mestu mannlæst á veturna, enda verður vegurinn til Vöðlavíkur og Viðfjarðar þá ófær. Vegurinn út í Vöðlavík verður yfirleitt fær í seinni hluta júní og á sumrin er einnig meira um ferðir fólks með bát frá Norðfirði yfir í hina firði Norðfjarðarflóa. Í venjulegu ári tekur Gerpið þannig á móti stærstum hluta gesta frá seinni hluta júní fram í seinni hluta september, í u.þ.b. þrjá mánuði.

Ferðafélag fjarðamanna Austfjörðum heldur úti skála á Karlsstöðum og sl. ár hafa milli 100 og 150 gistinætur verið seldar í Karlsskála.^[120] Sævar Guðjónsson hreindýraleiðsögumaður hefur sl. ár farið með um 200 veiðimenn á Gerpið (munnl. uppl. 23. janúar 2020). Ferðapjónustan á Mjóeyri fer á hverju ári með fólk í gönguferðir á svæðinu í sambandi við gönguvíkuna *Á fætur í Fjarðabyggð* og einhver hluti ferðamanna sem gista hjá þeim fer í dagsferðir um svæðið, alls líklega í kringum 300 manns (Sævar Guðjónsson, munnl. uppl. 23. janúar 2020).

Engin skipulögð talning á fjölda ferðamanna hefur verið gerð á svæðinu, en með upplýsingum frá ferðapjónustuaðilum á svæðinu og Ferðafélagi fjarðamanna má áætla að fjöldinn

sé nokkur þúsund manns á ári. Vegurinn sem liggur inn á Gerpissvæðið er botnlangi og því má vel nota upplýsingar um árdagsumferð frá Vegagerðinni.^[178] Árdagsumferð yfir Víkurheiði, sem nær öll á sér stað yfir sumartímann var árið 2018 sex bílar á dag sem gera samtals 2.190 bíla það árið, en þar sem umferð er talin í báðar áttir þarf að helminga þá tölu niður í 1.095. Engar hópferðir í rútum eru í boði á Gerpissvæðinu svo til að áætla fjölda ferðamanna út frá umferð var ákveðið að styðjast hér við upplýsingar um meðalfjölda fólks í einkabílum á ferðamannastað á Íslandi. Í rannsókn Gyðu Þórhallsdóttur og Rögnvalds Ólafssonar^[180] á dreifingu ferðamanna um landið eru gögn frá Skaftafelli sýnd og þar var meðalfjöldi fólks í hverjum einkabíl sumrin 2009–2013 2,64. Með fyrirvara má þá áætla að skv. árdagsumferð komi 2.891 manns á Gerpissvæðið á hverju sumri. Í útreikningum á hagrænum áhrifum hér verður miðað við að núverandi fjöldi gesta á Gerpissvæðinu sé 3.000 á ári.

4.3.3 Sviðsmynd 1 – Ekki friðlýsing, engin fjölgun gesta

Þessi sviðsmynd gerir ráð fyrir óbreyttu ástandi næsta áratuginn. Eins og áður sagði er svæðið illaðgengilegt stóran hluta ársins en á sumrin nýtur bæði heima- og ferðafólk svæðisins. Hér er þó aðallega einblínt á ferðamenn og annað fólk sem, með heimsókn sinni á Gerpissvæðið, hefur hagræn áhrif á svæðið og nágrenni þess, m.a. með kaup á gistingu, leiðsögn eða annarri þjónustu. Samkvæmt MGM2 líkaninu sem notað er í þessu verkefni mætti áætla að hagræn áhrif Gerpissvæðisins séu og verði í þessari sviðsmynd u.þ.b. 2,6 milljónir íslenskra króna. Það er nóg til þess að svæðið haldi uppi einu starfi. Hafa verður þó í huga að svæðið er aðeins aðgengilegt hluta úr ári og starfið myndi því sennilegast ekki vera heilsársstarf heldur nokkur sumarstörf.

Hins vegar má hafa í huga að Gerpissvæðið er ekki í alfaraleið og þangað komast ekki hvaða ökutæki sem er. Því er ekki ósennilegt að meðaleyðsla þeirra ferðamanna sem koma á svæðið sé hærri en gert er ráð fyrir í líkaninu sem hér er notað. Kannski ekki eins há og fyrir Laka (sjá töflu 1, bls. 11), en líklega má líta á tölurnar sem settar eru fram í sviðsmyndunum hér sem lágmarkstölur.

4.3.4 Sviðsmynd 2 – Ekki friðlýsing, fjölgun gesta

Í þessari sviðsmynd myndi gestum, af einhverjum ástæðum, fjölga meira en búast mætti við næstu árin. Svæðið myndi ekki vera friðlýst og fjölgunin því komin til af annars konar kynningu en þeirri sem friðlýsing gæti haft í för með sér. Þar sem fjölgunin væri óvænt myndi engin skipulögð innviðauppbýgging eiga sér stað í aðdraganda hennar. Með vaxandi fjölda ferðamanna yrði þó ekki komist hjá einhvers konar uppbyggingu innviða til að gera svæðið betur í stakk búið til að taka við auknum ágangi. Í þessari sviðsmynd myndi slík uppbygging líklega, allavega að hluta til, vera á höndum landeigenda/sveitarfélags. Á móti myndi aukinn ferðamannastraumur að öllum líkindum skilja eftir sig auknar tekjur á Gerpissvæðinu og í nærumhverfi þess.

Ef við gefum okkur að aukningin væri 10% á ári næstu 10 árin þá myndi gestum á svæðinu fjölga úr 3.000 í tæplega 8.000 á því tímabili. Miðað við þann gestafjölda gefur MGM2 líkanið sem notað er í þessu verkefni okkur hagræn áhrif upp á tæplega 7 milljónir íslenskra króna á ári eftir 10 ár og tvö störf. Störfin yrðu líklegast ekki heilsársstörf vegna þess hve stór hluti gesta svæðisins kemur þar að sumri til, en gætu skipst í nokkur hlutastörf. Ef við tökum annað dæmi og gerum ráð fyrir 15% aukningu gesta á ári væri áætlaður núverandi fjöldi orðinn fjórfaldur eftir 10 ár og myndi sú aukning skila sér í rúmlega 10 milljónum íslenskra króna á ári í lok tímabilsins og þremur störfum (ekki endilega heilsársstörfum).

4.3.5 Sviðsmynd 3 – Friðlýsing, engin fjölgun gesta

Í þessari sviðsmynd væri friðlýsingin fyrst og fremst til þess fallin að vernda svæðið, s.s. náttúru þess og menningarlegt gildi. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun gesta og því myndu hagræn áhrif vera óbreytt á næstu 10 árum og vera þau sömu og í sviðsmynd 1. Líklegustu breytingarnar yrðu þær að deiliskipulag yrði unnið fyrir svæðið sem mögulega gæti haft í för með sér einhverjar fjárveitingar til svæðisins.

4.3.6 Sviðsmynd 4 – Friðlýsing, fjölgun gesta

Í þessari sviðsmynd er Gerpissvæðið friðlýst og kynnt sem áhugaverður staður þar sem t.d. er hægt að njóta náttúrunnar og kynnast sögu svæðisins. Sveitarfélagið vinnur deiliskipulag fyrir svæðið og nauðsynlegir innviðir eru byggðir upp og áætlun gerð um stýringu gesta og verndun náttúru áður en fjölgun verður. Tækifæri til dvalar á svæðinu yrðu líklega aukin og t.d. myndi skáli í hæfilegri fjarlægð frá Karlsskála gera það að verkum að fólk gæti gengið milli skála í lengri ferðum.


Möguleg hagræn áhrif eru, líkt og í sviðsmynd 2, þó alltaf leikur að tölum og ómögulegt að segja með vissu hver áhrif af friðlýsingu og kynningu svæðis yrðu. Því má vísa aftur í útreikninga á hagrænum áhrifum í sviðsmynd 2 og töflu 1 (bls. 11 og 12).

4.4 Svæði í nágrenni Djúpavogs

4.4.1 Mörk svæðis og tækifæri

Svæðin þrjú sem tilgreind voru af Djúpavogshreppi voru Búlandsnes milli Hamarsfjarðar og Berufjarðar (nr. 1 á 30. mynd), Eyfreyjunestangi og Eyfreyjunes innan við þéttbýlið, sunnanvert í Berufirði (nr. 2 á 30. mynd) og Álftafjörður (Starmýrarteigar) sunnan við Hamarsfjörð (nr. 3 á 30. mynd). Svæðin eru ólík, bæði að stærð og gerð og var ítarlega lýst í fyrri áfangaskýrslu þessa verkefnis.^[7] Fuglalíf skipar þó stóran sess í verndargildi allra svæðanna.

Næsta nágrenni svæðanna—eins og næsta nágrenni er skilgreint í þessu verkefni (50 km radíus í loftlínu frá útmörkum svæðanna)^[21]—inniheldur m.a. Eskifjörð og firðina þar fyrir sunnan, hluta Fljótsdalshrepps og Höfn í Hornafirði (30. mynd). Ef mörkin væru látin ráðast af 50 km fjarlægð eftir vegum frá svæðunum næðu þau að Almannaskarðsgöngum í suður og langleiðina inn að Breiðdalsvík og Skriðdal í norður (30. mynd). Möguleg hagræn og samfélagsleg áhrif svæðanna ná, miðað við forsendur gefnar í þessu verkefni (50 km radíus í loftlínu), yfir svæði með yfir 5.000 íbúa (30. mynd).



30. mynd. Svæðin sem hér eru til umfjöllunar og nærumhverfi þeirra skv. skilgreiningu MGM2 líkansins í þessu verkefni (50 km radíus). Búlandsnes nr. 1, Eyfreyjunestangi og Eyfreyjunesvík nr. 2 og Álftafjörður nr. 3. Einnig eru sýnd dæmi um 50 km fjarlægð frá útjaðri svæðis eftir vegum. Hafa skal í huga að skilgreining á nágrenni svæðis hér er aðeins til viðmiðunar og nágrenni svæðis getur verið stærra eða minna eftir atvikum. Vegir, vatnafar og landlíkan byggja á IS50V gögnum frá LMÍ.^[170]

4.4.2 Fjöldi ferðamanna á svæðunum

Til að áætla fjölda ferðamanna á svæðunum þremur var leitað til Rúnars Matthíassonar hjá Djúpavogshreppi^[181] og Andrésar Skúlasonar (munnl. uppl. 20. janúar 2020), fyrrverandi starfsmanns og oddvita Djúpavogshrepps til margra ára.

Búlandsnesið er afar vinsæll útivistarstaður, bæði meðal heimamanna og eins ferðamanna. Svæðið er vel aðgengilegt, í göngufjarlægð frá þéttbýlinu og þar eru tvö skoðunarhús, mótaðir göngustígar og göngubrýr. Rúnar og Andrés sem þekkja vel til á svæðinu áætla að fjöldi ferðamanna sem heimsækja svæðið á ársgrundvelli sé um 45.000.^[181] Óskipulagðar ferðir og stutt stopp skekkja niðurstöður MGM2 líkansins og því var leitast við að áætla hversu mikill hluti sá fjöldi væri og miða fjölda gesta við 30.000 á ári.

Álftafjörður er hentugt svæði fyrir fuglaáhugafólk, en hinn almenni ferðamaður lætur sér nægja að stoppa við áningarstað við Þvottá og fer ekki inn á búsvæði fuglanna.^[181] Flestir

stoppa því stutt en í firðinum leynast ýmsar perlur sem gætu vel „uppgötvast“ á næstu árum, líkt og raunin hefur orðið með t.d. Stokksnes sem er í næsta nágrenni sunnan Vestrahorns. Árdagsumferð um Álftafjörð árið 2018 var 550 ökutæki^[178] eða rúmlega 200.000 ökutæki það árið. Í rannsókn Gyðu Þórhallsdóttur og Rögnvalds Ólafssonar á dreifingu ferðamanna um landið^[180] var meðalfjöldi fólks í bíl reiknaður á nokkrum svæðum. Austasta svæðið í rannsókninni var Jökulsárlón, frá júní 2014 til mars 2015 var meðalfjöldi fólks í hverju ökutæki þar 3,0 (þar eru rútur taldar með). Mögulega er hlutfall fólks sem ferðast í rútu lægra á Austfjörðunum en í Jökulsárlóni, en hér verður það viðmið engu að síður notað. Með fyrirvara má þá ætla að um 600.000 manns keyri Álftafjörðinn á ári. Erfitt er að áætla út frá umferðatölum það hlutfall ferðamanna sem stoppar til að njóta fjarðarins í skipulagðri eða óskipulagðri heimsókn, en með aðstoð Rúnars^[181] var hér skotið á 10.000 manns á ári.

Á Eyfeyjunesi hefur landvörður á svæðinu af og til talið bíla bæði handvirkt og með myndavélaeftirliti sem hjálpar til við að meta fjölda gesta. Hér ber þó að hafa í huga að ekki fara allir út á Eyfeyjunestangann en vinsælt er að stoppa á áningarstaðnum og borða þar nesti og jafnvel fara í stuttan göngutúr niður í fjöru. Auk þess er stærsti hluti nessins friðaður á varptíma æðarfugla og því ekki aðgengilegur ferðamönnum.^[181] En með aðstoð þeirra talninga sem til eru og Rúnars sem þekkir vel til á svæðinu verður hér miðað við að 13.000 manns heimsæki Eyfeyjunesið á ári hverju.

4.4.3 Sviðsmynd 1 – Ekki friðlýsing, engin fjölgun gesta

Hér verður hvert svæði tekið sér þó mögulegt sé að gestir heimsæki fleiri en eitt af þessum svæðum í sömu ferðinni. Svæðin eru öll í alfaraleið og margir njóta þeirra á hverju ári. Ef við gefum okkur að þessar forsendur sem gefnar eru hér að ofan haldist óbreyttar næsta áratuginn myndu hagræn áhrif Búlandsness, þá sem nú, vera rúmlega 26 milljónir og 8 störf, áhrif Álftafjarðar vera tæpar 9 milljónir og 3 störf og áhrif Eyfeyjunes rúmar 11 milljónir og einnig 3 störf. Taka skal þó fram að svæðin eru mjög nálægt hvert öðru og jafnframt tengd öðrum áhugaverðum svæðum og fyrirbærum sem laða ferðamenn að Djúpavogi og nágrenni, en útreikningar á hagrænum áhrifum hér miða við að þau séu ótengd. Því skal taka þessum tölum með fyrirvara og t.d. gæfi ekki rétta mynd að leggja hagræn áhrif svæðanna saman til að fá yfirlit yfir hagræn áhrif alls svæðisins.

4.4.4 Sviðsmynd 2 – Ekki friðlýsing, fjölgun gesta

Í þessari sviðsmynd myndu svæðin fá óvænta kynningu og gestum fjölga meira en búast mætti við næsta áratuginn. Vegna þess hve svæðin eru mikilvæg sem fuglasvæði myndi vaxandi fjöldi ferðamanna sennilega fljótt kalla á skipulagða stýringu til að sporna við neikvæðum áhrifum aukins ágangs. Líklega yrði einnig að ráðast í einhverja innviðauppbýggingu, sem mögulega væri að hluta á höndum landeigenda og sveitarfélags. Sveitarfélagið er landeigandi á Búlandsnesi og Eyfeyjunesi en í Álftafirði eru eignarlönd 11 jarða, þar af eru tvær í ríkiseigu.

Aukinn fjöldi ferðamanna myndi þó einnig hafa hagræn áhrif á nærsamfélagið. Ef við gerum t.d. ráð fyrir 10% fjölgun ferðamanna á ári næstu 10 árin myndi fjöldinn á Búlandsnesi í lok þess tímabils vera næstum 80.000 manns á ári sem þýðir hagræn áhrif upp á u.þ.b. 70 milljónir og 21 starf skv. MGM2 líkaninu. Svipaður leikur að tölum gefur okkur 25.000 manns fyrir Álftafjörð og 33.000 manns fyrir Eyfeyjunes, sem áætla mætti að skildu eftir sig 22–29 milljónir í nágrenni svæðanna og sköpuðu 7–9 störf að tíu árum liðnum (ekki endilega heilsársstörf).

4.4.5 Sviðsmynd 3 – Friðlýsing, engin fjölgun gesta

Þessi sviðsmynd lýsir friðlýsingu sem fyrst og fremst væri til þess fallin að vernda svæðin og þá sérstaklega fuglalíf og náttúru þeirra. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun gesta og hagræn áhrif myndu því standa í stað næsta áratuginn og vera þau sömu og í sviðsmynd 1.

4.4.6 Sviðsmynd 4 – Friðlýsing, fjölgun gesta

Í þessari sviðsmynd er eitthvert svæðanna, eða þau öll, friðlýst og þau í kjölfarið kynnt sem útivistarsvæði og fuglaskoðunarsvæði. Verndun svæða, uppbygging innviða og stýring gesta er skipulögð og að einhverju leyti á höndum ríkis. Hagræn áhrif næsta áratuginn fara sem fyrr eftir fjölda gesta sbr. sviðsmynd 2 og töflu 1 (bls. 11 og 12).

4.5 Umræður verkhluta II

Sviðsmyndum, líkt og þessum sem settar hafa verið fram hér, verður að taka með miklum fyrirvara. Óvissuþættirnir eru margir, í fyrsta lagi er núverandi fjöldi ferðamanna og neyslu-mynstur þeirra ekki þekkt svo við verðum að taka eins vel rökstudda ágiskun og hægt er varðandi fjöldann og nota almennt líkan til að reikna möguleg hagræn áhrif. Í öðru lagi er ekki víst hvort svæðin verði einhvern tímann friðlýst og þá hvers konar friðlýsingu yrði komið á og hvaða áhrif það myndi hafa á innviðauppbyggingu, starfsemi og fjölda ferðamanna á svæðinu. Í þriðja lagi er ekki hægt að segja til með vissu um þróun ferðamennsku á Íslandi og á heimsvísu, sem er afar viðkvæm fyrir ýmis konar áföllum, eins og nýlegasta dæmið, heimsfaraldur Covid-19, hefur sýnt.

Ef við ætlum að reyna að spá fyrir um framtíðina, verðum við að gefa okkur einhverjar forsendur og setja spár fram miðað við þær, líkt og gert hefur verið í sviðsmyndunum hér. Hagræn áhrif miðað við fjölda ferðamanna eru varlega áætluð. Líkanið tekur t.d. aðeins til beinna tekna af svæðunum og því eru engin afleidd hagræn áhrif tekin með. Þá eru mögulegar tekjur af ferðamönnum sem koma á svæðin í óskipulögðum ferðum, ekki meðtaldar. Auk þess er fjöldi ferðamanna hér heldur varlega áætlaður, langfjölmennasta svæðið af þeim sem hér hefur verið til umfjöllunar, Búlandsnes, hefur áætlaðan núverandi fjölda ferðamanna sem er lægri en á 11 af 12 svæðum sem tekin voru fyrir í rannsókn Siltanen á hagrænum áhrifum friðlýstra svæða á Íslandi árið 2018.^[21] Aðeins Laki var með færri gesti í þeirri rannsókn, 7.836, en næstfámennasta svæðið var Þórsmörk með um 40.000 gesti og fjölmennasta svæðið, Þingvellir, hafði um 1,5 milljónir gesta. Spá um 10% og 15% aukningu á svæðum sem áætla aðeins nokkur þúsund gesti fyrir, bætir ekki mörgum milljónum króna við útkomu líkansins.

Að nota eitt almennt líkan fyrir þrjú ólík svæði skapar líka ósamræmi og er enn ein ástæða þess að niðurstöður sviðsmyndagreiningar í þessu verkefni eru settar fram með fyrirvörum. Úthérað er m.a. vinsælt meðal göngufólks. Svæðið er stórt og þar eru bæði styttri og lengri gönguleiðir í boði sem hafa verið vel auglýstar á samfélagsmiðlum sl. ár. Göngur verða til þess að fólk eyðir meiri tíma á svæðinu en ella og ætla má að stór hluti fólks sem fer í göngu á Úthéraði gisti á svæðinu eða í nágrenni þess, kaupir sér veitingar og annars konar þjónustu. Því er ekki ólíklegt að líkanið sem notað er hér sýni minni hagræn áhrif á hvern ferðamann en við mætti búast.

Enn lægri, en við mætti búast, eru líklega áætluð hagræn áhrif Gerpissvæðisins í þessu líkani. Gerpissvæðið er fáfarið svæði, líkt og Laki og eins og með Laka, þá fer þangað enginn sem ekki ætlar sér að heimsækja svæðið, þar sem það er botnlangi. Gerpissvæðið er einnig

torfært og gestir dvelja því líklega lengur þar og í nágrenni þess heldur en gengur og gerist á svæðum sem eru við þjóðveginn og auðvelt aðgengi er að. Á hinn bóginn er mikið um skipulagðar hóp- og dagsferðir í Laka sem hafa mikil áhrif á hagræn áhrif svæðisins, svo hagræn áhrif hvers ferðamanns á Gerpissvæðinu eru eflaust talsvert lægri en í Laka. Þó er ástæða til að benda á að hver og einn gestur á Gerpissvæðinu hefur líklega talvert meiri hagræn áhrif en reiknað er með í líkaninu.

Almenna líkanið sem notað er hér hentar líklega einna best fyrir svæðin í nágrenni Djúpavogs. Svæðin eru vel aðgengileg og nálægt þjóðvegi 1. Þau eru engu að síður spennandi viðkomustaðir og geta orðið til þess að fólk dvelji lengur á svæðinu en það kannski ætlaði sér. Þess konar hagræn áhrif eru þó ekki tekin með í líkanið. Á móti kemur að nálægðin við þjóðveg 1 veldur því að fleiri heimsækja líklegast þau svæði en hin tvö sem hér eru til umfjöllunar. Búlandsnes er alveg við Djúpavog sem er því tilvalinn staður fyrir gesti þess, til að kaupa veitingar, þjónustu og gistingu. Álftafjörður er stór og þó margir stoppi eflaust stutt þar þá býður svæðið upp á ýmsa möguleika í sambandi við fuglaskoðun, útivist, göngur o.fl. Eyfreyjunes er minnsta svæðið í þessari rannsókn og kannski það svæði sem gæti verið hvað líkast Hvítserk í samanburði á hagrænum áhrifum. En þó líkónin fyrir Hvítserk og Laka hafi verið sett fram hér til samanburðar og fróðleiks, þá miða niðurstöður hagrænu greininganna við almenna líkanið sem Siltanen þróaði,^[27] með þeim fyrirvörum sem settir hafa verið fram.

4.6 Lokaorð verkhuta II

Hér hefur eingöngu verið fjallað um hagrænan þátt mögulegra og fyrirhugaðra friðlýsinga. Í lögum og áætlunum um náttúruvernd, ferðaþjónustu, innviði og skipulags- og byggða-áætlanir er aftur á móti sjaldgæft að finna samþættingu friðlýsinga og byggðaþróunar. Þó má sjá þróun í þá átt, t.d. í breytingu á lögum um Vatnajökulsþjóðgarð árið 2016.^[18,182] Jafnvel þó efnahagsleg áhrif friðlýsinga séu nú í meira mæli tekin inn í þá umræðu, verður að hafa í huga að verndarsvæði geta haft ýmskonar önnur jákvæð áhrif á grannbyggðir. Þjóðgarðar geta t.d. ýtt undir jákvæða sjálfsmynd íbúa og stuðlað að útivist, auk þess sem þeim fylgir gjarnan tækifæri til stuðnings við ýmis konar rannsóknir, fræðslu-, lista- og menningarstörf.^[18]

5 Verkhuti III – Sóknarfæri og þróun svæðis

Í þessum kafla eru spurningarnar sem lagðar voru fyrir vinnustofurnar í þessu verkefni (sjá nánar kafla 2.5: *Verkhuti III – Framkvæmd vinnustofa*) settar fram, ásamt samantekt yfir svörin sem bárust varðandi hvert svæði. Spurningunum var ýmist svarað á vinnustofunum, í tölvupósti eða á rafrænum eyðublöðum þar sem hver sem er gat svarað nafnlaust og tekur samantektin jafnt til allra gerða af svörum. Taka skal fram að ýmsar spurningar brunnu á þátttakendum varðandi verkefnið og friðlýsingar almennt og spunnust út frá þeim gagnlegar umræður á vinnustofunum. Það varð þó til þess að ekki gafst í öllum tilvikum tími til að fara yfir allar spurningarnar.

5.1 Úthérað

Þar sem Múlaþing stefndi á að halda fund í Hjaltalundi um málefni Úthéraðs var ekki haldin eiginleg vinnustofa á netinu varðandi svæðið. Í staðinn voru erindin flutt í opnu streymi á netinu og öllum sem vildu síðan gefinn kostur á að svara spurningunum fjórum rafrænt. Alls tóku 28 þátt í könnuninni, en svör við hverri spurningu voru á bilinu 22 til 26.

5.1.1 Spurning 1

Hvernig væri hægt að samþætta náttúruvernd á svæðinu og eflingu byggða og hvaða tækifæri/ógnir fælust í slíkri nálgun, að ykkar mati?

Í svörunum endurómaði sterkur vilji til að treysta og efla byggð og atvinnuuppbyggingu á svæðinu. Þau sem tjáðu sig um samþættingu náttúruverndar og eflingu byggða voru flest á þeirri skoðun að þessi atriði ættu illa eða ekki saman. Nokkur nefndu tækifæri sem gætu legið í aukinni ferðapjónustu og rannsóknum samhliða náttúruvernd. Sérstaða svæðisins byði upp á ýmis konar náttúruskoðun með leiðsögn, svo sem fuglaskoðun, auk miðlun upplýsinga um náttúru og sögu. Tækifærin gætu t.d. verið til þess að auðga mannlíf á svæðinu, byggja upp innviði og fasteignir, kynna og vernda einstaka náttúru og auka umferð og tekjur á Austurlandi. Þó var bent á að þrátt fyrir að lítil ferðapjónustufyrirtæki sem gera út á t.d. náttúruskoðun, heimaframleiðslu á mat og móttöku skólahópa til rannsókna og fræðslu væru vænlegur kostur, þá væri slík starfsemi viðkvæm og dygði sjaldan fyrir fólk til að ná endum saman.

Mikill meirihluti þátttakenda lýsti yfir áhyggjum af því að í náttúruvernd, líkt og þeirri sem var sett fram í tillögum sveitarfélagsins, gætu falist ógnir fyrir byggð á svæðinu. Hún gæti leitt til árekstra við landbúnað, hefðbundnar nytjar, orkuöflun og nýtingu jarðefna. Í nokkrum svörum var tekið fram að lagaumhverfið sem fylgir friðlýsingum væri of heftandi fyrir íbúa og höfðu þeir þátttakendur m.a. áhyggjur af því að erfitt gæti reynst að breyta búskap eða fara í ýmis konar smáframkvæmdir vegna aukins flækjustigs, auk þess sem erfitt gæti reynst að selja jarðir til fólks sem vill stunda búskap.

Í nokkrum svörum var komið inn á það að friðun einstakra náttúruperla, svo sem Stóruður, sem friðlýst var sumarið 2021,^[5] Þerribjargs og Kóreksstaðavígis, gæti orðið til þess að efla byggð á svæðinu, væri slíkt gert í sátt við landeigendur og þann búskap sem þar væri fyrir. Væri farið í skipulagða uppbyggingu á þeim afmörkuðu svæðum gæti það haft jákvæð áhrif á nærumhverfið. Flest voru sammála um að svæðið í heild sinni ætti þó að haldast ófriðlýst og að friðlýsing svæðisins í heild myndi vinna gegn eflingu byggðar. Byggðina mætti hins vegar efla með betri samgöngum og þjónustu við bændur, ljósleiðara til allra og velvilja til nýsköpunar og vöruþróunar.

5.1.2 Spurning 2

Hvaða hagrænu sviðsmyndir sem lagðar voru fram í verkefninu teljið þið líklegar/æskilegar fyrir svæðið? En ólíklegar/óæskilegar?

Meirihluti þátttakenda taldi sviðsmynd 1 æskilega og jafnframt líklega, þ.e. óbreytt ástand án friðlýsingar og fjölgunar gesta. Næstflest töldu sviðsmynd 2, fjölgun gesta án friðlýsingar, vera æskilega. Í því sambandi var nefnt að á svæðinu væru perlur sem gætu kallað fram „Bieber-áhrif“ og kæmi til þess að ágangur ferðamanna yrði yfiringilegur væri hægt að endurskoða hugmyndir um friðlýsingu á einstaka svæðum, að frumkvæði landeigenda. Í þeim tilvikum væri æskilegt að verða á undan ferðamanninum í að byggja upp innviði og var t.d. Þerribjarg nefnt sem dæmi um svæði líklegt til að verða fyrir „Bieber-áhrifum“. Bent var á að smærri friðlýsingar líkt og sú í Dyfjöllum gætu náð utan um svæðin sem hafa hvað mest verndargildi og þær friðlýsingar síðan nýst sem seglar fyrir svæðið í heild. Þannig væri hægt að ná fram hagrænum áhrifum með miklu minni friðunum.

Sviðsmyndir 3 og 4 voru af flestum þátttakendum taldar óæskilegar. Sá kostur var nefndur að stjórnunar- og verndaráætlun myndi stuðla að náttúru- og minjavernd, en fleiri höfðu áhyggjur af því að friðun myndi ekki fjölga gestum, heldur aðeins letja uppbyggingu með því að lengja ákvarðanaferlið með aðkomu Umhverfisstofnunar til viðbótar við sveitarfélagið. Sú ábending barst að sviðsmynd vantaði sem byggði á fjölgun gesta og innviðauppbýggingu í sátt við náttúruna en án friðlýsinga. Þannig yrði landbúnaður áfram tryggður, en byggðin eflað samhliða áframhaldandi þróun bænda.

5.1.3 Spurning 3

Eftir að hafa hlustað á þessi erindi, hvernig sjáið þið framtíð svæðisins fyrir ykkur?

Meirihluti þátttakenda sá framtíð svæðisins fyrir sér óbreytta eða með eflðri starfsemi, svo sem landbúnaði, ferðaþjónustu og nýsköpun. Í því sambandi benti fólk á mikilvægi bættra samgangna, tengingu ljósleiðara og stuðningi við landeigendur á þeirra forsendum við m.a. sjálfbæran landbúnað, vörusköpun og sölu afurða. Tekið var fram að fjölgun ferðamanna gæti eflt ferðaþjónustu á svæðinu fyrir þau sem vilja stunda hana, en að óvíst væri hvernig ferðaþjónusta myndi þróast á landinu næstu áratugina og því mikilvægt að leggja áherslu á ýmis konar starfsemi og stuðla að eflingu fjölbreyttrar atvinnu á svæðinu. Hjaltalundur var nefndur í því samhengi sem möguleg aðstaða fyrir bændamarkað þar sem heimafólk og gestir gætu komið saman, eða jafnvel sem miðstöð fyrir framleiðslu bænda, með vottuðu eldhúsi sem fólk gæti haft aðgang að, án þess þó að missa hlutverk sitt sem félagsheimili.

Þá var í svörum við þessari spurningu einnig talað um að hægt væri að velja áfangastaði til að draga fólk til svæðisins og um það, t.d. Stóruð sem þegar er mikill segull, Kóreksstaðavígið, Húsey og Þerribjarg. Bændur gætu notið góðs af með því að selja gistingu, leiðsögn, veiði, afurðir beint af býli og margt fleira, án þess að þurfa að hafa áhyggjur af því regluverki sem fylgir friðlýsingum.

5.1.4 Spurning 4

Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?

Flest þeirra sem tjáðu sig í þessari spurningu lýstu yfir vonbrigðum með verkefnið og hvernig að því hefði verið staðið, þ.e. að ekki hefði verið rætt við landeigendur áður en ráðist var í heimildaöflun um svæðið og hagrænar sviðsmyndir. Fólk lýsti yfir áhyggjum af því að verið væri að þvinga upp á það friðlýsingum, drepa niður landbúnað, eyða almannafé, minnka notkunarmöguleika fólks sem á jarðir og rýra eignir þess. Heppilegra hefði verið að tala við ábúendur á svæðinu áður en ráðist var í þetta verkefni og fulltrúar úr sveitunum hefðu átt að vera þátttakendur í því sjálfu, ekki einungis sem þátttakendur á vinnustofum. Það skapaðist því nokkur andstaða við verkefnið sem á sér rætur í andstöðu við friðlýsingar. Því er ljóst að gera verður breytingar á aðferðafræði verkefnisins og afar mikilvægt er að sveitarfélög tilnefni svæði í samráði við þau sem eiga eða nytja land á því.

Þess utan barst ábending um að ef ráðast ætti í uppbyggingu ferðaþjónustu á Úthéraði með náttúruvernd þá þyrfti til þess mikið opinbert fjármagn þar sem innviðir væru veikir og íbúar fáir og samkeppni erfið við orkunýtingu og aðra uppbyggingu sem byði upp á skjótari gróða. Farsælast fyrir svæðið sem heild væri því að vinna með öllum eigendum og ábúendum á svæðinu að framtíðarsýn sem fólk gæti trúað á.

Að lokum barst ábending um að efla þurfi fornleifarannsóknir og miðlun sögulegra upplýsinga á svæðinu, sem myndi verða til þess að styrkja sjálfsmynd svæðisins og sérstöðu.

5.2 Gerpissvæðið

Rúmlega 20 voru á fundinum þegar mest var. Á vinnustofunni svöruðu átta þátttakendur spurningunum og eitt svar til viðbótar barst í gegnum netið að henni lokinni. Nokkrir þátttakendur kusu að tjá sig ekki þegar þeim var gefið orðið og var þeim þá bent á að einnig væri tekið við svörum í tölvupósti.

5.2.1 Spurning 1

Hvernig væri hægt að samþætta náttúruvernd á svæðinu og eflingu byggða í nágrenninu og hvaða tækifæri/ógnir fælust í slíkri nálgun?

Þegar vinnustofan fór fram var friðlýsing svæðisins enn í vinnslu. Meðal þess sem nefnt var um samþættingu náttúruverndar og eflingu byggða var innviðauppbýgging sem væri til þess að koma í veg fyrir óþrifnað og utanvegaakstur, tækifæri í leiðsögn og sala á ýmis konar þjónustu í nærumhverfi. Tækifærin væru þó háð því hver áhugi samfélagsins væri á að gera eitthvað með verndunina og bent var á að ýmislegt væri hægt ef áhugi og metnaður væri til staðar. Þar sem Gerpissvæðið er endastöð væri mikilvægt að hlúa að því og ef vel tækist til gæti það orðið til þess að fleira fólk kæmi til að njóta austasta hluta Austurlands, dvelja þar af leiðandi lengur á fjórðungnum sem myndi þá allur njóta góðs af því.

Flesta þátttakendur grunaði að ferðafólki á svæðinu kæmi til með að fjölga á næstu árum. Fleiri og fleiri svæði austanlands „uppgötvuðust“ á hverju ári og Gerpissvæðið væri það svæði sem byði upp á hvað mest næði, sem margt fólk sæktist einmitt í. Mikilvægt væri að halda vel utan um svæðið til að koma í veg fyrir skemmdir, líkt og á þeim svæðum þar sem innviðirnir hafa engan veginn þolað aukinn ágang sl. ára. Þá myndi upplifun gesta á svæðinu einnig haldast jákvæð þrátt fyrir aukinn fjölda. Bent var á að Gerpissvæðið væri stórt og myndi örugglega bera miklu fleira fólk en nú kemur þangað, án þess að það fólk hætti að finna fyrir því næði sem þar ríkir. Svæðið væri að hluta mjög óaðgengilegt og yrði það líklega alltaf. Þá kom fram að menningarmínjar á svæðinu væru síst minna virði til verndar og kynningar en náttúrufarið og mikilvægt væri að samþætta þessa tvo þætti.

Varðandi ógnanir í sambandi við friðlýsingu svæðisins nefndu þátttakendur áhyggjur af því að regluverkið í kringum leyfisveitingar myndi flækjast og hefðbundin nýting myndi þrengjast. Til væru dæmi um það í fortíðinni. Þó kom fram að þær áhyggjur hefðu farið dvínandi með tímanum þar sem margt hafði lærst á síðustu árum og samskipti stofnanna og sveitarfélaga almennt batnað. Spörin hræddu þó enn og mikilvægt væri að samskipti væru bætt enn frekar og að þau sem hefðu einhverra hagsmuna að gæta ættu alltaf greiða samskiptaleið að þeim sem halda í stjórnartaumana. Þá var bent á að landeigendur hefðu mismunandi framtíðarsýn fyrir svæðið og þeir sem vildu halda því afskekktu og lítt þekktu óttuðust mögulegar breytingar. Að lokum var nefnt að hættur gætu leynst á svæðinu fyrir fólk sem færi þar um án leiðsagnar, á Barðsnesi væri t.a.m. hættu á að lokast inni á svæðum sem farið er um á fjöru, þegar flæðir að. Með aukinni umferð fólks væri mikilvægt að upplýsa um slíkar hættur, t.d. með skiltagerð.

5.2.2 Spurning 2

Hvaða hagrænu sviðsmyndir teljið þið líklegar/æskilegar fyrir svæðið? En ólíklegar/óæskilegar?

Sú sviðsmynd sem almennt var talin ákjósanlegust var sviðsmynd 4 og þátttakendur vonuðust flestir til að sjá verndun og innviðauppbýggingu fara saman með auknum fjölda

fólks sem kæmi að njóta svæðisins á næstu árum. Fram kom að gífurleg og hröð aukning gesta væri afar ólíkleg og sennilega þyrfti ekki að óttast að svæðið lenti í því sama og t.d. Stuðlagil, en samt sem áður þyrfti að byrgja brunninn áður en barnið dettur ofan í og sjá til þess að aðgengi og innviðir (sérstaklega klósettaðstaða) yrðu byggðir upp áður en komið væri að þolmörkum. Skilgreina þyrfti þolmörkin fyrir fram svo þau kæmu að gagni. Bent var á að gestum í Vöðlavík hafði t.a.m. fjölgað mikið á sl. árum og sumir innviðir þar komnir nálægt þolmörkum, en þar sem hún er ekki innan friðlýsingartillagna sem lágu fyrir þegar vinnustofan fór fram, kæmi ríkið ekki að uppbyggingu innviða þar.

Sveitarfélagið, sem stór landeigandi á svæðinu, var hvatt til að leggja sitt af mörkum svo sviðsmynd 4 gæti orðið að veruleika, m.a. þyrfti að reyna að opna svæðið fyrr því ómögulegt mætti teljast að byggja upp þjónustu á svæðinu þegar Vegagerðin opnaði oft ekki inn í Vöðlavík fyrr en í júlí.

Ábending barst að þrátt fyrir að Helgustaðir hafi ekki verið innan svæðisins eins og það var skilgreint í þessu verkefni þá væru þeir með í tillögum að friðlýsingu svæðisins sem lá fyrir þegar vinnustofan fór fram og líklega hefði mátt tífalda áætlaðan fjöldi ferðamanna ef þeir hefðu verið hafðir með í líkaninu í verkhluta II. Það hefði haft mikil áhrif á allar sviðsmyndirnar og þ.a.l. áætluð hagræn áhrif. Auk þess barst sú ábending varðandi Helgustaði að þar þyrfti að vera landvörður í tvo mánuði á ári til að leiðbeina fólki og gæta að hnuplurum, en sorglegt hefði verið að fylgjast með hvarfi silfurbergs af svæðinu sl. ár.

5.2.3 Spurning 3

Eftir að hafa hlustað á þessi erindi, hvernig sjáið þið framtíð svæðisins fyrir ykkur?

Ekki vannst tími til að fara í þessa spurningu á vinnustofunni, en í umræðunum hafði þá þegar komið fram að þátttakendur væru almennt bjartsýnir á framtíð svæðisins. Nefnt var m.a. að fyrirhuguð friðlýsing gæfi tækifæri til að vernda það sem þyrfti að vernda og sjá til þess að það fólk sem fyrir væri á svæðinu yrði ekki fyrir ágangi. Í skilmálunum væri skýrt að hefðbundnar nytjar myndu halda sér, það t.a.m. yrðu ekki breytingar á veiðum. Verndun og vel heppnuð umsýsla svæðisins gæti gefið samfélaginu mikið og ef vel tekst til yrði gaman að sjá það blómstra.

5.2.4 Spurning 4

Er eitthvað annað sem þið viljið koma á framfæri?

Þó ekki hafi unnist tími til að fara í þessa spurningu þá kom nokkrum sinnum fram í umræðunni að fólki fannst eðlilegra að tala um Gerpissvæðið heldur en Barðsnessvæðið, sem var vinnuheiti friðlýsingarinnar á þeim tíma. Sú ábending virðist líka hafa komið fram í umsögnum um tillögu að friðlýsingu svæðisins sumarið 2021 og úr varð að friðlýsta svæðið var kallað Gerpissvæðið.^[6]

5.3 Svæði í nágrenni Djúpavogs

Þátttakendur á vinnustofunni voru níu þegar mest var og tvö svör bárust í gegnum netið. Svör við spurningum áttu í sumum tilfellum við eitt svæðanna, í öðrum við tvö og stundum þróuðust umræðurnar yfir í að fjalla um öll svæðin almennt.

5.3.1 Spurning 1

Eftir að hafa hlustað á þessi erindi, hvernig sjáið þið framtíð svæðanna fyrir ykkur? (Öll saman eða í sitthvoru lagi, hvort sem fólk vill.)

Fram kom að Búlandsnes er mjög mikið notað og þess vegna þætti þátttakendum gaman að sjá þar einhvers konar uppbyggingu innviða, í sátt við náttúruna, samfara friðlýsingu. Náttúrutengd ferðaþjónusta gæti vel gengið þar, með auknum möguleikum á skipulögðum ferðum og með bættu aðgengi fyrir alla, einnig hreyfihamlaða. Ábending barst um að mögulega væri hægt að skapa náttúrulega í fjörunni, með heitu vatni sem borað hefur verið fyrir, sem heimafólk hefði þá greiðan aðgang að um leið og hægt væri að fara í sjósund. Þá var einnig tekið fram að mikilvægt væri að koma upp upplýsingaskiltum um það sem gerir svæðið sérstakt, með leiðbeiningum um hvernig skuli ganga um svæðið svo fuglalíf og annað raskist ekki.

Fram kom að Eyfeyjunes væri í dag nýtt í æðarvarp og að Eyfeyjunestanginn sjálfur þoldi eiginlega engan umgang vegna þess hve bergið er laust í sér. Aukinn umgangur fólks gæti því skapað hættu bæði fyrir gesti og fyrir svæðið sjálft. Eins og staðan væri í dag væri mjög lítil umgangur, flestir stoppuðu bara stutt á áningarstaðnum við Eyfeyjunesvík. Fram komu áhyggjur af því að ef svæðið yrði friðlýst myndi það frekar „uppgötvast“ sem gæti haft í för með sér skemmdir. Til að koma í veg fyrir það þótti óbreytt ástand æskilegt, þ.e.a.s. sviðsmynd 1. Ábending barst um að ef svæðið yrði friðlýst og aðeins gert aðgengilegt í fylgd landvarðar og/eða ábúanda gæti það skapað tækifæri í sérhæfðri ferðaþjónustu fyrir t.d. ljósmyndara og jarðvísindamenn.

Þátttakendur vildu sjá framtíð Álftafjarðar óbreytta, þ.e.a.s. sviðsmynd 1. Starmýrarnar væru óáreittar eins og staðan væri í dag og erfitt að komast þangað og áhugi til að laða að ferðamenn væri ekki til staðar.

5.3.2 Spurning 2

Eins og staðan er núna falla svæðin ekki undir neinn sérstakan verndarflokk, sjáið þið eitthvað jákvætt eða neikvætt við að halda núverandi fyrirkomulagi?

Ef engar stórvægilegar breytingar yrðu á núverandi gestafjölda þótti núverandi fyrirkomulag almennt jákvætt. Landeigendur og ábúendur væru ekki bundnir framkvæmdarleyfum frá Umhverfisstofnun. Kæmi gestum hins vegar til með að fjölga mikið myndi samfélagið standa berskjaldaðra þegar kæmi að mótvægisáðgerðum svæðunum til verndar. Varðandi vernd Eyfeyjunes og varpsins þar fyrir mögulegum auknum ágangi var stungið upp á að endurreisa girðingu sem áður girti tangann af.

Þeir þátttakendur sem tjáðu sig um Álftafjörð sérstaklega sáu ekkert neikvætt við að halda núverandi fyrirkomulagi og lýstu yfir áhyggjum af afskiptasemi utanaðkomandi aðila og mögulegum hindrunum við starfsemi landeigenda ef til friðlýsingar kæmi, sem svarar einnig spurningu 3. Þegar landeigendum var tjáð að land í þeirra eigu yrði aldrei friðlýst þvert á þeirra vilja þá virtust þær áhyggjur þó minnka.

5.3.3 Spurning 3

Ef við ímyndum okkur að friðlýsing sé gengin í garð, sjáið þið einhver tækifæri við það, eða einhverjar ógnanir?

Ekki vannst tími til að fara í þessa spurningu á vinnustofunni. Henni var þó svarað í gegnum netið og þar var m.a. bent á tækifæri í auknu fjármagni við uppbyggingu í kringum viðkvæm svæði og auknum líkum á að ná þannig að byggja upp innviði áður en viðkomandi svæði færðu að láta á sjá, kæmi til fjölgunar ferðafólks. Ógnirnar væru hins vegar þær að þau sem hefðu í hyggju að nýta svæðin væru við friðlýsingu orðin bundin stærra og flóknara regluverki en nú

þegar er til staðar og að með friðlýsingu myndi athygli vera vakin á viðkvæmum svæðum. Í tilfalli Eyfreyjuness var lýst yfir áhyggjum um að óæskileg athygli gæti t.d. aukið hættu á stuldi á steindum, óafturkræfu raski á ásýnd landsins og fælingu fugla í varpi.

5.3.4 Spurning 4

Hvernig væri nýtingu og umsjón svæðanna best borgið, að ykkar mati?

Samkvæmt svörum sem bárust í gegnum netið og af svörum við fyrri spurningum mátti draga þá ályktun að þátttakendum þótti nýtingu og umsjón svæðanna best borgið í höndum þeirra sem búa á þeim. Áhyggjum var lýst yfir því að fólk á svæðunum og í næsta nágrenni þeirra myndi missa áhrif sín til miðlægra valda, sem væru landfræði- og hugsjónarlega fjarlæg heimafólki, ef til friðlýsingar kæmi.

Á vinnustofunni lýstu nokkrir þátttakendur yfir áhyggjum af því að friðlýsingar almennt gætu leitt til skerðingar á rétti og frelsi landeigenda og ábúenda. Nokkrir þátttakenda lýstu einnig yfir andstöðu við að sveitarfélagið skuli hafa stungið upp á að Álftafjörður og Eyfreyjunes væru tekin fyrir í þessu verkefni, án þess að tala við viðeigandi hagsmunaaðila. Tekið var fram að það gæti skilist eins og sveitarfélagið treysti þessum aðilum ekki til að sjá um svæðin og þröngva ætti friðlýsingu áfram, þvert á vilja þeirra. Það er því ljóst að til að koma í veg fyrir misskilning verða sveitarfélög, sem hyggjast stinga upp á svæðum við Umhverfisráðuneytið til þátttöku í þessu verkefni, að gera það í samráði við alla hagsmunaaðila.

5.4 Umræður verkhluta III

5.4.1 Lærdómur af vinnustofum

Vinnustofurnar fóru að mestu leyti fram án tæknilegra vandamála. Þó ýmsir kostir fylgi því augljóslega að halda snertifundi þar sem fólk hittist, þá geta rafrænir viðburðir orðið til þess að fólk sem myndi alfarið missa af viðkomandi fundi geti fylgst með erindum þegar því hentar og tekið þátt skriflega og nafnlaust, hvaðan af úr heiminum sem er. Fjarfundir og rafrænar kannanir geta þannig náð til fleira fólks, þó vissulega geti þær einnig útilokað vissa hópa.

Áhersla vinnustofanna í þessu verkefni var á möguleg hagræn áhrif svæðanna, kæmi til friðlýsinga og/eða fjölgunar gesta, þó sannarlega hafi svæðin ýmis konar áhrif, hvort sem þau eru friðlýst eða ekki, t.d. samfélagsleg og tilfinningaleg. Eins og dæmin sanna þá geta svæði hér á landi, sem eru sérstök að einhverju leyti, skyndilega orðið mjög vinsæl og dregið til sín mikinn fjölda gesta. Því geta fylgt bæði tækifæri og ógnanir og fer það eftir aðstæðum og aðgerðum hverju sinni, hvernig til tekst að vernda þessi svæði og taka á móti gestunum. Ferðafólki á Austurlandi hefur fjölgað mikið sl. ár, líkt og annars staðar á landinu,^[15] ef frá eru talin misserin eftir upphaf Covid-19 faraldursins. Samfara því hefur orðið viðhorfsbreyting, þar sem fólk sér ýmis sóknarfæri og margs konar nýsköpun hefur sprottið upp. Það endurspegladist í þeim ýmsu tækifærum sem rædd voru á vinnustofunum. Þeirra á meðal voru sala á ferðum með leiðsögn, rannsóknir og miðlun upplýsinga um náttúru og menningarminjar, vörusköpun og innviðauppbýgging. Dæmin sanna þó einnig að þessum breytingum fylgja nýjar áskoranir og helst hafði fólk áhyggjur af ágangi og skemmdum vegna skorts á innviðum, ef til mikillar fjölgunar ferðafólks kæmi. Þá voru skiptar skoðanir á því hvort best væri að bregðast við auknum ágangi með friðlýsingu og innviðauppbýggingu á þeim svæðum sem fólki voru kær, eða með því að halda núverandi fyrirkomulagi óbreyttu og leitast við að halda viðkvæmum náttúruyfyrirbrigðum utan vitundar ferðafólks. Hvor leiðin var talin ákjósanlegri

valt að miklu leyti á því hversu miklar líkur voru taldar á hinum svokölluðu „Bieber-áhrifum“ og hvernig svæðin voru í stakk búin til að takast á við þau.

Skiptar skoðanir voru á því hvort friðlýsing var talin henta svæðunum, en ekki var farið í umræður um mismunandi gerðir friðlýsinga. Þátttakendur á Úthéraðsfundinum voru almennt sammála um að friðlýsing alls svæðisins hentaði ekki, en margir nefndu friðlýsingu minni svæða innan Úthéraðs sem mögulegan kost til að ná fram auknum hagrænum áhrifum í ferðaþjónustu og ýta undir nýsköpun. Þátttakendur á Gerpissvæðisfundinum voru almennt sammála um að friðlýsing hentaði svæðinu vel. Miklar líkur voru taldar á að ferðafólki á svæðinu kæmi til með að fjölga á næstu árum, óháð friðlýsingu og að þá kæmi verndun svæðisins því vel. Af svæðunum í kringum Djúpavog sáu þátttakendur helst tækifæri í sambandi við mögulega friðlýsingu Búlandsness, t.d. með gerð hentugra göngustíga og upplýsingaskilta, sem myndu auka útivistargildi og notkunarmöguleika svæðisins. Lítill áhugi var á samþættingu náttúruverndar og byggðaþróunar varðandi hin svæðin við Djúpavog og töldu þátttakendur viðkvæma hluta svæðanna ekki geta tekið við miklum ágangi, þrátt fyrir mögulega uppbyggingu. Æskilegt væri því að leitast við að halda svæðunum af vinsældarlista ferðafólks.

Nokkuð algengt var að friðlýsingar almennt teldust ógna byggðaþróun á svæðunum og töldu sumir þátttakendur jafnvel umræðuvettvang þessa verkefnis vera ógn. Mikilvægt er að draga úr slíkri tortryggni með auknu samráði allra hagsmunaaðila og byggja upp gagnkvæmt traust. Til þess þarf að auka upplýsingaflæði og gegnsæi og leggja áherslu á aukið samtal milli stjórn-sýslu og hagsmunaaðila strax á allra fyrstu stigum hvers verkefnis. Innendar og erlendar rannsóknir hafa sýnt að náttúruvernd getur stuðlað að eflingu byggða^[20–24] og ástæða er til að greina í þau hvernig hún styður við byggðaþróun þar sem vel hefur tekist til^[48] og setja þær upplýsingar fram á aðgengilegan hátt svo hægt sé að bera aðstæður saman á milli mismunandi svæða og taka upplýstar ákvarðanir.

5.4.2 Lærdómur af verkefninu

Heimildavinnan í verkhluta I reyndist almennt góður undirbúningur fyrir næstu verkhluta, enda mikilvægt að skilgreina gæði svæðisins. Þau sem að verkefninu komu voru sammála um að slík samantekt á m.a. náttúru, menningu og landnotkun svæðis gæti komið að góðum notum sem forkönnun í undirbúningsvinnu við könnun friðlýsingarmöguleika, eða jafnvel nýst í ýmislegt annað þar sem hentugt væri að hafa ítarlegar upplýsingar um viðkomandi svæði aðgengilegar á einum stað. Þá væru náttúrustofur tilvaldar til að vinna slíkar samantektir, í samvinnu við sveitarfélög eða hagsmunaaðila.

Meginmarkmið verkefnisins var að greina möguleg hagræn áhrif eins og þau voru sett fram í verkhluta II og þar með hugsanleg jákvæð áhrif á byggðir. Því var áhugavert að sjá að á vinnustofunum í verkhluta III virtust hagræn áhrif gjarnan vera aukaatriði, þar sem fólk einblíndi frekar á hag svæðanna og landeigenda en hægræn áhrif. Framtíðarspár líkt og þær sem settar voru fram í verkhluta II geta heldur aldrei orðið annað en leikur að tölum og til að mynda kom fram ábending um að gestafjöldi á einu svæðinu við Djúpavog hafi verið gróflega ofmetinn. Þó greining hagrænna áhrifa hafi ekki byggt á ítarlegri talningu og stöðu hvers svæðis fyrir sig gaf hún engu að síður hugmynd um það hvernig áhrifin gætu orðið m.v. ólíkar sviðsmyndir og miðað við ólíkar aðstæður á friðlýstum svæðum á Íslandi, sbr. t.d. almenna líkanið og svo aðstæður við Hvítserk og Laka (sjá töflu 1, bls. 11).

Rannsóknir hafa sýnt að friðlýsing svæða getur ekki einungis leitt til efnahagslegs ágóða^[20–22] heldur getur hún haft jákvæð áhrif á sjálfsmynd og ímynd byggða í nágrenni þeirra.^[18] Því er nauðsynlegt að kynna vel niðurstöður rannsókna um samþættingu náttúruverndar og byggðapróunar almennt, erlendis og hérlendis, sbr. erindi Þorvarðs Árnasonar frá Rannsóknarsetri Háskóla Íslands á Höfn. Þá er einnig mikilvægt að hagsmunaaðilar þekki vel mismunandi gerðir friðlýsinga og hvað þær fela í sér, eins og Lilja Bjarnadóttir og Ingibjörg Marta Bjarnadóttir frá Umhverfisstofnun gerðu grein fyrir á vinnustofunum. Verkefninu, sem hugsað var sem ný nálgun á möguleg tækifæri og ávinning af friðlýsingu svæða og samráðsvettvangur milli sveitarfélaga, landeigenda og almennings, hætti í sumum tilfellum til að vera tekið sem yfirgangur yfirvaldsins yfir landeigendur, án samráðs við þá. Algengt var að landeigendur hefðu áhyggjur af því að það ætti að friða þeirra land þvert á þeirra vilja, þegar verkefnið snerist einmitt um að kanna vilja, í samstarfi við sveitarfélög. Á þeim svæðum þar sem friðlýsingarferli var komið af stað var þessi misskilningur hins vegar ekki eins áberandi, sem undirstrikar mikilvægi samráðs og upplýsingagjafar á öllum stigum.

5.5 Lokaorð verkhluta III

Á vinnustofunum komu fram ólíkar skoðanir, fjölbreytileg framtíðarsýn og mismunandi tækifæri og ógnanir. Vantraust til stjórnsýslunnar sem tekur við í kjölfar friðlýsinga var áberandi meðal þátttakenda. Vinnustofurnar voru að okkar mati mikilvægasti hluti verkefnisins vegna samtalsins sem þar átti sér stað. Margt hefur gerst á sl. árum í samþættingu náttúruverndar og byggðapróunar og margar rannsóknir verið birtar. Mikilvægt er að efla upplýsingaflæði og samráð svo tækifæri renni ekki úr greipum og brugðist verði við ógnunum tímanlega. Verkefni líkt og þetta getur nýst við að koma af stað samtali, kynna niðurstöður rannsókna á náttúruvernd og byggðapróun og kynnast framtíðarsýn og hugmyndum fólks varðandi svæði í þeirra samfélagi.

Nauðsynlegt er að bæta þetta verkefni með tilliti til þeirrar reynslu sem hefur verið aflað. Mikilvægt er að sveitarfélög eða aðrir hlutaðeigandi kanni fyrst hvort áhugi fyrir friðlýsingu sé til staðar og tilnefni síðan svæði í samráði við alla hagsmunaaðila, áður en hafist er handa við heimildaöflun, líkt og í verkhlutum I og II þessa verkefnis. Þá er æskilegt að sjónum sé beint að svæðum sem ekki eru í friðlýsingarferli samhliða verkefninu, enda sýndi það sig að það ruglar fólk. Í fljótu bragði virðist sem að hagræn áhrif séu ekki meginhvati fyrir friðlýsingu svæða, heldur miklu frekar umhyggja fyrir svæðunum sem ýmist birtist í því að fólk vilji ekki friðlýsa svæði í þeirri von að þannig uppgötivist þau síður, sbr. t.d. svæði við Djúpavog, eða fólk styðji friðlýsingu í þeirri von að farið verði í markvissa uppbyggingu innviða sem geti verndað viðkvæm svæði, sbr. t.d. Gerpissvæðið.

6 Þakkir

Verkefnið hefði ekki verið gerlegt nema með mikilli og góðri hjálp og viljum við þakka öllum sem hafa lagt verkefninu lið kærlega fyrir.

Jukka Siltanen þróaði almenna MGM2 líkanið sem notað var í þessari rannsókn. Hann var auk þess óþreytandi við að svara ótal fyrirspurnum, bæði á fjarfundum og í tölvupóstum, af nákvæmni og jákvæðni.

Elísabet Sigurðardóttir, fyrir hönd Laufeyjar Ólafsdóttur, lét í té gögn um gistinætur og hestaferðir í Húsey og Ingibjörg Jónsdóttir sendi okkur gögn um fjölda nafna í gestabókum við gönguleiðir á Úthéraði. Sævar Guðjónsson og Ína Dagbjört Gísladóttir aðstoðuðu við mat á

fjölda ferðamanna á Gerpissvæðinu og Árni Páll Ragnarsson sendi okkur gögn um gistitekjur í gistiskálanum á Karlsstöðum. Rúnar Matthíasson og Andrés Skúlason aðstoðuðu við mat á fjölda ferðamanna á svæðunum sem voru til umfjöllunar í nágrenni Djúpavogs.

Náttúrustofa Suðausturlands setti fram sviðsmyndirnar fjórar sem notaðar voru í þessu verkefni og gaf leiðbeiningar um skipulag vinnustofanna. Ingibjörg Marta Bjarnadóttir, Lilja Bjarnadóttir og Þorvarður Árnason fluttu erindi á vinnustofum. Stefán Bogi Sveinsson og Jóna Árný Þórðardóttir héldu kynningar á fundinum fyrir Úthérað. Fulltrúar sveitarfélaganna aðstoðuðu við undirbúning og framkvæmd vinnustofanna, lásu yfir skýrslur verkefnisins og gáfu góðar ábendingar.

Síðast en ekki síst viljum við þakka öllum þeim sem tóku þátt í vinnustofunum kærlega fyrir framlag þeirra til verkefnisins.

7 Heimildir

- 1 Þingskjal nr. 1242/2017–2018. Þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024.
- 2 Umhverfis-og Auðlindaráðuneytið. 2019. *Greining tækifæra og ávinnings af friðlýsingu svæða á Austurlandi*. Sótt í desember 2019 á <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2019/04/04/Greining-taekifaera-og-avinnings-af-fridlyssingu-svaeda-a-Austurlandi/>.
- 3 Náttúrufræðistofnun Íslands. Án árs. *Náttúruminjaskrá*. Sótt í desember 2019 á <https://www.ni.is/midlun/naturuminjaskra>.
- 4 Umhverfisstofnun. Án árs. *Náttúruminjaskrá*. Sótt í desember 2019 á <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/naturuminjaskra/>.
- 5 Umhverfisstofnun. 2021. *Stóruð og svæði norðan Dyrfjalla*. Sótt í október 2021 á <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/storurd-og-svaedi-nordan-dyrfjalla/>.
- 6 Umhverfisstofnun. 2021. *Gerpissvæðið*. Sótt í október 2021 á <https://ust.is/nattura/naturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/austurland/gerpissvaedid/>.
- 7 Guðrún Óskarsdóttir, Hlynur Ármannsson, Kristín Ágústsdóttir, Skarphéðinn G. Þórisson. 2020. *Náttúruvernd og efling byggða. Áfangaskýrsla úr verkhluta I – Val og lýsing svæða*. Náttúrustofa Austurlands.
- 8 Guðrún Óskarsdóttir, Kristín Ágústsdóttir. 2021. *Náttúruvernd og efling byggða Áfangaskýrsla úr verkhluta II – Hagrænar sviðsmyndir*. Náttúrustofa Austurlands.
- 9 Umhverfisstofnun. 2019. *Handbók um stjórnun friðlýstra svæða í umsjón Umhverfisstofnunar*. Umhverfisstofnun.
- 10 Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br.
- 11 Umhverfis-og Auðlindaráðuneytið. Án árs. *Friðlýsingarflokkar*. Sótt í ágúst 2020 á <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-naturuvernd/naturuvernd/fridlyssingar/fridlyssingarflokkar/>.
- 12 Ferðamálastofa. Án árs. *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum 2018*. Sótt í ágúst 2020 á <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/Frettamyndir/2018/oktober/ferdatjonusta-a-islandi-i-tolum-2018-6.pdf>.
- 13 Ferðamálastofa. 2010. *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum*. Febrúar 2010. Sótt í ágúst 2020 á https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjonusta_i_tolum_febr2010-1-.pdf.
- 14 Samtök Ferðapjónustunnar. 2019. *Aðalfundur SAF 2019. Ársskýrsla 2018-2019*. Samtök ferðapjónustunnar.
- 15 Ferðamálastofa. Án árs. *Ferðapjónusta á Íslandi í tölum – Sumar 2019*. Sótt í ágúst 2020 á <https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/talnaefni/ferdatjonusta-i-tolum/2019/september/sumar-2019-3.pdf>.

- 16 World Commission on Protected Areas (WCPA). 1998. *Economic Values of Protected Areas. Guidelines for Protected Area Managers*. IUCN, Gland, Switzerland & Cambridge, UK.
- 17 Sandra Wall Reinius, Peter Fredman. 2007. Protected areas as attractions. *Annals of Tourism Research*, 34, 839–854.
- 18 Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. 2019. *Náttúruvernd og byggðapróun: Áhrif verndarsvæða á grannbyggðir*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- 19 Office of Social Science, Socio-Economic Studies Division. 1990. *The Money Generation Model*. Denver, CO.
- 20 Jukka Siltanen. 2017. *Economic Impact of National Parks in Iceland; Case Study of Snæfellsjökull National Park*. M.Sc. ritgerð. Háskóli Íslands.
- 21 Jukka Siltanen. 2018. *Economic impact of Iceland's protected areas and nature-based tourism sites*. Skýrsla til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- 22 Jukka Siltanen. 2019. *Economic impact of Hafnarhólmi Bird Colony in Borgarfjörður Eystri*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.
- 23 Liisa Kajala. 2012. TEEB Nordic case: Estimating local economic benefits of visitors' spending in protected areas. Í: Kettunen o.fl., *Socio-economic importance of ecosystem services in the Nordic Countries – Scoping assessment in the context of The Economics of Ecosystems and Biodiversity (TEEB)*. Nordic Council of Ministers, Copenhagen. Aðgengilegt á: www.TEEBweb.
- 24 Lynne Koontz, Catherine Cullinane Thomas, Pamela Ziesler, Jeffrey Olson, Bret Meldrum. 2017. Visitor spending effects: assessing and showcasing America's investment in national parks. *Journal of Sustainable Tourism*. 25, 1865–1876.
- 25 Daniel Stynes, Dennis B. Propst, W. Chang, Y. Sun. 2000. *Estimating Economic Impacts of National Park Visitors; Money Generation Model 2 - MGM2*. National Park Service & Michigan State University.
- 26 Rannveig Ólafsdóttir, Lilja Jóhannesdóttir, Kristín Hermannsdóttir. 2020. *Náttúruvernd og efling byggða (C9). Annar verkhluti: Hagrænar sviðsmyndir*. Náttúrustofa Suðausturlands.
- 27 Jukka Siltanen. 2020. *MGM2 líkan miðað við hinn almenna ferðamann*. Excel skjöl í tölvupósti frá Jukka Siltanen þann 12. febrúar 2020.
- 28 Karítas Ísberg, Ragnar Már Jónsson, Sóley Kristinsdóttir. 2019. *Stuðlagil. Áfangastaður í mótun*. Rannsóknamiðstöð ferðamála.
- 29 Peter Fredman, Lisa Hörnsten Friberg, Lars Emmelin. 2007. Increased visitation from national park designation. *Current Issues in Tourism*. 10, 87–95.
- 30 Riikka Puhakka. 2008. Increasing role of tourism in Finnish national parks. *Fennia*. 186, 47–58.
- 31 Katharine R. E. Sims, Jonathan R. Thompson, Spencer R. Meyer, Christoph Nolte, Joshua S. Plisinski. 2019. Assessing the local economic impacts of land protection. *Conservation Biology*. 33, 1035–1044.

- 32 Anthony Waldron, Vanessa Adams, James Allan, Andy Arnell, Greg Asner, Scott Atkinson, o.fl. 2020. *Protecting 30% of the planet for nature: costs, benefits and economic implications. Working paper analysing the economic implications of the proposed 30% target for areal protection in the draft post-2020 Global Biodiversity Framework*. Sótt í október 2020 á https://www.conservation.cam.ac.uk/files/waldron_report_30_by_30_publish.pdf.
- 33 Sue Stolton, N. Dudley, B. Avcioglu Çokçalışkan, D. Hunter, K. Z. Ivanić, E. Kanga o.fl. 2015. Values and benefits of protected areas. Í: G.L. Worboys, M. Lockwood, A. Kothari, S. Feary, I. Pulsford (ritstj.), *Protected Area Governance and Management*, bls. 145–168. ANU Press, Canberra, Australia.
- 34 Lilja Jóhannesdóttir, Rannveig Ólafsdóttir, Kristín Hermannsdóttir. 2021. *Náttúruvernd og efling byggða (C9). Þriðji verkhluti: Sóknarfæri og þróun svæðis*. Náttúrustofa Suðausturlands.
- 35 Þorvarður Árnason, Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir, Snævarr Guðmundsson, Huguína Harpa Reynisdóttir, Kristín Hermannsdóttir. 2020. *Breiðamerkursandur: Viðauki við stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs. Greinargerð um tillögu svæðisráðs suðursvæðis*. Vatnajökulspjóðgarður.
- 36 Fljótsdalshérað. 2020. *Náttúruverndarnefnd – 16. fundur – 20.01.2020*. Fundargerð sótt í mars 2020 á <https://www.fljotsdalsherad.is/is/stjornsysla/fundargerdir/natturuverndarnefnd/1339>.
- 37 Umhverfisstofnun. 2019. *Friðlýsingar í vinnslu / Heyskálar, Hrafnabjörg og Unaós*. Sótt í desember 2019 á <https://www.ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/heyskalar-hrafnabjorg-og-unaos/>.
- 38 Ríkiseignir. Án árs. *Jarðvefsjá Ríkiseigna*. Birt með leyfi Ríkiseigna, sótt í mars 2020 á <https://www.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=327c7bb533714e86989c2ef927edd4b2>.
- 39 Fasteignamat. 2013. *Jarðamerki – Nytjaland*. Landupplýsingagögn afhent 2013.
- 40 Samsýn. Án árs. *Samsýn Grátónakort*. Hlaðið niður af ArcgisOnline í mars 2020. Kortið byggist á gögnum frá Samsýn, LMÍ, LUKR o.fl.
- 41 Ármann Halldórsson (ritstj.). 1976. *Sveitir og jarðir í Múlapingi, III. bindi*. Reykjavík, Búnaðarsamband Austurlands.
- 42 Skógræktin. 2020. *Ræktað skóglendi á Íslandi*. Sótt í mars 2020 á <http://iceforestservice.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=654c938f6f404627966fca5e33fe5b61>.
- 43 Héraðs-og Austurlandsskógar. 2016. *Ársskýrsla 2015*. Sótt í mars 2020 á <https://www.skogur.is/static/files/utgafa/arsskyrslur-landshlutaverkefna/herads-og-austurlandsskogar/herads-og-austurlandsskogar-2015.pdf>.
- 44 Strengir. Án árs. *Jökla I og Fögruhlíðará*. Sótt í desember 2019 á <http://www.strengir.is/joklaiogfogrulhidara/>.
- 45 Ingi Rúnar Jónsson, Friðþjófur Árnason. 2019. *Fiskirannsóknir á vatnasviði Lagarfljóts og Gilsár 2018*. Haf og vatnarannsóknir. Hafrannsóknastofnun.

- 46 Vegagerðin. Án árs. *Námuskrá – vefsjá*. Sótt í desember 2019 af:
<http://namur.vegagerdin.is/>.
- 47 Visit Egilsstaðir. Án árs. *Farfuglaheimilið Húsey*. Sótt í desember 2019 á
<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/husey-hostel>.
- 48 Visit Egilsstaðir. Án árs. *Ekra Cottages*. Sótt í desember 2019 á
<http://www.visitegilsstadir.is/is/gisting/ekra-cottages>.
- 49 Geirastaðir 2. Án árs. *Geirastaðir 2 - Horse training, breeding and horse riding tours in East Iceland*. Sótt í júní 2020 á <http://ridingtours-geirastadir-eng.weebly.com/>.
- 50 Hótel Svartiskógur. 2014. *Velkomin í Svartaskóg*. Sótt í desember 2019 á
<https://www.svartiskogur.is/>.
- 51 Ferðafélag Fljótsdalshéraðs. Án árs. *Perlur Fljótsdalshéraðs*. Sótt í maí 2020 á
<https://www.ferdaf.is/index.php/is/perlur>.
- 52 Inga Fanney Travels. Án árs. *Dyrfjallahlaup*. Sótt í mars 2020 á
<https://ingafanney.com/dyrfjallahlaup>.
- 53 Orkusalan. Án árs. *Lagarfossvirkjun*. Sótt í desember 2019 á
<https://www.orkusalan.is/virkjun/lagarfossvirkjun>.
- 54 Rúnar Snær Reynisson. 2018. *Orkusalan vill reisa vindmyllur á Úthéraði*. Frétt 26. febrúar 2018. Sótt í mars 2020 á <https://www.ruv.is/frett/orkusalan-vill-reisa-vindmyllur-a-utheradi>.
- 55 Fuglavernd. 2018. *Úthérað – mikilvægt fuglasvæði og virkjun vindorku*. Sótt í desember 2019 á <https://fuglavernd.is/tag/vindmyllur/>.
- 56 EFLA. 2019. *Lagarfossvirkjun og nágrenni – breyting á deiliskipulagi vegna áforma um vindorkunýtingu*. Sótt í mars 2020 á
<https://www.fljotsdalsherad.is/static/files/skipulag/lagarfosseflavindorka.pdf>.
- 57 Orkustofnun. 2016. *Leyfi til handa Iceland Resources ehf. til leitar og rannsókna á málmum í Vopnafirði og við Héraðsflóa 2016-2021*. Sótt í mars 2020 á
<https://orkustofnun.is/orkustofnun/leyfisveitingar/utgefin-leyfi/>.
- 58 Náttúrufræðistofnun Íslands. 2018. *Náttúruminjaskrá – vefsjá*. Sótt í desember 2019 á
<https://natturuminjaskra.ni.is/>.
- 59 Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Borgný Katrínardóttir, Guðmundur A. Guðmundsson, Svenja N. V. Auhage. 2016. *Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi*. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar Nr. 55. Leiðrétt rafræn útgáfa. Sótt í mars 2020 á http://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_55.pdf.
- 60 Arngrímur Viðar Ásgeirsson, Freyr Ævarsson, Hafþór Snjólfur Helgason, Óðinn Gunnar Óðinsson, Tjörvi Hrafnkelsson. 2010. *Dyrfjöll – Náttúrugarður – Verkefnislýsing*. Dyrfjallaklasinn.
- 61 Ásta Þorleifsdóttir. 2011. Dyrfjöll náttúrugarður – verðug viðurkenning á einstöku landsvæði. *Glettingur*, 21, 24–26.
- 62 Fljótsdalshérað. 2018. *Greinargerð til bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs frá undirbúningshópi um fræðasetur Jóns lærða og nýtingu læknishúsins á Hjaltastað og Hjaltalundi*. Sótt í janúar 2020 á:

https://www.fljotsdalsherad.is/static/files/Skjol/ymsar_skyrslur/greinargerð-fra-undirbuningshopi-um-fraedasetur-jons-laerda-og-nytingu-laeknishusinu-a-hjaltastad-og-hjaltalundi.pdf.

- 63 Orri Vésteinsson, Sædís Gunnarsdóttir. 1998. *Menningarminjar á Fljótsdalshéraði og Borgarfirði eystra – svæðisskráning FS072-98081*. Fornleifastofnun Íslands.
- 64 Fljótsdalshérað, Alta. 2009. *Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008 – 2028*. Greinargerð. Fljótsdalshérað.
- 65 Náttúrufræðistofnun Íslands. 2019. *Útbreiðsla alaskalúpínu á Íslandi. 3. útgáfa*. Landupplýsingar sóttar af niðurhalssíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands í febrúar 2020.
- 66 Landsvirkjun. 2014. *Umhverfisskýrsla 2014 – Náttúra og ásynd / rof og setmyndanir*. Sótt í janúar 2020 á <https://umhverfisskyrsla2014.landsvirkjun.is/nattura-og-asynd/rof-og-setmyndanir>.
- 67 Landgræðslan. Án árs. *Kortasjá Landgræðslunnar*. Sótt í maí 2020 á <http://luklgr.maps.arcgis.com/apps/webappviewer/index.html?id=6fcd75b9afb5475fadcea81685346751>.
- 68 Landgræðslan. 2015. *Héraðsáætlanir - Austurland*. Sótt í maí 2020 á https://land.is/wp-content/uploads/2018/02/Heradsaaetlanir_2015_Austurland_.pdf.
- 69 Rúnar Ingi Hjartarson. 2019. *Gróðurstyrking í Húsey - Framkvæmdir og framvinda 2019 - Tillaga að áætlun 2020*. Landgræðslan.
- 70 Elín Fjöla Þórarinsdóttir, Sigurjón Einarsson. 2012. *Skráning á landbroti á bökkum Lagarfljóts og Jökulsár í Fljótsdal*. Landgræðslan.
